

**SKOÐUN** Sameinaður hæstiréttur er skynsamlegri lausn en nýtt millidómstig segir Skúli Magnússon. 26



**MENNING** Stefanía Ósk Arnardóttir rekur fyrirtæki sem prentar Instagram-myndir á púða, límmiða og segla. 62



**SPORT** Sveinbjörg Zophoníasdóttir er komin út úr skugganum og átti frábæran júnímánuð. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
4. júlí 2013
155. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



## Óvenjuleg atvinnugrein

Jökull Jónasson vinnur fyrir sér með því að keppa í tölvuleiknum Starcraft 2. Snerpa og færni til að gera margt í einu skiptir öllu máli í leiknum, segir Jökull. 2

**Óttast um störf á Ísafirði** 120 Ísfirðingar gætu misst vinnuna ef rækjuvótinn skiptir um hendur. 4

**Færri í fóstureyðingu** Fóstureyðingum hjá yngsta aldurshópi kvenna hefur fækkað um tæp 60 prósent síðan árið 2000. 6

**Ræða sjúkraskrár** Landlæknir og lýtalæknar funda í dag um skil á sjúkraskrám til embættisins. 12

# Verktakabrask skildi ÍLS eftir í skuldasúpu

Mikill hluti af milljarðatapi Íbúðalánasjóðs er rakinn til lána sjóðsins til verktaka og leigufélaga. Rannsóknarnefnd Alþingis segir verktaka hafa getað grætt á byggingu íbúða sem engin þörf var fyrir. Íbúðalánasjóður hafi síðan „setið í súpunni“.

**EFNAHAGSMÁL** Verktakar og leigufélög notfærðu sér slæma umgjörð Íbúðalánasjóðs, segir Rannsóknarnefnd Alþingis. Mikill hluti af tapi sjóðsins var vegna lána til þessara félaga.

Íbúðalánasjóður lánaði leiguaðilum og byggingaverktökum allt að 90 prósent af viðmiðunarkostnaði húsnæðis án þess að kanna hvort markaður væri fyrir slíkar byggingar. Íbúðalánasjóður bar nánast alla ábyrgð á fjárfestingunni því ekki þurfti ábyrgðaryfirlýsingu frá viðurkenndri fjármálastofnun.

Byggingaverktakar gátu smíðað íbúðir fyrir lægri fjárhæð en Íbúðalánasjóður miðaði við þar sem sjóðurinn reiknaði viðmiðunarverð á leiguhúsnæði út frá fjölda fermetra en ekki leiguverði. Leigufélög, sem voru í eigu byggingaverktaka, gátu þannig grætt verulega á byggingu leiguíbúða óháð því hvort þörf væri á íbúðum eða hvort nokkur íbúð yrði leigð út.

„Leigufélagið greiddi byggingaverktakanum (sem sami maður átti) andvirði lánsins og hann græddi 5 prósent af áætluðum byggingarkostnaði. Þá var búið að loka fléttunni sem gaf gróða og leigufélagið gat farið í þrot og Íbúðalánasjóður tók bygginguna upp í skuldir. Íbúðalánasjóður sat í súpunni,“ segir í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. „Húsbyggjandinn gat horfið á braut með gróðann sem hann hafði náð út úr dæminu.“

> **Þá var búið að loka fléttunni sem gaf gróða og leigufélagið gat farið í þrot og Íbúðalánasjóður tók bygginguna upp í skuldir.**
> *Rannsóknarnefnd Alþingis*

- le, gar / sjá síðu 8 og 10

Eygló Harðardóttir:
## Vill mynda verkefnastjórn

**ALÞINGI** Eygló Harðardóttir ráðherra segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að næstu skref í málefnum Íbúðalánasjóðs séu að skipa verkefnastjórn með þverpólitíska samvinnunefnd.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Skýrsla rannsóknarnefndar leiddi í ljós margvísleg mistök og þau alvarlegustu kostuðu þjóðina milljarða króna. Ekki sér enn fyrir endann á þeim kostnaði og segir Eygló brýnt að reyna að lágmarka þann skaða.

Jafnframt sé það hlutverk Alþingis að álykta um hvort sækja beri fyrrverandi stjórnendur og aðra hlutaðeigandi til saka, hafi þeir brotið lög. Hún segir skýrsluna áfellisdóm yfir stjórnmálamenningunni sem hafi verið einkennandi á Íslandi síðustu ár.

- mlþ / sjá síðu 10





24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | NA | 6 |
| Akureyri | 10° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 9° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | NA | 5 |
| Reykjavík | 13° | NA | 3 |

**NORÐAUSTAN** 8-13 m/s í dag og rigning sunnan- og austan til. Skúrir V-til síðdegis en úrkomuminna N-lands. Hiti 10-15 stig, mildast SV-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Útilegan | Fólk







**GRÍNAÐ Á GÖTUM ÚTI** Götuleikhús Hins hússins undirbýr sig hér fyrir glens dagsins. Hóparnir eru fyrir löngu orðnir órjúfanlegur þáttur í þeirri miklu sumargleði sem grípur um sig í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk matseld í Englandi:
## Opna Búlluna aftur í London

**FÓLK** „Stemningin er svolítið öðruvísi hér en hún er heima enda er kúnnahópurinn annar,“ segir Róbert Aron Magnússon. Róbert opnar nýja „Búllu“ í London í lok mánaðarins ásamt Valgarð Sörensen.



RÓBERT ARON MAGNÚSSON

„Hingað kemur fólk til að fara út að borða á kvöldin og kemur kannski með flotta rauðvínsflösku með sér,“ segir Róbert um nýja staðinn sem verður í Thayer Street í Marylebone-hverfinu.

Eigandi Hamborgarabúllunnar, Tómas Tómasson, verður viðstaddur opnun nýja staðarins „Hann verður þó ekki í eldhúsinu heldur ætlar að skemmta gestunum,“ segir Róbert.

- sm / sjá síðu 62

Skógræktarfélag Íslands og skátarnir í viðræðum við kaþólsku kirkjuna:
## Benediktamunkar á Úlfljótsvatn

**MANNLÍF** „Við höfum verið í viðræðum við kaþólsku kirkjuna um að fá munkareglu að Úlfljótsvatni,“ upplýsir Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, sem á hálfa jörðina að Úlfljótsvatni, kirkjuna, íbúðarhús og útihús.

Magnús segir litið til Benediktareglunnar, þar skipti munkarnir sólarhringnum jafnt milli iðkunar trúar, vinnu og hvíldar.

„Reglan gæti gæti fengið leigða hjá okkur aðstöðu í íbúðarhúsinu og haft aðgang að kirkjunni,“ segir Magnús, sem tekur fram að allt í sambandi við munkana sé gert í fullri sátt við skátana sem eigi jörðina á móti skógræktinni.

- gun / sjá síðu 30



MAGNÚS GUNNARSSON













## SPURNING DAGSINS



Sumarliði, ertu örugglega með fæturna á jörðinni?

**„Já, flestalla daga, en vonandi ekki of lengi.“**

Sumarliði Þorsteinsson er einn tólf manna í Svíþjóð sem reyna með sér í þolprófi sem sker úr um hver þeirra kemst í geimfaraþjálfun í Flórída. Að lokum fá 22 einstaklingar úr öllum heiminum að fara í geimferð.

Herinn setti forsetann af og fól stjórnarandstöðu og trúarleiðtogum völdin:

# Bráðabirgðastjórn tekur við

**EGYPTALAND** Ahmed Muhammad Ahmed el-Tayeb, æðsti leiðtogi múslima í Egyptalandi, tekur við stjórn landsins ásamt Mohammed El Baradei, einum helsta leiðtoga stjórnarandstöðunnar, og Tawadros II. páfa Koptakirkjunnar í Egyptalandi.

Þeir eiga að stjórna til bráðabirgða þangað til kosið hefur verið nýtt þing og nýr forseti.

Egypski herinn stóð þar með við hótun sína frá því á mánudag um að grípa inn í hefði Múhamed Morsi forseti ekki innan tveggja sólarhringa náð samkomulagi við andstæðinga sína, sem kröfðust afsagnar hans.

Milljónir Egypta flykktust út á götur Kaíró snemma í gær og biðu þess að yfirlýsing bærist frá hernum þegar fresturinn rann út.

„Í þágu Egyptalands og sögulegrar nákvæmni skulum við kalla það sem er að gerast sínu rétta nafni: Herforingjabyltingu,“ skrifaði Essam al Haddad, þjóðaröryggisráðgjafi Morsi forseta, á Facebooksíðu sína. - gb



**ANDSTÆÐINGAR MORSIS** Mannfjöldinn beið þess sem verða vildi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

WikiLeaks og Datacell:

# Krefja Valitor um 9 milljarða

**DÓMSMÁL** Sunshine Press Productions, rekstrarfélag WikiLeaks og DataCell, hefur krafið Valitor um rúma níu milljarða í skaðabætur fyrir að hafa lokað á greiðslur til WikiLeaks. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Valitor, segir kröfuna óréttmæta og telur að WikiLeaks hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna greiðslulokunarinnar. Leiðir fyrir fjárframlög hafi staðið opnar þrátt fyrir lokunina.



**BYGGJA SAFN** Framkvæmdir standa yfir við byggingu safns yfir rústir Gerðisbrautar 10. MYND/ÓSKAR

Fjörutíu ár eru liðin frá goslokum í Heimaey:

# Eldheimar komnir undir þak

**VESTMANNAEYJAR Fjörutíu ár eru liðin síðan goslokum var lýst yfir í Heimaey. Framkvæmdir standa yfir við byggingu safns yfir rústir Gerðisbrautar 10, sem mun verða þungamiðja þeirrar sýningar sem safnið hýsir. Safnið mun heita Eldheimar. Sýningunni er ætlað að gefa sýningargestum kost á að upplifa gosið og sögu þess. Auk hússins verða ljósmyndir tengdar gosinu og Surtseyjarstofa á safninu. Í Eldheimum verður einnig salur til ráðstefnuhalda.** - ósk

Stjórnarfrumvarp samþykkt:

# Veiðigjaldið verður lækkað

**STJÓRNMÁL** Frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum um veiðileyfagjöld var samþykkt að lokinni annarri umræðu á Alþingi í dag með breytingartillögum frá meirihlutanum.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Allar breytingartillögur frá minnihlutanum, sem meðal annars fólu í sér hækkun á sérstöku veiðileyfagjaldi, voru felldar. Málið fer nú til þriðju og síðustu umræðu og verður frumvarpið væntanlega að lögum í dag eða á morgun. Áætlað er að sumarþingi ljúki fyrir helgi. - vg

Áhuginn umfram væntingar:

# Lóðatilboð fyrir 976 milljónir

**REYKJAVÍK** Alls bárust 62 gild tilboð í byggingarrétt á lóðum í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási í útboði Reykjavíkurborgar. Samanlagt nema hæstu tilboðin 976 milljónum króna. Segir í tilkynningu frá borginni að það sé umfram væntingar um lóðasölu á árinu.

Í Úlfarsárdal bárust tilboð í byggingarrétt 107 íbúða, eða 49 prósent þeirra íbúða sem boðnar voru. Í Reynisvatnsási bárust tilboð í 53 íbúðir, eða í 58 prósent íbúða sem boðnar voru. „Tilboðin voru í flestum tilvikum nálægt lágmarksverði en hæsta frávik var 21 prósent yfir settu lágmarksverði,“ segir í tilkynningu. - gar

# Vinnur við að keppa í vinsælum tölvuleik

Íslenskur atvinnumaður í tölvuleikjaspilun hefur náð gríðargóðum árangri og er genginn til liðs við svissneskt atvinnumannalið. Bestu atvinnumennirnir þéna eina til tvær milljónir á mánuði. Segir atvinnumennsku eins og hverja aðra vinnu.

**FÓLK** „Það er mikil pressa í þessu starfi, maður verður að standa sig,“ segir Jökull Jóhannsson, tvítugur atvinnumaður í tölvuleikjaspilun. Jökull flutti nýverið til Sviss og gekk til liðs við atvinnumannaliðið Team Infused.

Lið Jökuls keppir í nokkrum tölvuleikjum, en hann einskorðar sig við herkænskuleikinn Starcraft 2.

„Ég hef verið að spila Starcraft í tvö ár, þar af síðasta hálfa árið af alvöru,“ segir Jökull. Áður en hann flutti til Sviss um miðjan júní æfði hann fjórum sinnum í viku. Nú æfir hann í um átta klukkustundir á dag. „Þetta er voðalega svipað og hver önnur vinna.“

Jökull hefur keppt á stærstu Starcraft-mótunum í Evrópu og náð góðum árangri þó samkeppnin sé hörð. Hann náði 33. til 48. sæti á móti þar sem 70 atvinnumenn kepptu.

Jökull náði augum liðsstjórnenda atvinnuliðanna með góðum árangri í mótum sem spiluð eru í gegnum netið. Breskt lið bauð honum á mót þar sem hann náði 12. til 15. sæti, þá fór boltinn að rúlla og Jökli var boðið starf.

„Það skiptir öllu máli í þessum leik að vera með mjög mikla snerpu og vera góður í að gera marga hluti í einu,“ segir Jökull. Mæla má snerpuna með því að telja skipanir sem leikmennirnir gefa á hverri mínútu. Góðir leikmenn ná á bilinu 100 til 150 skipunum á mínútu, en atvinnumenn eins og Jökull ná 300 eða fleiri.

Þessi gríðarlega snerpa gerir það að verkum að ferill atvinnumanns í tölvuleikjaspilun er stuttur. Jökull segir að þegar þrítugsaldurinn nálgist hægist svo mikið á viðbrögðunum að atvinnumannaferillinn sé sjálfkrafa á enda.

Þó að dagleg störf snúist um æfingar tekur alvaran við á reglulegum mótum, sem eru til dæmis haldin í Bretlandi, í Sviss, á Spáni, í Svíþjóð og víðar. Eins og hjá atvinnumönnum í íþróttum er pressan að standa sig vel mikil.

Jökull segir að fjöldi atvinnumanna í tölvuleikjaspilun sé alltaf að aukast. Nú séu um 300 atvinnumenn í spilun Starcraft, þar af um 100 til 150 í Evrópu.

Liðin fjármagna sig með sama hætti og íþróttalið. Þau fá styrki frá auglýsendum og áhorfendur greiða fyrir að fylgjast með leikjum. Launakjörin eru misjöfn en bestu leikmennirnir eru með mánaðarlaun á bilinu ein til tvær milljónir króna. Við það bætist verðlaunafé á mótum.

Jökull hefur verið í námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og ætlar að skoða hvort hann geti verið í fjarnámi meðfram atvinnumennskunni í vetur. Annars stefni hann á atvinnumennsku í einhver ár og svo taki skólinn við á ný.

brjann@frettabladid.is



**DRAUMASTARFIÐ** Jökull keppti nýverið á Dreamhack-mótinu í Svíþjóð. Hér er hann með félaga sínum, Son Seok Hee frá Suður-Kóreu.

## Barist um fjarlægar plánetur

Tölvuleikurinn Starcraft II kom út árið 2010 og hefur haldið gríðarlegum vinsældum síðan. Sögusvið leiksins er stríðshrjáð framtíð þar sem menn berjast gegn geimverum um yfirráð á fjarlægum plánetum. Leikmenn þurfa að byggja upp geimstöð og ráðast gegn stöðvum andstæðingsins um leið og þeir verjast árásum.



**GEIMSTRÍÐ** Leikmenn í Starcraft berjast um yfirráð á fjarlægum plánetum.






Sérstakur saksóknari segir sakborninga í BK-málinu hafa blekkt Kauphöllina:

# Birkir og Elmar sendir í leyfi

**DÓMSMÁL** Íslandsbanki sendi tvo starfsmenn sína, þá Birki Kristinsson og Elmar Svavarsson, í leyfi í gær í kjölfar þess að Fréttablaðið greindi frá því að þeir væru á meðal fjögurra fyrrverandi starfsmanna Glitnis sem sérstakur saksóknari hefði ákært fyrir stórfelld umboðssvik og markaðsmisnotkun.

Auk Birkis og Elmars eru Jóhannes Baldursson og Magnús Arnar Arngrímsson ákærðir. Málið varðar 3,8 milljarða lán sem Glitnir veitti BK-44, félagi í eigu Birkis, til að kaupa hlutabréf í bankanum í nóvember 2007.

Í ákæruskjalinu kemur meðal annars fram að ákærðu hafi blekkt Kauphöllina sumarið 2008, þegar Glitnir keypti bréfin aftur af Birki. Fyrst hafi bréfin verið keypt á markaðsvirði en þau kaup strax verið látin ganga til baka.

Glitnir hafi síðan keypt þau aftur á 113 prósentum hærra gengi, til að uppfylla svonefnt skaðleysissamkomulag sem gert hafði verið við Birki.

Einungis fyrri kaupin hafi verið tilkynnt til Kauphallarinnar. „Síðari kaupin voru hins vegar ekki tilkynnt til kauphallar enda hefði gengið á viðskiptunum vafalaust vakið upp alvarlegar spurningar og vakið tortryggni á markaði. Sýnir þessi leynd vel huglæga afstöðu ákærðu,“ segir í ákærunni.

Þá segir í ákærunni að Lárus Welding, forstjóri bankans, og Guðmundur Hjaltason, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, sem báðir voru yfirmenn Magnúsar, segist hvorugur hafa vitað af lánveitingunni þegar hún átti sér stað. - sh



**BIRKIR KRISTINSSON**



**ELMAR SVAVARSSON**


ALVOGEN
MIDNIGHT
TIME TRIAL
VIÐ HÖRPU TÓNLISTARHÚS
Í KVÖLD 4. JÚLÍ KL. 21.00
STENDUR TIL MIÐNÆTTIS
Sæbrautin breytist í hringleikahús hraðans í kvöld þegar hraðskreiðasta hjólreiðafólk landsins keppir í *Miðnæturtímatöku* í götu- og þríþrautarhjólaflokki. Keppnin hefst við Hörpu tónlistarhús kl. 21:00 og stendur til miðnættis. Öll skráningargjöld mótsins renna óskipt til UNICEF og Rauða krossins.
Alþjóðlega lyfjafyrirtækið Alvogen er styrktaraðili keppninnar sem tileinkuð er réttindum barna.
**Fjölmennum og tökum þátt í skemmtilegri stemningu þegar 100 hraðskreiðustu hjólreiðamenn og konur landsins etja kappi. Ræsingar á mínútu fresti og stanslaus keyrsla allan tímann.**
Alvogen

## SVONA ERUM VIÐ



**4,3 milljarðar voru útgjöld íslenska ríkisins til þróunarmála í ár**

**sem eru um 0,26 prósent af vergri landsframleiðslu.**

Markmið Sameinuðu þjóðanna er að iðnríkin veiti 0,7 prósent af vergum tekjum hvers ríkis í þróunarsamvinnu.

*Heimild: Alþingi*

Utanríkisráðuneytið veitir yfir 22 milljónir króna til sýrlenskra flóttabarna í Jórdaníu:

# UNICEF í Jórdaníu fær fé fyrir flóttabörn

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur í ár veitt 180 þúsund Bandaríkjadala til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Jórdaníu. Upphæðin nemur ríflega 22 milljónum króna. Í janúar fékk verkefnið 11,6 milljóna framlag og svo 10,6 milljónir til viðbótar í apríl.

Í tilkynningu hjálparsamtakanna ytra kemur fram að nota eigi peningana til að bæta aðbúnað flóttabarna frá Sýrlandi. „UNICEF er ein fjögurra lykilstofnana í fjölþjóðlegri starfsemi sem Ísland leggur áherslu á að styðja næstu fjögur ár,“ er haft eftir Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra í tilkynningu UNICEF í Jórdaníu.

Fram kemur að af um hálfri milljón skráðra og óskráðra sýrlenskra flóttamanna séu 250 þúsund börn í Jórdaníu einni. „Barnavernd er lykilþáttur í aðstoð okkar við flóttafólk frá Sýrlandi og framlag ríkisstjórnar Íslands gerir UNICEF kleift að halda áfram að bæta hag sýrlenskra barna,“ er haft eftir Dominique Hyde, fulltrúa UNICEF.

Um leið kemur fram að hjálparsamtökin eigi undir högg að sækja þegar kemur að fjármögnun starfseminnar og hafi bara aflað fjár fyrir um 30 prósentum af fyrirséðum útgjöldum ársins. **- óká**



**Á FLÓTTA** Konur og börn frá Sýrlandi í flóttamannabúðum í Írak. NORDICPHOTOS/AFP



**RÖKRÉTT** Leonard Nimoy, sem lék Vúlkanann Spock á fyrstu árum Star Trek, var áhugasamur um að tunglið fengi nafnið Vúlkan.

Fólkið fékk ekki að ráða:

## Tungl fær ekki að heita Vúlkan

**VÍSINDI** Alþjóðasamband stjarnfræðinga (IAU) hefur ákveðið að annað af tveimur tunglum sem nýlega fundust á sporbraut um Plútó fái ekki að bera nafnið Vúlkan þrátt fyrir að nafnið hafi hlotið flest atkvæði í atkvæðagreiðslu meðal almennings.

Efnt var til atkvæðagreiðslu þegar tunglin tvö uppgötvuðust. Vúlkan fékk langflest atkvæði, væntanlega vegna þess að nafnið tengist Star Trek-sjónvarpsþáttunum og bíómyndunum þar sem Vúlkan er heimapláneta Vúlkana eins og hins fræga Spock.

IAU valdi nöfnin sem enduðu í öðru og þriðja sæti, Kerberos og Styx, en þrjú tungl Plútó höfðu áður fengið nöfn úr goðafræði. **- bj**

## UMFERÐ

### Meiri umferð í göngunum

Umferðin það sem af er ári í Héðinsfjarðargöngum og Bolungarvíkurgöngum hefur aukist um 2,5-3,0 prósent frá sama tíma í fyrra. Mest er umferðin á föstudögum en minnst á sunnudögum. Þetta kemur fram á heimasíðu Vegagerðarinnar. Haldi þessi þróun áfram má reikna með að meðalumferðin í Bolungarvíkurgöngum verði um 780 bílar á sólarhring, en 555 bílar á sólarhring í Héðinsfjarðargöngum.

# Óttast að 120 störf hverfi með kvótanum

Úthafsrækjuveiðar hafa verið stöðvaðar og enginn veit hvernig stjórnun þeirra verður háttað af nýrri ríkisstjórn. Störf 120 Ísfirðinga, sem finnst þeir hafa verið skildir eftir í lausu lofti, eru í húfi. Þeir óttast að kvótinn fari til eldri kvótahafa.

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hvetur sjávar- og landbúnaðarráðherra að taka tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru á norðanverðum Vestfjörðum þegar hann tekur ákvörðun um framhald úthafsrækjuveiða. Í ályktun bæjarráðs segir að störf 120 manna séu í húfi. Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður rækjuvinnslunnar Kamps, segir að framtíð veiðanna geti ráðist með þessari ákvörðun.

Árið 2010 gaf Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráðherra, úthafsrækjuveiðar frjálsar. Stjórnvöld stöðvuðu þær hins vegar síðastliðinn mánudag og hafa látið að því liggja að tilefni sé til breytinga á stjórnun þeirra. „Á þessum þremur árum hefur rækjuvinnslan Kampi byggt gríðarlega mikið upp hér á Ísafirði,“ segir Daníel Jakobsson bæjarstjóri. „Til dæmis hafa þeir tekið atvinnuhúsnæði í gegn sem áður var lítil reisn yfir.“ Hann segir Ísfirðinga óttast að úthafsrækjukvótinn verði úthlutaður eldri kvótahöfum, það er að segja þeim sem áttu kvótann áður en veiðarnar voru gefnar frjálsar. Haft er eftir Brynjari Ingasyni í Kampa á fréttavefnum BB að þá hafi kvótahafar veitt 12 prósent kvótans meðan 88 prósent voru leigð út. Jón Guðbjartsson segir að ef sú leið verði farin muni rækjuvinnslan leggjast af. „Og þá mæli ég fyrir munn allra þeirra sem standa í rækjuvinnslu í dag,“ segir hann. Sex rækjuvinnslur eru nú starfandi í landinu.

Slegið var til sjávarréttarveislu við höfnina á Ísafirði í hádeginu á þriðjudag þegar úthafsrækjubátar komu úr sinni síðustu ferð. Tilefni veislunnar var ekki klárt þegar Jón var inntur eftir því. „Ef stjórnvöld fara þá leið sem LÍÚ leggur til og bindur kvótann við útgerðirnar sem áttu skipin sem leigðu voru til þessara veiða fyrir margt löngu þá ku þetta vera erfidrykkja því þá mun fólk ekki sjá þessa úthafsrækju aftur. En ef þetta verður falið þeim sem hafa stundað þessar veiðar undanfarið þá er þetta veisla,“ segir hann.

Daníel gagnrýnir einnig þá meðhöndlun stjórnvalda að stöðva veiðarnar án þess að hafa svör á reiðum höndum um hvað taki við.

jse@frettabladid.is



**ÚR VEISLUNNI SEM GÆTI ORÐIÐ ERFIDRYKKJA** Ísfirðingar fjölmenntu niður á höfn til að gæða sér á sjávarréttum og knýja á um málstaðinn þegar rækjubátar komu úr síðustu ferð. MYND/SVEINBJÖRN

### → Rækjuvinnslur á Íslandi




1 Kampi Ísafirði
2 Hólmadrangur Hólmavík
3 Dögun Sauðárkróki
4 Fisk Seafood Grundarfirði
5 Rammi Siglufirði
6 Meleyri Hvammstanga

Hvarf í Suður-Ameríku:

## Lögregla lýsir eftir Friðriki

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti í gær eftir Friðriki Kristjánssyni, sem ekkert hefur spurst til frá því í byrjun apríl.



**FRIÐRIK KRISTJÁNSSON**

Friðrik, sem er 30 ára, var þá á ferðalagi um Suður-Ameríku. Lögreglan óskaði eftir aðstoð Interpol í apríl til þess að finna hann og var þá talið að hann væri staddur í Paragvæ eða Brasilíu. Eftirgrennslanin bar engan árangur. Fram kom í fréttum í apríl að lögreglu hefðu borist upplýsingar um að Friðriki hefði verið ráðinn bani en engin staðfesting hefði fengist á því.

Í eftirlýsingunni segir að Friðrik sé 175 sentimetrar á hæð, bláeygður, grannvaxinn, skolhærður og snöggklipptur. Eru þeir sem veitt geta upplýsingar um ferðir hans beðnir að hafa samband við lögreglu. **- sh**

Reitun gefur út nýtt álit:

## Lánshæfi Kópavogs batnar

**VIÐSKIPTI** Íslenska lánshæfismatsfyrirtækið Reitun ehf. hefur hækkað lánshæfismat Kópavogsbæjar úr B í B+ með stöðugum horfum.

Kópavogsbær er sagður hafa unnið vel úr afleiðingum efnahagshrunsins. Rekstrarframlegð hafi batnað verulega og veltufé frá rekstri einnig sterkt. Ástæða er því sögð til að hækka matið, þrátt fyrir „minnkandi þrótt efnahagsbatans“.

Bent er á að skuldir Kópavogsbæjar lækki hratt og að endurfjármögnun lána hafi gengið vel. **- óká**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**MIKIL RIGNING** Það kemur ný lægð á morgun með stífri suðaustanátt og talsverðri úrkomu um sunnan- og suðvestanvert landið síðdegis á morgun og fram eftir laugardegi. Það hlýnar smám saman norðaustantil og þar verður yfirleitt úrkomulítið.




**Á morgun**
Vaxandi SA-átt, víða 10-15 m/s.




**Laugardagur**
5-13 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 22° | Gautaborg | 21° | London | 22° | Orlando | 30° | San Francisco | 23° |
| Basel | 24° | Frankfurt | 24° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 28° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 18° |
| Berlín | 25° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 24° | New York | 29° | París | 22° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


SUMAR
ÚTSALAN
KOMDU STRAX, því bestu kaupin fara fyrst!
HEFST Í DAG KL. 10 UM LAND ALLT!
GARÐHÚSGÖGN 30-40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRJÁPLÖNTUR 50%
MATJURTIR 50%
GARÐLEIKFÖNG 30%
GARÐVERKFÆRI 20-30%
REIÐHJÓL 30%
GARÐSTYTTUR 30-50%
GOSBRUNNAR 30-50%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70%
GRILL 10-25%
VIÐARVÖRN 20%
ÚTIMÁLNING 25%
BÚSÁHÖLD 30-70%
SKJÓLVEGGIR 25%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA
20-70% AFSLÁTTUR
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað tapaði Íbúðalánasjóður miklu vegna vanhæfis stjórnenda?
**2.** Hvar í miðbænum verður matarmarkaður í sumar?
**3.** Að hverju er leitað á Skipholtskrók í Hrunamannahreppi?

**SVÖR**

**1.** 270 milljörðum **2.** Á Lækjartorgi. **3.** Miðaldahandritum.

Bólivíumenn reiðir eftir að forsetaflugvélin þurfti að lenda í Austurríki:

# Snowdens leitað um borð

**AUSTURRÍKI, AP** Evo Morales, forseti Bólivíu, hélt heim til Bólivíu í gær eftir að hafa setið fastur á flugvellinum í Vínarborg klukkustundum saman. Grunur virtist hafa vaknað um að uppljóstrarinn Edward Snowden væri í felum um borð. Atvik þetta vakti hörð viðbrögð í Bólivíu og fleiri ríkjum Suður-Ameríku. Yfirvöld í Austurríki hafa staðfest að Snowden hafi ekki verið um borð. Hann situr, eftir því sem best er vitað, enn fastur á flugvellinum í Moskvu.

„Við vitum ekki hver bjó til þessa lygi,“ sagði David Choquehenca, utanríkisráðherra Bólivíu, um þann orðróm að Snowden væri um borð í vélinni. „Við viljum koma á framfæri við alþjóðasamfélagið fordæmingu okkar á þessu ranglæti gagnvart flugvél Evo Morales forseta.“

Vélinni þurfti að millilenda í Austurríki, að sögn embættismanna í Bólivíu vegna þess að flugyfirvöld í Frakklandi, Portúgal, Spáni og á Ítalíu neituðu að leyfa henni að fljúga um lofthelgi sína. - gb



**MORALES Í AUSTURRÍKI** Heinz Fischer, forseti Austurríkis, heimsótti Evo Morales á flugvellinum í Vínarborg í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðvörun ráðuneytisins:

# Egyptalandsferðir óráðlegar

**FERÐIR** Utanríkisráðuneytið ræður Íslendingum frá ferðalögum til Egyptalands, að frátöldum ferðamannastöðum við Rauðahaf, vegna ótryggs ástands þar í landi. Ráðuneytið fylgist með þróun mála og ráðleggur fólki eindregið að fylgjast með ferðaleiðbeiningum til dæmis norrænu ríkjanna sem eru með sendiráð í landinu.

Þeir sem staddir eru í Egyptalandi eða þurfa að ferðast þangað eru beðnir um að skrá sig hjá Borgaraþjónustu ráðuneytisins.



**SÆLIR SJÓMENN** Bátadagar á Breiðafirði voru gleðilegir í fyrra. Þetta er í fyrsta sinn í sögu hátíðarinnar sem henni er frestað.

Slæm veðurspá um helgina:

# Verða að fresta Bátadögum

**FÓLK „Þetta er alltaf leiðinlegt en svona fór þetta núna,“ segir Sigurður Bergsveinsson, forsvarsmaður Bátadaga á Breiðafirði, en í gær var tekin sú ákvörðun að fresta hátíðinni vegna veðurs. „Veðurspáin er svo slæm. Bátarnir eru opnir og það er ómögulegt að vera þarna í vosbúð.“ Hann segir þó ekki mikinn undirbúning fara forgörðum, þar sem bátarnir séu yfirleitt tilbúnir. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hátíðin verður haldin seinna í sumar að svo stöddu. „Bátasafnið á Reykhólum er þó enn opið,“ bendir hann á.** - ne

Eignir Auðar I jukust 2012:

# 490 milljóna hagnaður

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóðurinn AUÐUR I, sem rekinn er af Auði Capital, skilaði 490 milljóna króna hagnaði á árinu 2012. Heildareignir sjóðsins í árslok námu 3.844 milljónum og jukust um 22% á milli ára. Sjóðurinn á hlut í átta fyrirtækjum og eru hlutir í Ölgerðinni, Já upplýsingaveitum og Securitas stærstu eignir sjóðsins.

„Við höfum byggt upp sterkt og fjölbreytt eignasafn sem hefur skilað fjárfestum góðri ávöxtun. Rekstur fyrirtækjanna hefur almennt gengið vel, sem endurspeglast í ávöxtun sjóðsins,“ er haft eftir Örnu Harðardóttur, sjóðsstjóra AUÐAR I, í fréttatilkynningu.

Bæði fyrir Windows og Apple:

# Nýr vafri frá Opera Software

**UPPLÝSINGATÆKNI** Skandinavíska hugbúnaðafyrirtækið Opera Software kynnti í gær nýja útgáfu af vafra fyrir bæði Windows- og Apple-tölvur.

Vafrinn býður upp á marga nýja eiginleika, þar á meðal auðvelda leið til þess að bera saman síður með því að safna saman skjáskotum af alls kyns síðum á einn stað.

Hugbúnaðarfyrirtækið Opera er að hluta til í eigu Jóns Stephensson von Tetzchner sem er af íslenskum ættum og hefur verið mikið í umræðunni undanfarið þar sem hann er orðinn einn helsti fjárfestir á Íslandi eftir hrun. - le

# Helmingi færri ungar konur í fóstureyðingu

Fóstureyðingum hjá yngsta aldurshópi kvenna hefur fækkað um tæp 60 prósent síðan árið 2000. Helga Sól Ólafsdóttir félagsráðgjafi segir margar ástæður fyrir þessari þróun, svo sem bætt forvarnarstarf og fræðsla, en getnaðarvarnir séu enn of dýrar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fóstureyðingum hefur fækkað talsvert hjá yngsta aldurshópi kvenna á frjósemisaldri síðastliðnum áratugi. Þetta kemur fram í tölum útgefnum af Landlæknisembættinu í byrjun mánaðar. Þannig voru framkvæmdar alls 257 fóstureyðingar í þessum aldurshópi árið 2000 en hafði fækkað niður í 153 aðgerðir á síðasta ári.

Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Landspítala Íslands, segir að það væri gott ef hægt væri að minnka fjölda fóstureyðinga enn frekar en leggur áherslu á að þessi valmöguleiki verði alltaf að vera til staðar.

Grundvöllurinn fyrir þessum lækkandi tölum er sá að þungunum hefur almennt fækkað í þessum hópi. Að hennar mati eru margar ástæður fyrir þessari þróun.

„Það sem skiptir máli í þessu er í fyrsta lagi fræðslan. Markvisst hefur verið farið í grunnskóla og framhaldsskóla. Í grunnskólum er bæði rætt við foreldra og táningana sjálfa og í framhaldsskólum hefur Ástráður komið sterkur inn.“ Ástráður er forvarnarstarf læknanema gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. „Þetta er hálfgerð jafningjafræðsla, það er mun þægilegra fyrir krakkana að tala við einhvern sem er nær þeim í aldri.“

Helga segir einnig að aðgengi að getnaðarvörnum hafi verið aukið og það spili inn í. „Neyðarpillan kom í kringum 1998, hana hefur verið hægt að fá án lyfseðils síðan árið 2006 í apóteki, en hún er of dýr. Mér finnst, og okkur öllum í þessum geira, að getnaðarvarnir eigi að vera ókeypis fyrir alla undir 20 ára. Stundum hefur verið talað um 18 ára aldur en það er algjört lágmark.“

Flestar fóstureyðingar áttu sér stað árið 2000, þrátt fyrir að neyðarpillan hafi þá verið komin fram á sjónarsviðið. Þetta segir Helga samfélagstengt, að það hafi nánast verið í tísku að eignast barn sem var fætt árið 2000. Þá kemur að þriðju ástæðunni.

„Samfélagið hefur breyst. Önnur viðhorf ríkja gagnvart því að vera ung og ómenntuð einstæð móðir. Það er ákveðin hætta á að þú lendir í fátæktargildrunni. Fólk vill geta boðið barninu sínu það besta, vera búið að mennta sig og koma sér fyrir.“ Þessu tengist einnig minnkandi áfengisneysla þessa yngsta hóps. „Áfengisneysla fylgir kæruleysi og öll slík áhættuhegðun eykur líkurnar á ótímabærri þungun.“ Hún segir allar forvarnir hafa áhrif á heilbrigðan lífsstíl. „Um leið og krakkarnir fara að hugsa um framtíðina taka þau ekki áhættuna.“ nannae@365.is

## Fóstureyðingar á Íslandi

**15-19 ára stúlkur**




**ÓTVÍRÆÐ FÆKKUN** Grafið sýnir fjölda fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur. Flestar fóstureyðingar voru framkvæmdar árið 2000, eða 25 á hverjar 1.000, það gera alls 257. Lægsta fjölda fóstureyðinga var náð árið 2009, en þá voru aðgerðirnar 139 talsins. Á síðasta ári var fjöldinn 13,5 á hverjar 1.000 konur.



**Það sem skiptir máli í þessu er í fyrsta lagi fræðslan. Markvisst hefur verið farið í grunnskóla og framhaldsskóla.**

*Helga Sól Ólafsdóttir félagsráðgjafi*




TILBOÐ
40%
afsláttur á kassa
ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
LAMBA-INNRALÆRI
2998KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4997
ARABÍU-KRYDDAÐAR
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
LÆRISSNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI
2379KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3399
Holta
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-BRINGUR
2099KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2799
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGUR FERSKUR
749KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999
Gildir til 7. júlí á meðan birgðir endast.
TILBOÐ
239KR/PK
VERÐ ÁÐUR 279
Rjómasúkkulaði
150 g
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
TE & KAFFI
T&K sumarkaffi malað og ómalað
400 g
TILBOÐ
499KR/STK
VERÐ ÁÐUR 599
Vínarbrauðslengja
TILBÚIÐ Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN!
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KALKÚNASNEIÐAR MEÐ LEMONGRASI
1539KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2199
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KALKÚNALUNDIR SESAM OG TERYAKI
2239KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3199
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
ÍTALSKAR LAMBA-LÆRISSNEIÐAR
2849KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3798
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## ÞINGMENN UM RANNSÓKNARSKÝRSLUNA



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

### Þetta er eins og Groundhog Day

„Já, Groundhog Day. Þetta er eiginlega bara þannig. Við erum að vakna hérna upp á sama degi og árið 2003 eftir skelfilega ábyrgðarlausa kosningabaráttu þar sem menn svífast einskis til þess að ná atkvæðum og eiga algerlega eftir að vinna úr því hvað þau loforð kunna að hafa í för með sér, efnahagslega, pólitískt og fyrir landið. Þetta er mikið áhyggjuefni.“

### Þetta heitir spilling

„Ég vildi óska þess að við gætum kallað hlutina réttum nöfnum. Það er eitt sem við verðum að hætta að gera, það er að ráða pólitískt í mikilvægar stöður. Það er spilling. Það heitir ekki neitt annað. En það má ekki kalla það spillingu því að hæfa fólkið sem vill vera virkilega góðir embættismenn, það fær aldrei vinnu nema það fari í einhvern flokk. Getum við ekki reynt að breyta þessu? Er ekki kominn tími til að læra af reynslunni?“



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR



ÖGMUNDUR JÓNASSON

### Hefur efasemdir um niðurstöðurnar

„Það er greinilegt að ýmsar brotalamir eru í eftirlitskerfi Íbúðalánasjóðs og að þar hafi verið teknar ákvarðanir sem í besta falli orka tvímælis. Hvað varðar áherslur nefndarinnar á félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs og samskipti sjóðsins við fjármálakerfið á þeim árum sem eru til umfjöllunar þá hef ég ákveðnar efasemdir um niðurstöður nefndarinnar.“

### Mestu umboðssvik sögunnar

„Ég held að stærstu mistökin liggi hjá stjórnmálamönnum, þeim sem ráða langmestu. Það voru ótrúlega mikil mistök að þessi sjóður lætur raunverulega af félagslega hlutverkinu. Hann fer í samkeppni við bankana með ríkisábyrgð á bakinu.“



BRYNJAR NÍELSSON



**FRAMKVÆMDIR** Verktakar og leiguaðilar notfærðu sér slæma umgjörð Íbúðalánasjóðs, að því er fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar um Íbúðalánasjóð.

# Gallaðar reglur voru gróðaleið verktaka

Umgjörð um lánamál Íbúðalánasjóðs til leigufélaga er stórgölluð og gerir verktökum kleift að græða. Sjóðurinn veitti milljarða lán til leigufélaga án þess að kanna jarðveg slíkra fjárfestinga. Verktakar græddu á því að reisa tómar íbúðir.



Lovísa Eiríksdóttir
lovisa@frettabladid.is

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um málefni Íbúðalánasjóðs að sjóðurinn hafi tapað meira á lánum sínum til leiguaðila og byggingaverktaka heldur en til einstaklinga.

Lán til þessara aðila voru fimmtungur af öllum lánveitingum sjóðsins en heimtur af þessum lánum voru mjög slæmar.

Mikið af fé sem lánað var til leigufélaga má rekja til átaks sjóðsins árið 2001 um að auka framboð á leiguíbúðum.

**Gölluð umgjörð**

Árið 2006 hætti sjóðurinn að krefjast bankaábyrgðar vegna lána til byggingaframkvæmda og kemur fram í skýrslunni að það hafi verið gert til þess að missa ekki viðskipti sín til bankanna.

Í rannsóknarskýrslunni er bent á að umgjörðin um leigufélagalánin hafi verið illa hugsuð frá upphafi. Kröfur um eigið fé voru litlar og stundum var þeim ekki fylgt eftir. Dæmi eru um að leigufélög hafi fengið háar fjárhæðir að láni frá sjóðnum, án þess að eigendur þeirra hafi lagt fram viðeigandi fé. Allt fram undir árslok 2004 voru lánin hærra hlutfall af byggingarkostnaði en þegar lánað var til heimila.

**Byggðu tómar íbúðir**

Verktakar og leiguaðilar notfærðu sér slæma umgjörð sjóðsins. Íbúðalánasjóður lánaði leiguaðilum og byggingaverktökum allt að 90 prósent af viðmiðunarkostnaði húsnæðis án þess að kanna hvort forsenda væri fyrir slíkum byggingum.

Íbúðalánasjóður bar nánast alla ábyrgð á fjárfestingunni þar sem ekki var krafist ábyrgðaryfirlýsingar frá viðurkenndri fjármálastofnun.

Byggingaverktakar gátu smíðað íbúðir fyrir lægri fjárhæð en Íbúðalánasjóður miðaði við þar sem sjóðurinn reiknaði viðmiðunarverð á leiguhúsnæði út frá fjölda fermetra en ekki leiguverðs.

Leigufélög, sem voru í eigu byggingaverktaka, gátu þannig grætt verulega á byggingu leiguíbúða óháð því hvort þörf væri á íbúðum eða hvort nokkur íbúð yrði leigð út.

**Stjórnendur brugðust**

Samkvæmt lögum átti Íbúðalánasjóður að fylgjast með íbúðaþörf í landinu en fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að stjórnendur sjóðsins hafi ekki sinnt því hlutverki sínu. Þótti stjórnendum að sjóðunum væri ekki heimilt að synja lánaumsóknum á grundvelli þess að ekki væri þörf á íbúðum ef lántakendur uppfylltu lágmarksskilyrði.

Þetta viðhorf telur nefndin að beri vott um að hlutverk sjóðsins hafi frekar verið að deila út fé að sjá til þess að það ávaxtaðist.

### ➜ Ekki var brugðist við athugasemdum

Leigufélög stóðu fyrir stórum hluta nýbygginga í Reykjanesbæ á fyrsta tug aldarinnar þegar íbúum þar fjölgaði mikið. Fólksfjölgunin hélt þó hvergi nærri í við fjölgun íbúða. Áfram var lánað til húsbygginga í bænum af töluverðum krafti fram á árið 2009 þrátt fyrir að fram hefði komið í úttekt sem gerð var fyrir sjóðinn sumarið 2008 að framboð á íbúðarhúsnæði í bænum væri „gríðarlegt“ miðað við fólksfjölda. Haustið 2012 sat Íbúðalánasjóður uppi með yfir 500 íbúðir í Reykjanesbæ og voru flestar auðar. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar hefði sjóðurinn komist hjá þessum vanda ef hann hefði brugðist við þeim upplýsingum sem hann fékk sumarið 2008.

### ➜ Reglugerðum hefur ekki verið breytt

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, ítrekar að lánveitingar til lögaðila hafi gjörbreyst og að skýrslan lýsi ekki núverandi ástandi.
Reglugerðabreyting um lánveitingar til leiguaðila hefur þó ekki gengið í gegn, en þau svör bárust frá velferðarráðuneyti að breyting á reglugerð væri forgangsmál hjá ráðuneytinu og að nú væri unnið hörðum höndum að breytingunni.



SIGURÐUR ERLINGSSON

### ➜ Flétta verktakanna

- Byggingaverktakar gátu grætt á lánakerfi Íbúðalánasjóðs, óháð eftirspurn á íbúðamarkaði.
- Til dæmis gat verktaki byggt húsnæði fyrir 85 prósent af kostnaðarviðmiði og rukkað síðan leigufélag – sem hann átti sjálfur – um 100 prósent af viðmiðinu og fengið 90 prósent af viðmiðinu sem lán frá Íbúðalánasjóði.
- Leigufélagið greiddi svo verktakanum andvirði lánsins og græddi 5 prósent af áætluðum byggingakostnaði. Þannig gat byggingaverktakinn sett leigufélagið í þrot og horfið á braut með gróðann en Íbúðalánasjóður sat uppi með byggingu sem enginn hafði á áhuga á að búa í.




MEIRA Á URVALUTSYN.IS
NÝTT
SKÍÐAFERÐIR
KOMNAR Í SÖLU!
NÝIR OG
spennandi áfangastaðir
AUSTURÍKI
ABTENAU OG ZELL AM SEE
Frábærar skíðabrekkur!
Stuttur akstur frá flugvelli!
Fjölskylduvænt umhverfi!
Skemmtilegur þorpsandi!
Stutt frá Salzburg!
Skíðaparadís á
frábærum kjörum!
Dachstein West
95.900,-
á mann í viku m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í íbúð í Dachstein West.
Brottför: 18. janúar
ÚRVAL·ÚTSÝN

SKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS UM ÍBÚÐALÁNASJÓÐ

# Alþingi álykti um lögreglurannsókn

**Eygló Harðardóttir segir það mikilvægast nú að lágmarka tapið sem orðið hafi. Hún vill skipa verkefnastjórn með samvinnuhópi hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka. Alþingi beri síðan að álykta hvort lög hafi verið brotin og hvort hlutaðeigandi verði látnir svara til saka.**

**María Lilja Þrastardóttir**
maria@frettabladid.is



Eygló Harðardóttir, húsnæðis- og félagsmálaráðherra, segir það nú í höndum Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis að ákveða hver framtíð Íbúðalánasjóðs verði. Svört skýrsla um Íbúðalánasjóð kalli á skýra þverpólitíska samstöðu svo taka megi fast á málum.

Skýrslan leiddi, sem þekkt er orðið, í ljós margvísleg mistök sem vörðuðu Íbúðalánasjóð. Þau alvarlegustu kostuðu þjóðina milljarða króna og ekki er enn séð fyrir endann á þeim kostnaði. Í skýrslunni kemur fram að mistökin sem gerð voru megi rekja til vanþekkingar innan sjóðsins og á meðal þeirra sem tengdust sjóðnum og hins vegar sinnuleysis stofnana stjórnsýslunnar. Þá voru einnig tilgreind sem hluti vandans pólitísk áhrif og óeðlileg hagsmunatengsl í viðskiptum sjóðsins.

### Óvæginn áfellisdómur

„Skýrslan er hörð, óvægin og skýr áfellisdómur yfir stjórnmálamenningunni sem ríkt hefur á Íslandi," segir Eygló. Hún segir þó að ekki megi gleyma að horfa á stöðu sjóðsins með tilliti til hrunsins.

„Það er mikilvægt að hafa það í huga að staða Íbúðalánasjóðs er líka hluti af því ástandi sem skapaðist hér 2008. Það ekki hægt að slíta þetta algjörlega úr samhengi við hrunið. Þessi skýrsla var unnin fyrir Alþingi sem ákveðin drög eða grunnur að lausnum í málefnum Íbúðalánasjóðs eftir hrun og nú ber að skoða vandlega næstu skref. Við munum styðjast við tillögur skýrslunnar um hvað skuli gera næst. Þetta er eitt af þeim gögnum sem við munum horfa til," segir Eygló.

> **Ég sé fyrir mér að best verði að setja á laggirnar verkefnastjórn með samvinnuhópi hagsmunaaðila og fulltrúum allra þingflokka.**
>
> *Eygló Harðardóttir húsnæðis- og félagsmálaráðherra.*

Spurð hvort ekki standi til að láta hlutaðeigandi sæta ábyrgð vill Eygló ekki taka beina afstöðu til þess en segir þó að eðli málsins samkvæmt komi það vel til greina að málið sæti frekari rannsóknar yfirvalda, til dæmis lögreglu.

„Ég tel að það sé fyrst og fremst hlutverk Alþingis að álykta þar um. En mér þykir það eðlilegt að menn verði látnir svara fyrir það á viðeigandi stöðum, hafi þeir á annað borð brotið lög. Það er mjög mikilvægt," segir hún.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR RÁÐHERRA** Segir það hlutverk Alþingis að álykta um hvort að sækja beri fyrrverandi stjórnendur Íbúðalánasjóðs og aðra hlutaðeigandi til saka hafi þeir brotið hegningarlög með háttsemi sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Lágmarka þarf tapið

Eygló segist meðvituð um sitt hlutverk og nú sé það fyrst og fremst að lágmarka tapið sem orðið hafi á sjóðnum.

„Ég sé fyrir mér að best verði að setja á laggirnar verkefnastjórn með samvinnuhópi hagsmunaaðila og fulltrúum allra þingflokka. Samstaðan er mikilvæg til þess að viðunandi lausn finnist.

Ég er sjálf þeirrar skoðunar að það þurfi að gera breytingar á húsnæðiskerfinu í heild of ég hef horft til Íbúðalánasjóðs í því samhengi.

Skýrslan er góð að því leyti að nú höfum við hana sem gott tæki til að miða við um hvað skuli gera í framtíðinni."




BMW X5 M SPORT

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði. Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

ENNEMM / SÍA / NM58539

BMW M Sport xDrive – Hlaðinn aukabúnaði

Verð frá: 13.890 þús.

30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað

*Eldsneytisnotkun miðast við blandaðan akstur samkvæmt stöðlum.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum







**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## HEIMURINN




### Albert konungur hættir

**1** **BELGÍA** Albert Belgíukonungur sagðist í gær ætla að segja af sér þann 21. júlí. Sonur hans, Filippus prins, mun taka við. Albert er orðinn 79 ára og segir að heilsu sinni sé farið að hraka. Hann geti ekki lengur sinnt störfum sínum svo vel fari. „Filippus prins er vel reiðubúinn að taka við af mér,“ sagði Albert í gær.

### Mandela haldið á lífi

**2** **SUÐUR-AFRÍKA** Nelson Mandela er haldið á lífi með tækjabúnaði á sjúkrahúsi í Pretoríu, að því er fram kom í dómsskjölum í gær. Dómsmálið snýst um son hans, Mandla Mandela, sem sagður er hafa flutt jarðneskar leifar þriggja systkina sinna frá upphaflegum grafreiti. Ættingjar hans krefjast þess að hann flytji beinin aftur á sama stað, svo Mandela geti hvílt hjá þeim þegar þar að kemur.



### Orban enn skammaður

**3** **UNGVERJALAND** Evrópuþingið gagnrýndi í gær enn á ný Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, og ríkisstjórn hans fyrir að þröngva í gegn umdeildum breytingum á stjórnarskrá landsins, sem Evrópuþingið segir stofna lýðræði í hættu í Ungverjalandi. Ályktun þess efnis var samþykkt á þinginu með 370 atkvæðum gegn 249, en 82 sátu hjá.

# Sjúkraskrár lýtalækna ræddar hjá Landlækni

Lögboðin skylda Landlæknis er að safna skrám til þess að fylgjast með heilsufari þjóðarinnar. Þar á meðal er samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Lýtalæknar skila ekki sjúkraskrám til embættis Landlæknis og bera fyrir sig trúnað.

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirstjórn Félags íslenskra lýtalækna og Landlæknisembættið funda í dag sín á milli um hvort lýtalæknar þurfi að skila skrám yfir skjólstæðinga sína til embættisins.

Deilur um afhendingu upplýsinga frá lýtalæknum til embættis Landlæknis náðu hápunkti þegar PIP-brjóstapúðamálið svokallaða kom upp, en fyrirtækið sem framleiddi púðana notaði iðnaðarsílikon í þá. Púðarnir eru taldir leka frekar en aðrir púðar, með tilheyrandi aukaverkunum. Guðrún Auður Harðardóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu, segir erfitt að fylgja eftir málum kvenna sem fengu þessa púða því embætti Landlæknis fær engar upplýsingar. Þá skilaði Persónuvernd inn ályktun á sínum tíma þar sem kom fram að Landlæknir ætti ekki að fá að safna í sérgrunn fyrir brjóstaaðgerðir.


ÞÓRDÍS KJARTANSDÓTTIR

„Það eru til lög um landlækni og lýðheilsu og þar kemur skýrt fram lögboðin skylda embættis Landlæknis til að safna heilbrigðisskrám,“ segir Guðrún.


**SKERA SIG ÚR** Verkefnastjóri hjá Landlæknisembættinu segir lækna almennt skila sjúkraskrám til embættisins en segir lýtalækna skera sig úr þeim hópi. AFP/NORDIC PHOTOS

### Ber að safna upplýsingum

Samkvæmt lögum ber Landlækni meðal annars:
- að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum
- að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu
- að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu

„Þetta hefur verið vandamál, við höfum okkar lögboðnu skyldu til að halda þessar heilbrigðisskrár og kalla eftir gögnum frá heilbrigðisþjónustunni og almennt skila læknar upplýsingunum. Lýtalæknar skera sig úr í þessum efnum. Við höfum fullan hug á að leysa þetta mál í samvinnu við lýtalækna.“

Þórdís Kjartansdóttir, formaður Félags íslenskra lýtalækna, segir skiptar skoðanir ríkja um hvort lýtalæknar eigi að skila inn gögnum um skjólstæðinga sína. „Við viljum gott samstarf við Landlækni en þurfum að gæta hagsmuna okkar skjólstæðinga,“ segir Þórdís.

„Okkur finnst við bera ábyrgð gagnvart okkar skjólstæðingum. Okkur finnst það ekki sjálfgefið að þessar aðgerðir og framkvæmd eigi að falla undir sama hatt og aðgerðir sem ríkið tekur þátt í að borga,“ útskýrir Þórdís.

„Fegrunaraðgerðir eru einkamál fólks og hver er ávinningurinn af því að einstaklingur sem til dæmis fær sér fylliefni í varir þurfi að tilkynnast til landlæknis?“ bætir Þórdís við.

olof@frettabladid.is



# SUMARHÁTÍÐ ATLANTSOLÍU Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM



DÆLULYKILSHAFAR FÁ FRÍTT
Í GARÐINN Í DAG OG 50% AFSLÁTT
AF MIÐUM OG DAGPÖSSUM Í TÆKIN

- KL 15:00 LATIBÆR
- KL 15:20 EYÞÓR INGI
- KL 15:40 BJARNI TÖFRAMAÐUR
- LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS MÆTIR Á SVÆÐIÐ
- FROSTPINNAR OG BLÖÐRUR FRÁ KL 14 Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## TAKTU FJÖLSKYLDUNA MEÐ

OG SÝNDU DÆLULYKILINN VIÐ INNGANGINN

SÆKTU UM DÆLULYKIL OG FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ATLANTSOLIA.IS






H:N Markaðssamskipti / SÍA

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Sími 591 3100 / atlantsolia.is

# ÚTSALAN HEFST Í DAG!




© Inter IKEA Systems B.V. 2013

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**




IKEA®

## HÁTÍÐIR HELGARINNAR

**Írskir dagar**
**4.-7.júlí**
Hátíðin er haldin á Akranesi í 14. sinn. Margvísleg skemmtiatriði.

**Rauðasandur**
**4.-7. júlí**
Prinspóló, Borko, Mr. Silla, Samaris, Snorri Helgason og Ylja eru á meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni á Rauðasandi.

**Þjóðlagahátíð**
**3.-7. júlí**
Mikið er um að vera á árlegri þjóðlagahátíð sem haldin er á Siglufirði.

**Goslokahátíð**
**4.-7. júlí**
Vestmannaeyingar fagna goslokum með hátíðarhöldum.



## VEÐUR

**Föstudagur**
**9-17°C** HLÝJAST NA-LANDS
Vaxandi suðaustanátt. Úrkomulítið NA-til, annars rigning og talsverð úrkoma á sunnanverðu landinu. Hiti 9 til 17 stig, hlýjast NA-lands.

**Laugardagur**
**8-16 stig** HLÝJAST NA-TIL
Suðvestan átt, rigning eða skúrir, en úrkomulítið A-lands. hlýjast NA-til.

**Sunnudagur**
**7-13°C**
Vestlæg eða breytileg átt. Skýjað að mestu og víða smáskúrir eða dálítil rigning.

*Heimild: vedur.is*



**HÁLENDIÐ** Allur akstur er bannaður á ýmsum hálendisleiðum vegna aurbleytu og hættu á skemmdum. Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is eða í síma 1777.**





1

# Götumyndir sem heilla ferðalanga

Einstök menningarverðmæti eru í gömlum húsum og fallegum götumyndum margra bæja. Í heimsóknum á byggðasöfn er hægt að verða margs vísari um mannlíf fyrri tíma.

**1. Hafnarfjörður**
Byggðasafn Hafnarfjarðar er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar með sýningaraðstöðu í sex húsum og að jafnaði eru níu sýningar í gangi í einu.

**2. Stykkishólmur**
Byggðasafn Snæfellinga nefnist Norska húsið. Í Stykkishólmi eru einnig söfn um andstæðurnar í íslenskri náttúru, Vatnasafnið og Eldfjallasafnið.

**3. Ísafjörður**
Í Neðstakaupstað á Ísafirði er Byggðasafn Vestfjarða. Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni er nú Safnahús.

**4. Siglufjörður**
Síldarminjasafnið er stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins.

**5. Akureyri**
Nonnahús, Davíðshús og Sigurhæðir tilheyra Minjasafninu. Iðnaðarsafnið er á Akureyri auk Flugsafns Íslands.

**6. Seyðisfjörður**
Á safnasvæði Tækniminjasafns Austurlands er elsta ritsímastöð landsins, elsta vélsmiðjan og afar merk Bryggjuhús.

**7. Eyrarbakki**
Grunnsýning Byggðasafns Árnesinga er í Húsinu á Eyrarbakka.






2



5



7



6



4



3

## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN SVÍNABÆLI Í FLATEY Á BREIÐAFIRÐI

# Þar sem orkustöðvarnar mætast og óskir rætast

Diljá Ámundadóttir, varaborgarfulltrúi Besta flokksins, á sér eftirlætisstað í Breiðafirðinum, nánar tiltekið í Flatey. „Svínabæli í Flatey er uppáhaldsstaðurinn minn. Þar er gott að kjarna sig. Þar mætast nokkrar orkustöðvar og kona má óska sér og óskirnar rætast," segir Diljá sem er einmitt nýkomin þaðan úr orlofi með bestu vinkonu sinni, Heiðu Kristínu Helgadóttur.

Svínabæli á Flatey er einstakt náttúruundur en þar mætast tveir orkuflekar og sagt er að þar megi sækja yfirnáttúrulega orku og komast í tæri við mikinn frumkraft.

Flatey á Breiðafirði er jafnframt stærsta Vestureyjan á Breiðafirði og henni tilheyra alls 40 eyjar og hólmar. Hún er talin hafa myndast undir afli skriðjökla á ísöld. Vestureyjarnar liggja jafnframt á stórri megineldstöð og því finnst víða jarðhiti og margs konar stuðlaberg á eynni. Auk fjölskrúðugs fuglalífs eru gjöful fiskimið allt í kringum eyjuna og í undirdjúpunum kringum Flatey eru merkar fornminjar tveggja skipa sem sukku á 18. öld.

„Þetta er einn magnaðasti staður á jörðinni," segir Diljá.



DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR





**Í FLATEY** Diljá Ámundadóttir segir að þangað megi sækja yfirnáttúrulega orku.


**DEH-150**




4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið– og hátóna.
**Verð: 19.900,- kr.**

**DEH-1500**




4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
**Verð: 22.900,- kr.**

**DEH-4500**




4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / iPod í gegnum USB / Bluetooth, mic fylgir / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið– og hátóna.
**Verð: 37.900,- kr.**

Pioneer HLJÓMTÆKI
HEIMSKLASSA HLJÓMFLUTNINGUR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
VERSLANIR UM LAND ALLT
www.ormsson.is




eBOX

*auðveldar smásendingar*

EINFÖLD
REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

# SMÆRRI SENDINGAR FRÁ STÓRU LANDI

Á stórum skipum rúmast margar smáar sendingar. eBOX hefur þegar sannað sig sem þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Nú nær þjónustan einnig til Norður-Ameríku. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim við fyrsta tækifæri. Fljótlegt og auðvelt.

FÍTON / SÍA

EIMSKIP

eBOX

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

# Neyðast til þess að neyta óhollustu

Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur gagnrýnir lélegt framboð spítala á hollum mat. Vill hann að settar séu reglur um efnið. Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, segir þetta ekki hafa verið til umræðu.

Næringarfræðingur segir ómögulegt að nálgast hollan mat innan veggja sjúkrahúsa landsins. Sjúklingar, bæði þeir sem lagðir eru inn og þeir sem eru með minniháttar áverka, sem vilja hugsa um heilsuna hafi ekki tækifæri til þess að næra sig sómasamlega.

Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur segir þetta skjóta skökku við. „Almennt, bæði á sjúkrahúsum og eins til dæmis í skólum, finnst mér þetta vera ljót markaðssetning, að hafa sjálfsala aðeins með óhollustu fyrir börn og sjúklinga. Það ætti auðvitað frekar að vera hollusta í boði. Það er næstum því jafnsorglegt og að sjá reykingamenn reykja fyrir utan spítala.“

Hann segist sjálfur hafa reynslu af því að erfitt sé að nálgast hollustu á sjúkrahúsinu sé biðin löng. „Ég var uppi á bráðamóttöku um daginn og þurfti að bíða. Það var mikið að gera eins og gengur. Svo varð ég svangur og fór að leita að mat en fann aðeins súkkulaði og gos.“



GEIR GUNNAR MARKÚSSON

**Stjórnendur spítalanna hjóta að bera ábyrgð á því hver selur vörurnar sínar innan veggja spítalanna.**

Að hans mati er þetta einkennilegt fyrirkomulag sem verði að vekja athygli á. Hann segir sér umhugað um heilsuna og að hann hafi viljað borða hollan mat en aðstæður hafi ekki boðið upp á það.

„Bæði sjálfsalafyrirtækin og sjúkrahúsin bera ábyrgð á þessu. Stjórnendur spítalanna hljóta að bera ábyrgð á því hver selur vörurnar sínar á spítölunum. Ef þeir geta það ekki verður æðsti maður heilbrigðismála á Íslandi, velferðarráðherra, að setja reglur um þetta.“

„Spítalinn hefur ekki sett nein skilyrði um hvað er til sölu í verslunum spítalans eða sjálfsölum. Það hefur engin umræða verið uppi það,“ segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans. Hann bendir á að spítalinn reki mötuneyti sem öllum er velkomið að nýta sér. Það sé þó ekki opið allan sólarhringinn þar sem það lokar á kvöldin.

„Kvennadeild Rauða krossins rekur sjálfsalana og er með veitingasölu, þar sem er sælgæti og gos sem er jú ekki hollt en mér skilst að þar sé líka að fá samlokur og bakka.“

Hann segir langt síðan hann athugaði hvað í boði væri. „Þetta er alfarið á könnu líknarfélaganna.“

Veitingasala Kvennadeildar Rauða krossins er opin frá 10-16 alla virka daga og skemur um helgar eða milli 14 og 16. „Á kvöldin er ekkert nema þessir sjálfsalar,“ segir Ingólfur.



**ÓHOLLUSTAN Í FYRIRÚMI** Yfirgnæfandi magn sælgætis í sjálfsölum á Landspítalanum Hringbraut. Af um áttatíu vörutegundum eru þrjár sem talist geta holl fæða.

## Sjálfsalarnir bjóða upp á:

**Eiríksstaðir**: Gos

**Fossvogur**
*Anddyri:* Mjólkurvörur, kex, sælgæti, ávaxtasafar, gos, ís.
*Slysa- og bráðadeild:* Mjólkurvörur, kex, sælgæti, ávaxtasafar, gos, ís.

**Grensás**: Sælgæti, gos.

**Hringbraut**
*Anddyri (Kringlan):* Mjólkurvörur, kex, sælgæti, ávaxtasafar, gos, ís.
*Fæðingardeild:* Mjólkurvörur, kex, sælgæti, ávaxtasafar, gos.
*Starfsmannainngangur:* Gos.
*Framan við matsalinn:* Gos.

**Geðdeildahús**: Sælgæti.

**Kleppur**: Gos.

**Landakot**: Sælgæti, gos.

Fengið af vefsíðu Landspítalans.






## Google auðveldar leit að ódýru flugi

Netrisinn Google býður nú upp á leitarvélina Google Flights, sem auðveldar notendum að finna ódýr flug. Við þetta bætist Google á markað flugleitarvéla á borð við Dohop og Momondo.

Eins og stendur hefur þjónustan ekki verið virkjuð fyrir flug frá Íslandi.

Leitarvélin er samþætt Google Maps og ber með sér einfaldleika sem einkennir gjarnan vörur Google. Sérkenni leitarvélarinnar er að með henni er hægt að leita myndrænt á korti, en ekki einungis með því að slá inn nafn viðkomandi borga í leitarglugga eða valmynd.



**NEYTANDINN** Björt Ólafsdóttir

## Stefnir á að mæta í Converse upp í pontu



„Bestu kaup sem ég hef gert eru Converse-skór, sem ég hef fest kaup á reglulega frá því ég var 15 ára gömul. Í þessu geng ég nánast allar helgar og svo set ég skóna í þvottavélina til að halda þeim við. Ég á eina hvíta núna og eina ljósbláa,“ segir Björt Ólafsdóttir alþingiskona.

Björt hóf nýlega störf á Alþingi fyrir hönd Bjartrar framtíðar en áður starfaði hún sem formaður Geðhjálpar.

Spurð hvort hún myndi þora að mæta í Converse-skónum sínum í vinnuna sagði Björt að hún eigi að öllum líkindum eftir að gera það í bráð, nú þegar sólin er byrjuð að skína. „Ég held ég yrði ekki rekin ef ég myndi stíga á þeim upp í pontu. Nú er farið að hlýna og þá er mjög þægilegt að grípa í Converse.“

Verstu kaup Bjartar eru hins vegar bökunarvogir. „Ég er með sérstaka áráttu fyrir sérhæfðum eldhústækjum. Eldhúsið er eina svæðið þar sem ég og maðurinn minn erum í stöðugri valdabaráttu. Hann læðist reglulega niður í geymslu til þess að ferja niður eldhúsgræjur sem ég hef fest kaup á og engin not eru fyrir. Dæmi um þetta eru bökunarvogir,“ segir Björt og bætir við að hún noti ekki bökunarvogir við bakstur. „Þetta er í raun óskiljanlegt, en ég fann tvær niðri í geymslu um daginn.“




**Tilboðin gilda 4. - 7. júlí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Kosið var í nýja stjórn á hluthafafundi Skipta hf.:

# Nýr formaður stjórnar

**VIÐSKIPTI** Sigríður Hrólfsdóttir viðskiptafræðingur hefur tekið við sem formaður nýrrar stjórnar Skipta hf., móðurfélags Símans og fleiri fyrirtækja.

Ný stjórn var kjörin í félaginu á hluthafafundi á þriðjudag. Ásamt Sigríði voru tveir nýir stjórnarmenn kjörnir, þeir Stefán Árni Auðólfsson lögmaður og Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Póstsins. Ingimundur var á fyrsta fundi stjórnar var valinn varaformaður hennar. Áfram sitja í stjórninni Heiðrún Jónsdóttir og Helgi Magnússon.

Samkvæmt heimildum blaðsins hlutu Sigríður og Ingimundur afgerandi kosningu með 9,5 og 9,2 milljónir atkvæða, en framboð þeirra naut stuðnings Arion banka, stærsta eiganda félagsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu þess.



**SIGRÍÐUR HRÓLFSDÓTTIR**

Bankinn á 38 prósenta í Skiptum.

Úr stjórn fara Benedikt Sveinsson, sem var formaður, Magnús Scheving Thorsteinsson og Dagný Halldórsdóttir.

Dagný bauð sig fram á ný, en hún átti sæti í stjórninni fyrir hönd Klakka, þrotabús Exista. Henni dugðu ekki til endurkjörs 3,4 milljónir atkvæða.

Fjórir stærstu eigendur á eftir Arion banka eru Lífeyrissjóður verslunarmanna með 13,2 prósenta hlut, LSR með 13 prósent, Gildi lífeyrissjóður með fimm prósenta hlut og Íslandssjóðir Íslandsbanka með 4,8 prósenta hlut. **- óká**

Með kaupæði í slagnum við keppinautana:

# Yahoo kaupir Qwiki

Netfyrirtækið Yahoo hefur fest kaup á Qwiki, sprotafyrirtæki að baki smáforrits (apps) fyrir iPhone-síma. Appið auðveldar fólki að búa til stuttar kvikmyndir með myndum, myndböndum og tónlist.

Í umfjöllun breska ríkisútvarpsins BBC um kaupin kemur fram að Yahoo hafi verið „haldið kaupæði“ í slagnum við keppinautana Google og Facebook um hylli notenda og auglýsenda. Þannig hafi fyrirtækið nýverið keypt vefþjónustuna Tumblr og fyrirtækið Bignoggins Productions sem sérhæfir sig í íþróttaleikja-öppum.




**RISASKJÁR** Yahoo segist ætla að styðja við Qwiki og efla þjónustuna. MYND/YAHOO! INC.

„Yahoo gaf ekki upp verðið á Qwiki. Tæknisíðan AllThingsD metur hins vegar kaupin á 40 til 50 milljónir dala,“ segir BBC. Upphæðin jafngildir 7,5 til 9,4 milljörðum króna. **- óká**

# Kostir fleiri en gallar fyrir níu af hverjum tíu

Aðild að ESB yrði ekki vandamál fyrir sjávarútveginn að því gefnu að lokað yrði á rányrkju og skilyrði sett um ráðstöfun arðs. Doktor í stjórnmálahagfræði segir mesta andstöðu við aðild koma frá þeim sem lifi af styrkjum og njóti tollverndar.

Kostir við aðild að Evrópusambandinu (ESB) eru fleiri en ókostirnir fyrir að minnsta kosti 90 prósent þjóðarinnar. Þetta er mat Magnúsar Bjarnasonar, doktors í stjórnmálahagfræði.

Í grein sem Magnús ritaði nýverið í efnahagsritið Vísbendingu fer Magnús yfir þau atriði sem upp á vantar að EES-aðild Íslands jafngildi fullri ESB-aðild.

„Tollabandalagið stuðlar að ódýrari og einfaldari inn- og útflutningi en ella með auknum viðskiptum og samkeppni,“ segir hann og bætir við að andstaða við tollabandalagið jafngildi stuðningi við höft. „Hverjir vilja þau? Varla aðrir en einokunarkaupmenn.“

Þá segir Magnús að Íslendingar myndu, líkt og Svíar og Finnar, geta styrkt landbúnað umfram það sem almennt gerist í ESB vegna þess að um heimskautalandbúnað væri að ræða. Þá sé ekki að sjá að ný aðildarríki ESB hafi lent í vandræðum vegna dýra- og plöntusjúkdóma, enda sé heilbrigðiseftirlit strangt í Evrópu. „Andstaðan kemur einkum frá þeim sem lifa af styrkum og fela sig bakvið tollvernd,“ segir hann.

Að mati Magnúsar eru lítil tormerki á því að afnema takmarkanir á fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi og bendir á að fram að hruni 2008 hafi ekkert bannað eigendum sjávarútvegsfyrirtækja að flytja hagnað sinn úr landi og fjárfesta erlendis. „Og sumir gerðu það,“ segir hann. Svo framarlega sem rányrkja yrði útilokuð og skilyrði sett um ráðstöfun arðs yrði ESB-aðild ekki vandamál fyrir sjávarútveginn. Magnús bendir líka á að ríki geti gengið í ESB með efnahagsmál í ólestri og tekið þátt í öllu samstarfi nema myntsamstarfinu. „Oftast þurfa þjóðirnar að taka sig á í efnahagsmálum til að taka upp evruna sem gjaldmiðil.“




**EVRÓPUFLAGG** Frá fundi með Maríu Damaniki, framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB, í fyrra. Doktor í stjórnmálahagfræði segir að í aðildarsamningi Íslands verði að tryggja að tillögur fiskifræðinga um hámarksafla haldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MAGNÚS BJARNASON**

Í doktorsritgerð Magnúsar frá árinu 2010 segir hann að til langs tíma, og að því gefnu að samkomulag náist um nauðsynlega vernd fiskistofna, megi gera ráð fyrir að hagvöxtur yrði hér sex til sjö prósentum meiri innan ESB en utan.

olikr@frettabladid.is


„Ég sé reikningana mína núna í nýju ljósi. Framsetningin er skýr og nýju yfirlitin veita mér góða yfirsýn yfir mánaðarlegan orkukostnað heimilisins.“

**Geir Jónsson, viðskiptavinur.**

„Á nýju yfirlitunum sé ég á einum stað þau atriði sem skipta máli þegar ég bóka reikninga frá Orkuveitunni. Reikningarnir er nú einfaldari og upplýsingar aðgengilegri.“

**Evlalía Kristjánsdóttir, Hagkaup / Bókhald.**

Nánari upplýsingar um nýju reikningana okkar má finna á or.is og orkanmin.is

Takk fyrir að vera í sambandi!



# Betri þjónusta fyrir þig

Nú hafa reikningar frá okkur fengið nýtt útlit eftir samráð og samstarf við viðskiptavini okkar. Við þökkum þeim, sem veittu okkur aðstoð við þetta skemmtilega verkefni, kærlega fyrir hjálpina.

Nýja útlitið er byggt á óskum viðskiptavina um samræmi, einfalda uppsetningu og áherslu á það sem skiptir mestu máli. Á nýjum reikningum er auðveldara að sjá hver orkunotkunin er í raun og veru.

Það er miklvægt, bæði fyrir þig og okkur.

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA SIA.IS ORK 64493 07/13

# GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!




## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSURÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 97.900 |
| 100x200 | 109.900 |
| 120x200 | 121.900 |
| 140x200 | 143.900 |
| 160x200 | 163.900 |
| 180x200 | 181.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

2JA SÆTA SÓFAR | 3JA SÆTA SÓFAR | SÓFASETT

SÓFA-VEISLAN 12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST 3,5% lántökugjald

TUNGUSÓFAR | HORNSÓFAR | SVEFNSÓFAR | O.FL.

## BLOOM 2ja og 3ja sæta




Ljóst og dökkgrátt áklæði.
3ja sæta stærð: 205x80 H80 cm. 2ja sæta. Stærð 145x80 H80 cm.

## ATLANTA 2ja og 3ja sæta sófar




Ljóst og dökkgrátt áklæði.
2ja sæta stærð 170x86 cm. 3ja sæta stærð: 210x86 cm.

## FLORIDA hornsófi með tungu




Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Einnig til hornsófi með tungu XL.

## OSLO tungusófi




Aukahlutur á mynd: Höfuðpúði fullt verð 12.900. Nú aðeins 9.900.

Stærð 230 x 150/85 cm.
Slitsterkt áklæði í 4 litum. Grátt, ljósgrátt, svart og beige. Tunga getur verið h/v.

**Holtagörðum**
**Pöntunarsími 512 6800**

DORMA – býður góða nótt

DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI á Akureyri og í Reykjavík

OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: Lokað í júlímánuði



3 MANNA TJALD

Vnr. 88015952
3 manna tjald.

**5.990kr.**



5 MANNA TJALD

Vnr. 88015956
5 manna braggatjald.

**19.990kr.**

# Í BYKO FÆRÐU ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ



Vnr. 50632105
MR GRILL ferðagasgrill,
grillflötur 30x37cm, efri grind,
hitadreifiplata, 2,6 kW.

**9.990kr.**



Vnr. 88015715
Vatnsbrúsi, 15 l.

**690kr.**

SAMANBRJÓTANLEGUR



30 LÍTRA

Vnr. 87651648
Kælibox, 30 l, með
borði og stólum.

**15.990kr.**



Vnr. 87991320
Pottasett, 6 stk.

**3.990kr.**



25 LÍTRA

Vnr. 87741450
Kælibox, 25 l.

**2.990kr.**



25 LÍTRA

12V

Vnr. 87977142
Kælibox í bílinn,
12V, 25 l.

**7.990kr.**



Vnr. 88015974
Svefnpoki, -5°,
200x80 cm.

**4.990kr.**



Vnr. 88015966
Tjalddýna,
200x70 cm.

**699kr.**



Vnr. 88012297
Dýna, 183x51 cm,
sjálfuppblásanleg.

**2.990kr.**



Vnr. 88098157/8
Útilegustóll,
blár eða grænn.

**1.490kr.**



Vnr. 41120736
Útileguborð,
80x60 cm.

**4.990kr.**

4 MANNA TJALD



Vnr. 88015959
Fjögurra manna tjald.

**11.990kr.**

2 MANNA TJALD



Vnr. 88015950
2 manna tjald.

**2.490kr.**



KASSEL
Vnr. 65105754
Hitablásari,
2000W, 220V.

**1.990kr.**



Vnr. 54308828
Kapalkefli, 4-F,
10 m snúra.

**2.490kr.**

TIL Í GULU, GRÆNU OG SVÖRTU



Vnr. 93460010-25
Regngalli PVC/nylon,
stærðir M-XXL.

**2.990kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.




Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

**4.695 kr.**




Vnr. 85551083-183
BYKO inni- og útimálning, hvít 10 l, gljástig 6.

**6.990 kr.**

VERÐVERND BYKO

# LÆGRA VERÐ

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 50630080
Cook Dome kolagrill, 57 cm.

KLÚBB verð **29.990 kr.**
Almennt verð 49.990 kr.




Vnr. 50630082
Excel 200
gasgrill, 6,2 kW.

NEISTAKVEIKJARI
TVÖFALDUR ÁLBRENNARI
ELDUNARSVÆÐI 49,5X35 CM

KLÚBB verð **29.990 kr.**
Almennt verð 45.990 kr.

Einhell

Vnr. 74830025
EINHELL RG-EM 1233
rafmagnssláttuvél, 1250W.
Sláttubreidd er 33 cm og hæðarstilling 25–60 mm.
30 l safnkassi.



**28.990 kr.**

BOSCH

Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320,
rafmagnssláttuvél, 1200W,
sláttubreidd 32 cm,
stillanleg sláttuhæð frá 20-60 mm. 31 l safnkassi.

**29.990 kr.**






Vnr. 50630084
Outback gasgrill með tvöföldum álbrennara.
2 postulínshúðaðar grillgrindur og efri hitunargrind. 9,0 kW.

**49.990 kr.**

STERLING



Vnr. 50657140
STERLING 2858
gasgrill, 2 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð og skápur.
Eldunarsvæði 60x38 cm.
Ryðfrítt/ál. 11,4 kW.

**79.990 kr.**

Einhell



Vnr. 74830010
EINHELL rafmagns-sláttuorf BG-ET 2620,
260W, sláttubreidd 20 cm.

**4.990 kr.**



Vnr. 53323110
Sláttuorf BC260,
tvígengismótor, 22,5cc,
42 cm sláttubreidd.

**15.990 kr.**

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# SKOÐUN

Skýrslan um ÍLS hefði mátt koma fyrir kosningar:

## Framsókn, loforðin og ábyrgðin

Talsverði gagnrýni sætti að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð skyldi ekki koma út fyrir kosningar. Það var eðlileg gagnrýni; gera mátti ráð fyrir að nefndin fjallaði meðal annars um pólitíska ábyrgð á þeim mistökum sem leiddu til afleitrar stöðu sjóðsins. Það eru upplýsingar sem kjósendur hefðu átt að hafa í höndum þegar þeir tóku afstöðu til flokka í kosningunum.

Nú liggur niðurstaðan fyrir og er býsna skýr. Kosningaloforð Framsóknarflokksins vorið 2003 um að lána fyrir 90% af andvirði íbúðar var glapræði og upphafið að vegferð sem „endaði illa og varð þjóðinni dýrkeypt“ eins og nefndin orðar það.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hún undanskilur ekki hinn stjórnarflokkinn ábyrgð: „Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var samábyrg fyrir breytingunum 2004 en um þær var samt sem áður pólitískur ágreiningur milli flokkanna og jafnvel innan þeirra. Það veikti þá umgjörð og festu sem hefði þurft að vera til staðar við innleiðinguna.“

Kjósendum hefði sennilega líka þótt áhugavert að lesa greiningu rannsóknarnefndarinnar á afleiðingum loforðsins um 90% lán. ÍLS slakaði á lánaskilyrðum og gerði minni kröfur í greiðslumati á sama tíma og veðhlutfall var hækkað í 90%. Útlánavöxturinn náði hámarki 2005 en þá var húsnæðisverð orðið hátt í sögulegu samhengi og ekki líklegt að það héldist þannig lengi. „Því var stór hluti af lánum sjóðsins veittur þegar húsnæðisverð var hátt og veðhlutfall hærra en áður eða 90%. Húsnæðisverð hækkaði enn næstu misserin og því voru meiri líkur á að útlán sem voru veitt á árunum 2004–2007 lentu í vanskilum en önnur. Þegar fasteignaverð tók að lækka í byrjun árs 2008 og höfuðstóll útlána hækkaði vegna aukinnar verðbólgu dugði veð í mörgum tilvikum ekki fyrir láninu á sama tíma og margir lántakendur réðu ekki við þyngri greiðslubyrði,“ segir nefndin.

Með öðrum orðum: Hið óábyrga kosningaloforð Framsóknarflokksins árið 2003 stuðlaði að því að búa til hluta af skuldavandanum, sem flokkurinn lofaði tíu árum síðar að leysa með öðru óábyrgu kosningaloforði. Að ekki sé talað um milljarðatugina sem hafa fallið og eiga eftir að falla á skattgreiðendur vegna rangra ákvarðana á Íbúðalánasjóð í sínum tíma.

Kjósendum hefði líka getað þótt forvitnilegt að vita að þáverandi – og núverandi – stjórnarflokkar skelltu skollaeyrum við aðvörunum og tillögum alþjóðastofnana eins og AGS og OECD. Þannig að þótt forsætisráðherrann leyfi sér að gera lítið úr varnaðarorðum þeirra vegna áforma um stórfellda skuldaniðurfellingu og skáki í því skjóli að þær hafi haft rangt fyrir sér í Icesave-málinu en hann rétt, sýnir þessi saga að það er ekki alltaf jafnsmart að hunza ráðleggingar sérfræðinga alþjóðastofnana.

Kosningarnar eru búnar og kannski hefði það engu breytt um úrslit þeirra þótt kjósendur hefðu haft skýrsluna um Íbúðalánasjóð í höndum. Hún ætti þó alltént að geta sýnt flokkunum sem fóru illa að ráði sínu árið 2004 að það getur borgað sig að fara varlega þegar á að hrinda stórfenglegum kosningaloforðum í framkvæmd, vanda útfærsluna og hlusta á varnaðarorðin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍIÐ

ASUS

10“ MEMO PAD



Fullkominn ferðafélagi fyrir alla fjölskylduna. Fjögurra kjarna Nvidia Tegra 3 örgjörvi, 16GB minni sem hægt er að stækka um 32GB. Kristaltær og skýr IPS snertiskjár með 10 punkta næmni. Android 4.1 Jelly Bean.

ASU-ME301T1B041A

59.990

tl.is TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Groundhog Day

Steingrímur J. Sigfússon var grimmur á þingi í gær þegar hann ræddi um samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar í tilefni af skýrslu rannsóknarnefndarinnar um Íbúðalánasjóð. „Þetta er svo fullkomin endurtekning þegar þessir flokkar ná saman og þeir tala sig inn á þjóðina,“ sagði Steingrímur, með vísan til nýrrar stjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, og reyndi í kjölfarið að rifja upp nafnið á kvikmynd. Kollegi hans í salnum kallaði fram í að myndin héti Groundhog Day. „Já, Groundhog Day. Þetta er eiginlega bara þannig,“ sagði Steingrímur.

### Deja vu

Spólum nú tvö ár og átta mánuði aftur í tímann – aftur til nóvemberbyrjunar 2010 – og grípum niður í þingræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um ríkisstjórnarsamstarf áðurnefnds Steingríms og Jóhönnu Sigurðardóttur: „Hefur hæstvirtur forsætisráðherra séð kvikmyndina Groundhog Day sem fjallar um mann sem upplifir sama daginn aftur og aftur og aftur? Þannig finnst mér stundum tilveran vera í stjórnmálum hér með þessa ríkisstjórn. Aftur og aftur er maður að upplifa nákvæmlega sama hlutinn, sama hlut og maður upplifði hér fyrir næstum tveimur árum.“ Það má segja að þeir hafi báðir rétt fyrir sér, Sigmundur og Steingrímur – stjórnmálin hér eru sannarlega farin að minna á Groundhog Day.





### „Ef þetta er rétt“

Höfundar rannsóknarskýrslunnar um Íbúðalánasjóð fjalla í þaula um meinta aðkomu Eiríks Guðnasonar, fyrrverandi Seðlabankastjóra, sem stjórnarmanns í Fjármálaeftirlitinu, að því að tryggja syni framsóknarráðherrans Páls Péturssonar forstjórastól hjá eftirlitinu. Og á hverju byggði umfjöllunin? Jú, tölvupósti frá þingmanninum fyrrverandi Þór Saari um eitthvað sem hann segist hafa heyrt í mötuneytinu í Seðlabankanum árið 1999. Ályktanir nefndarinnar hefjast á orðunum, „Ef þetta er rétt,“ sem er ansi stórt „ef“, enda greindi Eyjan frá því í gær að Eiríkur Guðnason hefði ekki einu sinni verið stjórnarmaður í FME. Þetta er ekki traustvekjandi.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hversdagsþörf hælisleitenda

ÚTLENDINGAR



Toshiki Toma
prestur

Ég fer reglulega í heimsókn til hælisleitenda, sem dvelja á Fit-hosteli í Reykjanesbæ, sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum og einnig kem ég í heimsókn sem prestur innflytjenda ef fólk óskar eftir því.

Ég hef sinnt þessum heimsóknum í átta ár. Á þessum árum hef ég hitt marga einstaklinga undir þaki Fit-hostels en það er eitt sem næstum allir sögðu og segja enn. „Hér hef ég ekkert að gera. Ég eyði dögum mínum í tilgangsleysi. Af hverju má ég ekki vinna? Mig langar að verða hluti af mannlegu samfélagi.“ Ég á auðvelt með að setja mig í spor þeirra sem svona tala. Málefni hælisleitenda innihalda tvær hliðar. Önnur snýr að meðferð hælisumsóknarinnar sjálfrar en hin að lífi hælisleitandans á meðan á biðinni stendur.

Þegar kemur að seinni hliðinni, kveða útlendingalögin á um að: „Í reglugerð skal mælt fyrir um réttindi hælisleitenda, þ.m.t.: … b) aðgang að menntun og starfsþjálfun, …“ (47.gr.b). Í raun er ekkert um þessi atriði í reglugerðum og hefur lögunum því ekki verið fylgt hvað þetta varðar.

### Kvarta ekki bara til að kvarta

Ég vona því að aðstæðurnar lagist með nýrri ríkisstjórn, sem þarf fyrst og fremst að hlusta á hælisleitendur sjálfa til að geta bætt stöðu þeirra. Rauði krossinn eða Reykjanesbær koma að sjálfsögðu einnig að málinu og skila áliti um það, en það þarf einnig að heyra viðhorf hælisleitanda. Mér skilst að velferðarráðuneytið sé æðsta yfirvald sem hefur með líf hælisleitenda á biðtímabilinu að gera. Hefur fulltrúi velferðarráðuneytisins hlustað á hælisleitendur til að skilja hversdagsþörf þeirra og líðan?

**➜ Á þessum árum hef ég hitt marga einstaklinga undir þaki Fit-hostels en það er eitt sem næstum allir sögðu og segja enn. „Hér hef ég ekkert að gera. Ég eyði dögum mínum í tilgangsleysi. Af hverju má ég ekki vinna? Mig langar að verða hluti af mannlegu samfélagi.“**

Flestir hælisleitendur kvarta ekki bara til þess að kvarta. Það er ástæða fyrir því að kvarta eða mótmæla. Og að mínu mati eru þeir alls ekki vitlaust fólk og það er jú hægt að tala saman í ró. Þegar misskilningur gerir vart við sig er hægt að leiðrétta hann með alvöru samtali.

Ég vil innilega hvetja velferðarráðherra til að koma því í kring að fulltrúi ráðuneytisins heimsæki hælisleitendur í Fit-hosteli og á öðrum stöðum og hlusti á þörf þeirra og óskir í ró og næði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Sigríður Björg Tómasdóttir, sigridur@frettabladid.is HELGAREFNI: Kjartan Guðmundsson kjartan@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is VÍSIR: Kristján Hjálmarsson, kristjan@visir.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Hversu óforskammað?

STJÓRNMÁL



**Katrín Júlíusdóttir**
þingkona og varaformaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi ráðherra

Í nýlegum leiðara Ólafs Þ. Stephensen hér í Fréttablaðinu segir hann óforskammað af undirritaðri að gagnrýna ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks fyrir að ætla ekki að efna samkomulag sem fyrri ríkisstjórn gerði við Landssamband lífeyrissjóða um skuldalækkun hjá þeim lántakendum sem eru með lánsveð. Ég tel mig vel geta staðið á því að gagnrýna þessa ríkisstjórn fyrir það að ætla að láta þennan hóp sitja einan eftir án þess að neitt sé óforskammað við það. Staðreyndir málsins eru þessar:

**Samkomulagið við lífeyrissjóðina**

Fyrrverandi ríkisstjórn stóð í miklu og erfiðu samningaþrefi við lífeyrissjóðina á síðasta kjörtímabili um málið. Þeir stóðu fast á því að þeim væri ekki heimilt að gera nokkuð sem mögulega gæti skert lífeyri þeirra félagsmanna og vísuðu þar í stjórnarskrá og lög um ábyrgð stjórnarmanna sjóðanna. Samningsstaðan var því afar þung. Því ákváðum við sem í þessum samningum stóðum að skrifa að lokum undir samkomulag sem fól í sér að ríkið tæki að sér beinan kostnað sem af þessu hlytist upp á 88% en lífeyrissjóðirnir bæru 12% af beinum kostnaði. Samkomulagið gerir jafnframt ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir láni ríkinu fyrir sínum hluta á hagstæðum kjörum auk þess að sjá um alla vinnuna við höfuðstólslækkanir þessara lána.

**Forystumenn D og B upplýstir**

Við lok þessara samninga höfðum við samband við forystumenn núverandi stjórnarflokka og upplýstum þá um málið. Var það gert einmitt vegna þess að ljóst var að ef af þessum samningum yrði þá þyrfti að gera ráð fyrir útgjöldum upp á 2-3 milljarða samtals á næstu árum. Undirritun samkomulagsins fól því í sér ákvörðun um að forgangsraða þessum hópi inn á fjárlög með áðurnefnda upphæð yfir nokkurra ára bil til að endurgreiða lífeyrissjóðunum hluta ríkisins. Úr ranni Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks heyrðust engin mótmæli. A.m.k ekki fyrir kosningar. Og vegna þess að við lögðum okkur fram um að upplýsa núverandi stjórnarflokka um málið þá tafðist undirritun samkomulagsins um nokkrar vikur.

> **Lánsveðshópurinn er sá hópur sem ég taldi okkur öll sammála um að þyrftu ekki síst á stuðningi að halda.**

**Óréttlátt að lánsveðshópurinn sitji eftir**

Sú upphæð sem hér um ræðir er ekki há í samanburði við þann mikla kostnað sem á samfélagið féll í kjölfar hrunins. Þetta er ekki há upphæð til að tryggja það að þessi hópur sitji við sama borð og aðrir sem fengið hafa skuldaniðurfellingar fram til þessa. Lánsveðshópurinn er sá hópur sem ég taldi okkur öll sammála um að þyrftu ekki síst á stuðningi að halda. Fólk og fjölskyldur sem keyptu á versta tíma fyrir hrun og þurftu til þess veð að láni hjá vinum eða venslafólki.

Þetta eru mikið til ungu fjölskyldurnar sem nú sitja í sínum íbúðum yfirveðsettum og komast hvorki lönd né strönd. Hversu óforskammað er það að vilja mæta þessu fólki þó ekki væri nema til þess að gæta jafnræðis milli lántakenda? Til að setja þessa upphæð í samhengi þá er hún talsvert lægri en sem nemur lækkun veiðigjalda skv. frumvarpi því sem nú liggur fyrir frá ríkisstjórninni í þinginu og hún ætlar að keyra í gegn – bara á þessu ári. Þetta birtir forgangsröðun nýrrar ríkisstjórnar í raun sem ætlar að afsala sér þrisvar sinnum hærri upphæð á ársgrundvelli en hér um ræðir af veiðigjöldunum einum. Og skilja lánsveðshópinn eftir í fullkominni óvissu. Hversu óforskammað er það?

## AF NETINU

### Lausn á vandamáli þingmanna

Eitt af stóru vandamálunum sem íslenska þjóðin glímir við er klæðaburður þingmanna. Margir þingmenn eru á þunglyndislyfjum vegna kvíðahnútar sem þeir eru með í maganum á kvöldin. Þeir eru í öngum sínum og bryðja svefntöflur til að létta á andvökunóttunum. Áhyggjurnar eru svo gríðarlegar af því hverju skuli klæðast daginn eftir. Hvað má? Hvað má ekki?

Það er auðvelt að bæta bölið og heilsu þingmanna. Það þarf aðeins að samræma klæðnað þingmanna. Þetta er gert við presta. Þeir klæðast flestir samskonar hvítum kjólum. Þetta er gert við fermingarbörn. Þau klæðast samskonar hvítum kjólum. Þingmenn tækju sig vel út í bleikum kjólum. Sérstaklega Sigmundur Davíð.

jensgud.blog.is
*Jens Guðmundsson*

# Hræðslan við gleðina

LÍFSVIÐHORF



**Rúna Magnúsdóttir**
stjórnendamarkþjálfi og fyrirlesari

Einn ástsælasti fjölmiðlamaður Íslands, Hemmi Gunn, er fallinn frá eins og alþjóð veit. Nú var ég eins og meirihluti þjóðarinnar ein af þeim sem vissu vissulega hver maðurinn var. Í áratugi naut ég þess að horfa og hlusta á hann á skjánum og í útvarpi, gefa frá sér þessa einlægu gleði og hlýju sem einkenndi hann. Hemmi skildi eftir sig heila þjóð sem fyllist af gleði og brosi þegar hún hugsar til hans. Einlægni hans og opinská umræða um þær hindranir sem hann tókst á við gerði það einnig að verkum að við treystum því og höfðum fullan skilning á því að Hemmi gat bæði flogið hátt og fallið hratt.

Mér fannst áhugavert að sjá og heyra vini Hemma segja frá lífi hans og störfum í bæði í sjónvarpi og útvarpi. Eitt af því sem ég tók eftir var að margir töluðu um að; „Þrátt fyrir gleðina var Hemmi var mjög vel gefinn maður!"

Þessi sérstaka fullyrðing fékk mig til að hugsa; hvenær tókum við þá ákvörðun að segja að fólk sem hefur hina náttúrulegu gleði í hjartanu sé einhverra hluta vegna ekki vel gefið? Þá langar mig einnig til að finna þann „frumkvöðul" sem gaf út þá yfirlýsingu að ekki skyldi taka mark á fólki sem hefði náttúrulega hæfileika til að gefa af sér gleði og hamingju.

Þegar þetta er skrifað hafa hundruð Íslendinga menntað sig og þjálfað sérstaklega til að hjálpa fólki til að finna gleðina, hamingjuna í lífinu með aðferðafræði eins og markþjálfun og jákvæðri sálfræði. Við lesum daglega um niðurstöður rannsókna sem sýna að það skiptir fólki mun meira máli að hafa skýran tilgang í lífi og starfi, en hærri laun eða önnur hlunnindi. Fólk þarf í dag sérstaka aðstoð sérfræðinga til að finna gleðina og hamingjuna í lífinu, og jafnvel þeir sem hafa þennan náttúrulega hæfileika eru hræddir við að sýna hann, hræddir við að fá það orðspor að vera vitlausir vegna þess að gleðin er þeirra sterka hlið.

> **Fólk þarf í dag sérstaka aðstoð sérfræðinga til að finna gleðina og hamingjuna í lífinu, og jafnvel þeir sem hafa þennan náttúrulega hæfileika eru hræddir um að sýna hann, hræddir við að fá það orðspor að vera vitlausir.**

Dagurinn sem við förum að samþykkja fólk, hæfileika þess og getu án þess að athuga hvaða stafróf er á bak við nafnið þess inni á Linkedin er dagurinn sem við förum sem þjóð að efla og njóta hvers annars til fulls. Verum hvert öðru hvatning til góðra verka, hleypum gleðinni inn!


THULE SWEDEN

Burðarbogar
2 stk. 120cm langir

Vörunúmer: 761
Verð nú 6.995.-
Verð áður 8.995.-
Ath að festingar á myndinni fylgja ekki með.




Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/vorur/ferdavorur | stilling@stilling.is

SUMAR-
ÚTSALA
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Sóknarprestur misskilur hugtökin trúfrelsi og veraldlegt samfélag

TRÚMÁL



**Sigurður Hólm Gunnarsson**
í stjórn Siðmenntar – félags siðrænna húmanista á Íslandi

Sóknarpresturinn Gunnar Jóhannesson skrifar grein í Fréttablaðið 25. júní þar sem hann fjallar um stefnu Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi.

Eins og virðist vera algengt hjá prestlærðu fólki misskilur Gunnar viljandi eða óviljandi stefnu Siðmenntar og grundvallarhugtök eins og trúfrelsi og veraldlegt samfélag.

Gunnar vísar í grein mína „Stefna Siðmenntar í trúfrelsismálum er skýr og óbreytt“ þar sem ég vitna í stefnuskrá Siðmenntar:

„Siðmennt lítur svo á að sannfæringarfrelsi, trúfrelsi og tjáningarfrelsi teljist til almennra lýðréttinda. Þau skuli ná til allra og þau megi hvorki afnema né skerða undir neinum kringumstæðum.

Félagið telur að hið opinbera (ríkið, stjórnkerfið, þingið, dómskerfið, mennta- og heilbrigðiskerfið) eigi að starfa eftir veraldlegum leikreglum og án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga.“

Gunnar heldur því fram að stefnan sé mótsagnarkennd af því að:

**a)** Siðmennt styður almennt trúfrelsi og tjáningarfrelsi sem ekki megi afnema (trúfrelsi) og

**b)** Siðmennt telur að hið opinbera eigi að starfa eftir veraldlegum leikreglum án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga (veraldlegt samfélag).

**Ályktun Gunnars er þessi:**

„Það er erfitt að komast hjá því að álykta að krafa Siðmenntar sé í raun sú að hið opinbera svið eigi eingöngu að bera vitni um þá veraldlegu lífsskoðun sem félagið sjálft stendur vörð um, að þar sé að finna hlutlaust viðmið sem allir skuli sammælast um.“

Þessi ályktun sóknarprestsins er samt röng. Siðmennt er þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi ekki að boða ákveðna trúar- eða lífsskoðun. Ríkið á ekki að boða eða fjármagna boðun sem gengur út á að sannfæra almenning að guð sé til (lífsskoðun trúaðra) og að sama skapi eiga opinberar stofnanir ekki að reyna að telja fólki trú um að guð sé ekki til (lífsskoðun sumra siðrænna húmanista – margir telja sig ekki geta vitað hvort guð sé til).

**Munurinn**

Trúfrelsi tryggir öllum rétt til að trúa og tjá skoðanir sínar alls staðar, hvort sem það er heima hjá sér, inni í trúarhofum, úti á götum, inni í skólum, í strætó, í sundi eða í raun hvar sem er (svo lengi sem ekki er gengið á rétt annarra).

Veraldlegt samfélag snýst um hið opinbera, ekki almenning. Með veraldlegu samfélagi er reynt að tryggja að opinberar stofnanir séu ekki grundvallaðar á ákveðinni trú eða lífsskoðun. Í veraldlegu samfélagi fer ekki fram boðun á ákveðinni trú eða lífsskoðun á vegum hins opinbera eða í opinberum rými. Þannig ættu börn í opinberum skólum að fá frið fyrir áróðri bæði frá félögum eins og Þjóðkirkjunni og ekki síður frá Siðmennt.

Í veraldlegu samfélagi eru opinberar stofnanir hlutlausar þegar kemur að lífsskoðunum. Þar hanga ekki upp á vegg boðorðin tíu og ekki heldur stefnuskrá Siðmenntar. Þar starfa ekki einstaklingar sem hafa það hlutverk að kristna einstaklinga og ekki heldur guðleysingjar frá Siðmennt sem vinna við að sannfæra fólk um gildi trúleysis og húmanisma. Í opinberum skólum fer fram fræðsla um ýmislegt. Þar á meðal um trúarbrögð og lífsskoðanir en ekki boðun.

**➜ Trúfrelsi tryggir öllum rétt til að trúa og tjá skoðanir sínar alls staðar, hvort sem það er heima hjá sér, inni í trúarhofum, úti á götum, inni í skólum, í strætó, í sundi eða í raun hvar sem er (svo lengi sem ekki er gengið á rétt annarra).**

Rétt er hjá Gunnari að með veraldlegu samfélagi sé verið að fara eftir stefnu Siðmenntar af þeim augljósu ástæðum að Siðmennt berst fyrir veraldlegu samfélagi. En veraldlegt samfélag á ekki að vera normið af því að Siðmennt segir það heldur vegna þess að slíkt samfélag samræmist best hugmyndum okkar flestra um mannréttindi og umburðarlyndi.

Siðmennt hefur líka í nær aldarfjórðung barist fyrir tjáningarfrelsi, jafnrétti kynjanna og mannréttindum samkynhneigðra svo eitthvað sé nefnt. Það vill einfaldlega þannig til að Siðmennt berst ekki fyrir neinu sem skerðir rétt annarra. Stefna Siðmenntar hefur frá upphafi samræmst fullkomlega þeim hugmyndum um mannréttindi og frelsi sem nú þykja sjálfsögð. Sem dæmi er kirkjan enn að rífast um réttindi samkynhneigðra og meðan sjálfsögð réttindi þeirra hafa alltaf verið sjálfsögð meðal siðrænna húmanista.

Líklegast hefur ekkert félag á Íslandi talað jafn lengi og skýrt fyrir öllum þessum almennu réttindum. Er það vegna þess að félagið byggir afstöðu sína á gagnrýnni hugsun og siðfræði sem er óháð túlkun einstaklinga á gömlum trúarritum.

# Millidómstig eða Sameinaður Hæstiréttur?

RÉTTARKERFI



**Skúli Magnússon**
héraðsdómari og dósent við lagadeild HÍ

Íslenskt réttarkerfi sker sig frá því sem almennt tíðkast í vestrænum ríkjum með því að hér á landi eru aðeins tvö megindómstig, héraðsdómur og Hæstiréttur. Víðast annars staðar eru fyrir hendi þrjú dómstig og er þá venjulegt að æðsta dómstigið, sem stundum er í höndum fleiri dómstóla, fjalli aðeins um túlkun laga í milvægum málum og hafi þannig bæði öryggis- og fordæmisgefandi hlutverk. Tveggja dómstiga kerfinu fylgja ýmis vandkvæði, einkum þau að hér á landi er gildi munnlegs framburðar í sakamálum aðeins metið á einu dómstigi, þ.e. í héraðsdómi. Þótt Hæstarétti sé raunar heimilt að kalla vitni fyrir dóminn kýs rétturinn þannig frekar að vísa málinu aftur heim í hérað, ef talið er að mat héraðsdóms á munnlegum framburði hafi verið bersýnilega rangt. Ef Hæstiréttur er ósammála héraðsdómi um mat á sönnun (þ.e. sekt eða sakleysi) leiðir það í reynd til þess að málið er að nýju tekið til meðferðar í héraði. Það liggur nokkuð í augum uppi hvers vegna þetta fyrirkomulag er ekki sérlega æskilegt en um það atriði mætti hafa mun lengra mál. Einnig má gagnrýna tveggja dómstiga kerfið með þeim rökum að með því sé Hæstarétti ekki skapaður fullnægjandi forsendur til að sinna fordæmisgefandi hlutverki sínu.

**Yfirlýsing ríkisstjórnar**

Haustið 2010 skoruðu fagfélög lögfræðinga á Íslandi, þ.á m. Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands, á þáverandi dómsmálaráðherra að beita sér fyrir stofnun millidómstigs í einkamálum og sakamálum. Í framhaldinu fór fram nefndavinna á vegum ráðuneytisins sem lyktaði með skýrslu sumarið 2011 án þess þó að henni væri frekar fylgt eftir. Það er því ánægjulegt að ný ríkisstjórn skuli taka upp þráðinn og lýsa yfir afdráttarlausum vilja til umbóta á réttarkerfinu í þessa veru. Hjá því verður þó ekki litið að fullskapað millidómstig þýðir nýja ríkisstofnun og fjölgun dómara og annarra starfsmanna sem erfitt, jafnvel ómögulegt, getur verið að réttlæta við núverandi aðstæður í opinberum rekstri. Aðrar leiðir en stofnun nýs dómstóls frá grunni hljóta því að koma til skoðunar.

**Sameinaður Hæstiréttur**

Í stað þess að stofnaður sé nýr dómstóll frá grunni má hugsa sér að tekið verði upp það fyrirkomulag að Hæstiréttur hlýði á munnlega framburði, eftir því sem talin er þörf á, og endurmeti gildi þeirra andstætt því sem nú tíðkast. Þessi meðferð mála yrði í höndum þriggja hæstaréttardómara í samræmi við það vinnulag sem Hæstiréttur hefur sjálfur tekið upp síðustu ár vegna aukins álags, þó þannig að Hæstiréttur fengi heimild til að kalla til sérfróða meðdómsmenn líkt og héraðsdómur. Í raun myndu þessar þriggja manna deildir Hæstiréttur starfa sem áfrýjunarréttur (eða Landsyfirréttur) svo sem tíðkaðist hér á landi allt til ársins 1920. Að fengnum dómi Hæstaréttar væri svo hægt að sækja um leyfi til áfrýjunar til „Sameinaðs Hæstaréttar“ sem skipaður yrði 7 eða 9 hæstaréttardómurum. Sameinaður Hæstiréttur myndi eingöngu dæma um lagaatriði og taka sérlega mikilvæg mál til meðferðar. Með Sameinuðum Hæstarétti yrðu skapaðar mun styrkari forsendur fyrir fordæmisgefandi dómum og stuðlað að samræmi í réttarframkvæmd, t.d. í málum á borð við nýleg gengistryggingarmál. Þá væri réttaröryggi jafnframt aukið með möguleika á úrlausn á því sem jafngilda myndi þriðja dómstiginu.

**➜ Í raun myndu þessar þriggja manna deildir Hæstiréttur starfa sem áfrýjunarréttur (eða Landsyfirréttur) svo sem tíðkaðist hér á landi allt til ársins 1920.**

**Haldið í kosti núverandi kerfis**

Framangreint kerfi myndi hafa í för með sér einhverja fjölgun hæstaréttardómara og e.t.v. einhverjar breytingar á aðstöðu Hæstaréttar. Þetta rask væri þó smávægilegt samanborið við þann kostnað sem hljótast myndi af stofnun nýs millidómstigs frá grunni og rekstur þess til framtíðar. Þótt íslenskt dómskerfi standi frammi fyrir ákveðnum vandkvæðum má því ekki gleyma að hér er um að ræða ódýrt og skilvirkt kerfi sem staðið hefur ótrúlega vel aukið álag á síðustu árum. Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum sýnist skynsamlegt að ætla sér ekki um of og taka fyrsta skrefið í átt til þriðja dómstigsins án þess að þessum kostum núverandi fyrirkomulags sé fórnað. Sameinaður Hæstiréttur væri þó ekki aðeins ódýr lausn fyrir ríkissjóð heldur einnig skynsamlegt fyrirkomulag með tilliti til styrkingar dómsvaldsins, réttaröryggis og fordæmisgefandi hlutverks Hæstaréttar.

## AF NETINU

### Klassísk afgreiðsla

Blaðamaðurinn á Morgunblaðinu sem komst að slæmum sannleika varðandi íbúðalánasjóð 2004 var afgreiddur á stundinni sem alger bullari. Það þurfti níu ár til að sjá, að svo var ekki.

Þetta er næstum algilt lögmál frá fornöld þegar slíkir sendiboðar voru drepnir. Þeir Danir sem sáu í gegnum „íslenska bankaundrið“ voru úthrópaðir sem öfundsjúkir landar fyrrum kúgara Íslendinga.

Íslenskir kunnáttumenn, sem efuðust um „undrið“ og „tæra snilld“ á þessu sviði voru sagðir kverúlantar og nöldrarar. Erlendur kunnáttumaður, sem sá í hvað stefndi síðsumars 2008 var talinn þurfa að „fara í endurhæfingu.“

**omarragnarsson.blog.is**
*Ómar Ragnarsson*

### Ég biðst afsökunar

Þegar hinn skelfilegi sannleikur kemur í ljós, sést oftast, að ég hef farið of mildum orðum um ástandið. Hef kallað stjórnmálaflokka bófaflokka, þegar við hæfi væri að nota sterkara orðalag. Hef sagt kjósendur heimska, þegar við hæfi væri að kveða fastar að orði. Staðreyndin er, að Ísland er ónýtt ríki.

**jonas.is**
*Jónas Kristjánsson*


Glæsilegir ítalskir útistólar





Vönduð ítölsk hönnun á útistólum sem henta vel við íslenskar aðstæður. Veðurþolnir og sterkir úr hágæðaplasti, en engu að síður léttir og staflanlegir.
**Litir:** Grár - mosagrænn

FASTUS

FASTUS_E_15.05.13

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • **opið mán - fös 8.30 - 17.00**

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET




# 2.990 ÞÚS. KR.

*FÁÐU MEIRA ÚT ÚR FERÐALAGINU Í SUMAR*




Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

SÉRLEGA GLÆSILEGUR OG HLAÐINN BÚNAÐI

## NÝR CRUZE

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2011

Chevrolet Cruze LT 1.8 l • bensín • bsk
**Verð aðeins: 2.990 þús. kr.**

Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á **benni.is**

Opið alla virka frá 9 til 18
Lokað á laugardögum í júlí.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Vestræn samvinna um fríverslun og fjárfestingar

UTANRÍKISMÁL



Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Vestræn samvinna, sem svo heitir, varð til af þeirri nauðsyn að lýðfrjálsar þjóðir verðu hendur sínar fyrir yfirgangi Sovétríkjanna eftir 1945. Það var gert með stofnun NATO. Þá var efnt til efnahagslegrar samvinnu með fríverslun sem leiddi til stofnunar Evrópusambandsins. Þessi tvíþætta samvinna, nú stóraukin að þátttöku, hefur verið til hinna mestu heilla. Friður hélst í álfunni og framfarir voru stórstígari en áður þekktist. Þessi stóra mynd hins jákvæða vill því miður gleymast við dægurmálin. En er endurnýjunar vestræns samstarfs þörf með nýju frumkvæði?

Samningar hefjast brátt í Washington um svokallaðan Atlantshafssamning um viðskipti og fjárfestingar (Transatlantic Trade and Investment Pact). Um er að ræða afar framsækið frumkvæði Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um stofnun alhliða, hástaðla svæðis frjálsra viðskipta og annarra efnahagslegra samskipta. Að vísu blæs nú um málið vegna óvinsælda Bandaríkjamanna vegna uppljóstrana Snowdens; vatn á myllu Frakka, sem eru tregir í taumi í fríverslunarmálinu. En væntanlega munu meiri hagsmunir ráða yfir þeim minni.

Fyrirsjáanlegt er að viðskipti og atvinna munu aukast mjög innan fríverslunarsvæðisins við brotthvarf tolla og annarra viðskiptahindrana, sem vega þyngra. Atvinnurekendur eru sammála um að mikilla áhrifa sé að vænta af auknum gagnkvæmum fjárfestingum, sem þá þegar eru gríðarlega miklar á báða bóga. Staða dótturfyrirtækja og útibúa mun styrkjast til frekari fjárfestinga vegna samræmingar og stöðugleika í regluverki. Verk er að vinna á hugverkasviðum og hvati verður fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Þá gæti þetta samstarf tekið til samgangna, þar með flugsins. Verður staða Ameríkuflugs okkar með núverandi samningnum þá trygg?

### Illmælanlegt

Varðandi vöruútflutning þarf væntanlega að gæta sérlega að hagsmunum orkufreks iðnaðar. Við njótum ekki áhuga erlendra fjárfesta vegna gjaldeyrishaftanna. Nú kann að taka tíma að komast úr þeim vanda. Til langframa væri skaðanum greinilega boðið heim ef við værum utan hins fyrirhugaða trygga fjárfestingarsvæðis Atlantshafslandanna, bandamanna varðandi varnir og öryggi. Sú staða er hins vegar ákjósanleg fyrir aðra, sérstaklega Kínverja, sem vilja hlaupa í skarðið til fjárfestinga í landinu og til olíuleitar á Drekasvæðinu.

Sagan segir að sá magnaði hreyfikraftur sem fríverslunin er kalli fram ófyrirsjáanlegar framfarir. En þetta er illmælanlegt við gerð reiknilíkana hagfræðinga um ávinning af þátttöku eða tapi utan gátta. Þetta gerði utanríkisráðherra að umræðuefni í RÚV fyrir u.þ.b. hálfum mánuði. Þótt hver hafi sjálfsagt sitt að segja um athugasemdir ráðherrans um áhrif útflutningsverðs á saltfiski ber að þakka að hann hefur brotið ísinn og hafið umræðu um afar mikilvægt mál. Megi fleiri koma fram.

Þátttaka Íslands í þessu mikla fyrirhugaða fríverslunarsvæði er háð því að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu. Stjórnvöld hafa ýtt því máli til hliðar og sett hlé á aðildarviðræður, sem voru langt komnar. Eigi þær að bíða þjóðaratkvæðis næsta vor verður áhugi á Íslandi og velvild sem nýs aðildarríkis vafalaust farin að dofna. Hér er margs að gæta en þetta eru aðalatriði: Ísland getur ekki búið við eigin gjaldmiðil né

**→ Þátttaka Íslands í þessu mikla fyrirhugaða fríverslunarsvæði er háð því að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu. Stjórnvöld hafa ýtt því máli til hliðar og sett hlé á aðildarviðræður, sem voru langt komnar.**

lent utangarðs í hinu nýja svæði fríverslunar og fjárfestinga. Sem staðfastur umsækjandi aðildar gætum við nálgast umrædda samninga strax. Á dögunum talaði David Lidington, Evrópumálaráðherra Breta, í hátíðasal Háskóla Íslands. Var það hvatning um að Ísland gangi að fullu í ESB og fylgdu skilningsrík ummæli um sögu okkar og sjálfstæði. Það mátti taka mark á því, fremur en rómantískri ættjarðarást þegar betur færi raunsæi um stöðu smáþjóðar.

# Tölum um hlutina eins og þeir eru

EFNAHAGSMÁL



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Í aðdraganda nýliðinna kosninga voru allir flokkar sammála um mikilvægi þess að móta langtímastefnu í efnahagsmálum sem lagt gæti grunn að sjálfbærum og sterkum hagvexti á Íslandi. Að sama skapi var það mat stjórnmálamanna að leggja ætti aukna áherslu á uppbyggilega, málefnadrifna og gagnsæja umræðu um leiðir til aukinnar hagsældar. Grunnmarkmið allra flokka er það sama, þ.e. betri lífskjör á Íslandi, þó að ekki ríki einhugur um nákvæmar leiðir að því marki.

### Árangur næst ekki án umfangsmikilla breytinga

Til að raunveruleg skref séu tekin í átt til bættra lífskjara duga smáskammtalækningar illa. Ráðast þarf í róttæka uppstokkun á ýmsum sviðum efnahagslífsins til að grundvöllur sé fyrir sjálfbærri aukningu í verðmætasköpun. Í því felst að stjórnmálin sýni hugrekki til að nálgast fjölda viðfangsefna með nýjum hætti og hreyfi við ýmsum heilögum kúm. Til að slíkt geti átt sér stað er opinskátt og uppbyggilegt samtal allra hlutaðeigandi aðila nauðsynleg forsenda.

Það er vænlegast til árangurs að tala um hlutina eins og þeir eru. Krónan er ónothæfur gjaldmiðill í núverandi mynd, skuldastaða hins opinbera er á mörkum þess að teljast sjálfbær, gjaldeyrishöft draga mátt úr hagkerfinu, framleiðni er víða verulega ábótavant, skatta- og fjárfestingaumhverfi er flókið, útflutningur er alltof háður náttúruauðlindum og aukin efnahagsleg umsvif síðustu ára hafa í of ríkum mæli verið drifin af neyslu. Verði ekki tekið á þessum rótarmeinum með markvissum hætti eru allar líkur á að fram undan sé efnahagsleg stöðnun og rýrnun lífsgæða.

Sé litið á björtu hliðarnar þá höfum við mikil tækifæri til að mæta þessum áskorunum. Með trúverðugri langtímaáætlun í opinberum fjármálum og meiri aga í framkvæmd fjárlaga væri fyrsta skref stigið í átt til aukins stöðugleika. Bætt umgjörð vinnumarkaðar og sterkara vopnabúr Seðlabanka Íslands efla þjóðhagsleg skilyrði enn frekar. Undirbúningur er hafinn að þessum verkefnum og er það fagnaðarefni.

En betur má ef duga skal. Á endanum byggja efnahagsleg lífskjör á þeim verðmætum sem tekst að skapa. Þar reynir verulega á framsýni og dug stjórnmálanna við mótun hagfellds umhverfis. Tækifærin eru rík, en þau þarf að nýta. Skilvirkt regluverk og samkeppnisumhverfi virkja framleiðniauka hjá smáum og stórum fyrirtækjum. Einföldun á flóknu tolla- og neysluskattaumhverfi opnar fyrir erlenda samkeppni og styrkir hag neytenda. Sterkur og samræmdur rammi um náttúruauðlindir með megináherslu á hámörkun verðmætasköpunar skapar burðarsúlur fyrir hagkerfið. Aukin fjárfesting í háskóla- og tæknimenntun samhliða uppstokkun í umgjörð rannsóknar- og þróunarstarfs styður við vöxt fyrirtækja sem byggja á hugviti og þekkingu. Einföldun skattheimtu af fjármagni og réttir hvatar stuðla að aukinni atvinnuvegafjárfestingu. Sértækar aðgerðir geta stutt við virðisauka og nýsköpun í óarðbærum greinum, s.s. landbúnaði og ferðaþjónustu. Að lokum hefur Samráðsvettvangur um aukna hagsæld lagt fram greinargóða samantekt á möguleikum til að nýta opinbera fjármuni betur.

### Sátt um mikilvægi verðmætasköpunar

Bætt umhverfi til verðmætasköpunar er vitanlega ekki eina verkefni stjórnvalda. Hún er aftur á móti grunnforsenda þess að hægt sé að standa undir öðrum mikilvægum þáttum samfélagsins og styðja við heimili í erfiðri stöðu. Sterkt velferðarkerfi, markvissar aðgerðir í skuldamálum og uppbygging annarra samfélagslegra

**→ Krónan er ónothæfur gjaldmiðill í núverandi mynd, skuldastaða hins opinbera er á mörkum þess að teljast sjálfbær, gjaldeyrishöft draga mátt úr hagkerfinu, framleiðni er víða verulega ábótavant, skatta- og fjárfestingaumhverfi er flókið . . .**

innviða byggja á endanum á því að hér sé verðmætum til að dreifa.

Aðgerðirnar hér að ofan eru umfangsmiklar og krefjandi. Til að af þeim geti orðið þurfa allir að leggja lóð sín á vogarskálarnar. Með hliðsjón af því þurfa stjórnmálin að móta skýra framtíðarsýn, byggja upp fyrirsjáanleika í aðgerðum sínum og eiga heiðarlegt, gagnsætt samtal við bæði atvinnulíf og heimili eigi að skapast sátt um verkefnið og trú á bættum lífskjörum. Með öðrum orðum þarf að búa til trúverðuga áætlun og tala um hlutina eins og þeir eru.




Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti




Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Ráðherrar, tré og skógur

EFNAHAGSMÁL



Finnur Sveinbjörnsson
hagfræðingur, stjórnarmaður og ráðgjafi

Næstu ár verða afdrifarík í sögu þjóðarinnar. Ekki aðeins vegna þess vanda sem gjaldeyrishöft, laskaður gjaldmiðill og takmarkaður aðgangur að erlendu fjármagni skapa. Ekki síður vegna þess að breyta þarf þjóðfélaginu á fjölmörgum sviðum.

Olíuvinnsla á Drekasvæði, raforkusala um sæstreng og tekjur af siglingum á norðurslóðum munu litlu sem engu skila fyrr en eftir mörg ár eða áratugi, jafnvel aldrei.

Alls er óvíst um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar og þjónustu á næstu árum. Ekki er nóg að vilja og geta framleitt raforku, það þarf kaupendur og ásættanlegt verð.

Ferðaþjónusta, sjávarútvegur og ýmsar smærri atvinnugreinar munu án efa skila sínu. En meira þarf svo lífskjör verði áfram í fremstu röð. Það þarf grundvallarbreytingar víða í þjóðfélaginu, í atvinnulífinu, opinberri þjónustu og ekki síst hagstjórn.

Formaður fjárlaganefndar Alþingis fullyrti í útvarpsþætti að íslenskt samfélag væri eins og meðalstórt fyrirtæki í Bandaríkjunum og að tími væri kominn til að reka landið þannig. Þótt hér sé vissulega um gamalkunnugt og

**→ Alls er óvíst um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar og þjónustu á næstu árum.**

vanhugsað stef að ræða, þá beinir það kastljósinu í rétta átt. Í fyrirtæki væri við þessar aðstæður lögð höfuðáhersla á að bæta núverandi starfsemi, þ.e. gera hlutina betur, auka skilvirkni, velta við hverjum steini.

McKinsey-skýrslan í fyrra og samráðsvettvangur um aukna hagsæld eru góð skref í rétta átt. En til að skapa samstöðu um nauðsynlegar breytingar þarf styrka pólitíska forystu ásamt miklum tíma, orku og þrautseigju.

Nýju ráðherrarnir munu festast í daglegu amstri afgreiðsluverkefna, smámála og eilífra innlendra og erlendra funda nema þau séu þeim mun hæfileikaríkari stjórnendur. Trén munu byrgja þeim sýn og torvelda þeim að rækta skóginn. Því ríður á að forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra sanni leiðtogahæfileika sína og finni leiðir til að tryggja að af aðkallandi breytingum verði. Takist það verður ríkisstjórnarinnar lengi minnst.



SUMAR OG SÓL
LJÓS
FRÁ 1.390
29.900
BORÐ
Áður 39.900
SKÁLAR
50%
KOLLUR
12.990
Áður 17.900
STÓLL
14.990
SÓLSTÓLL
6.990
Áður 9.990
ÚRVAL AF SKARTI
STÓR
490
FIÐRILDI
LÍTIL
390
Plastvörur
890
Geitungagildra
BOLLAR OG SKÁLAR
FRÁ 390
BORÐ OG 2 STÓLAR
15.900
GARÐÁLFAR
FRÁ 2.490
SPREYKÖNNUR
790
99.900
DAYS SVEFNSÓFI
Mikið geymslurými
PÚÐAR
3 FYRIR 2
the PIER
MIKIÐ ÚRVAL AF GLÖSUM
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUÐLAUGS GUNNARSSONAR**
**bónda,**
**Svínafelli, Öræfum.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands á Mjallhvít og hjúkrunardeild fyrir góða umönnun og hlýju.

**Sólveig Guðlaugsdóttir** **Ingvar Kristinsson**
**Hannes Guðlaugsson** **Brynja Dögg Birgisdóttir**
**Gunnar Guðlaugsson** **Ragna Ragnars**
**Hólmfríður Guðlaugsdóttir** **Ármann Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar Innilegu þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu, kærleika og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**GUÐRÚNAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Hjallabraut 33,**
**Hafnarfirði.**

Séstakar þakkir færum við starfsfólki göngudeildar hjartabilunar Landspítalans, Heimahlynningu Landspítalands, Heimahjúkrun í Hafnarfirði og Líknardeild Kópavogs fyrir alla þá umhyggju, hlýju, alúð og nærgætni sem þau veittu henni og okkur.

**Ríkharður Kristjánsson**
**Sigurjón Ríkharðsson**
**Hjalti Ríkharðsson** **Magnhildur Erla Halldórsdóttir**
**Hildur Ríkharðsdóttir** **Bragi Þór Leifsson**
**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
**Jóhann Ríkharðsson** **Fríða Rut Baldursdóttir**
**Sigríður Ríkharðsdóttir** **Jón Gunnar Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**JÓNÍNU GEIRLAUGAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Strandaseli 3.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimaþjónustu Reykjavíkurborgar fyrir ómetanlega aðstoð á undanförnum árum.

**Björn Lúðvíksson** **Vigdís Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR GUÐMUNDUR JÓHANNSSON**
**fyrrverandi aðalvarðstjóri á Siglufirði,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 28. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Sigríður Björnsdóttir**
**Björn S. Ólafsson** **María Jóhannsdóttir**
**Kjartan S. Ólafsson** **Þóra Sigurgeirsdóttir**
**Sigrún G. Ólafsdóttir**
**Sigríður E. Ólafsdóttir** **Guðbrandur J. Ólafsson**
**J. Sóley Ólafsdóttir** **Björn Z. Ásgrímsson**
**Ólafur Á. Ólafsson** **Pamela C. Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar elskulegi,

**RAGNAR GUÐJÓNSSON**
**Syðri-Kvíhólma, V-Eyjafjöllum,**

verður jarðsunginn frá Ásólfsskálakirkju laugardaginn 6. júlí kl 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Rannveig H. Gunnlaugsdóttir**
**Jóhann Þórir Guðmundsson**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**Árný Inga Guðjónsdóttir** **Hannes Guðmundsson**
**Ragnar Aðalsteinn Guðjónsson** **Hildur Evlalía Unnarsdóttir**
**og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÞETTA GERÐIST:** 4. JÚLÍ 1973

## Margrét Danadrottning kom til Íslands

Margrét II Danadrottning og Henrik prins, maður hennar, komu í fjögurra daga opinbera heimsókn til Íslands 4. júlí árið 1973. Þúsundir Íslendinga hylltu þau við komuna til landsins og reyndu landsmenn að gera þeim heimsóknina sem ánægjulegasta.

Slagveðursrigning og rok olli dálitlum vandræðum er drottningin og fylgdarlið hennar fóru um Suðurland á öðrum degi heimsóknarinnar og torveldaði veðrahamurinn ferðalagið og móttökurnar. Þó voru merkisstaðir heimsóttir þar, svo sem Þingvellir, Skálholt, Gullfoss og Geysir. Alls staðar var hinum tignu gestum vel fagnað.

Betur viðraði á Margréti drottningu og Hinrik prins á Norðurlandi. Þangað héldu þau á þriðja degi heimsóknarinnar í fylgd íslensku forsetahjónanna, Kristjáns Eldjárns og Halldóru Ingólfsdóttur, og fengu ágætt veður og frábærar viðtökur.



MYND/GVA



**FRÁ ÚLFLJÓTSVATNI** Byggingar skátanna í forgrunni en skógræktarinnar fjær.

# Skógrækt og skátar vilja munka að Úlfljótsvatni

Hollvinir Grímsness halda veglega Úlfljótsvatnshátíð um helgina sem hefst með því að Pétur Bürcher biskup syngur kaþólska messu. Það er í takt við áform eigenda Úlfljótsvatns sem vinna að samningum um að fá munkareglu á staðinn í framtíðinni.

„Við höfum verið í viðræðum við kaþólsku kirkjuna um að fá munkareglu að Úlfljótsvatni sem gæti fengið leigða hjá okkur aðstöðu í íbúðarhúsinu og haft aðgang að kirkjunni,“ upplýsir Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands en félagið keypti hálfa jörðina að Úlfljótsvatni í árslok 2011, kirkjuna, íbúðarhús og útihús. „Þarna er 1.500 hektara land með mikil tækifæri til skógræktar, skógarhöggs og vinnslu úr trjám,“ segir Magnús sem tekur fram að skátarnir eigi enn ítök á staðnum. „Skátarnir og Skógræktarfélag Íslands standa saman að málum og hafa myndað ákveðið félag um Úlfljótsvatn. Við í skógræktinni erum þá eiginlega bændurnir á svæðinu. Okkar hlutverk er að rækta skóg og gefa almenningi kost á að fara frjáls um þær náttúruperlur sem við tökum í fóstur.“

En hvað hyggst Magnús fyrir með munkana? „Við lítum til Benediktareglunnar. Þar iðka munkarnir trú sína í átta tíma, vinna í átta tíma og hvíla sig í átta tíma. Munkarnir eru oft og tíðum góðir handverksmenn. Benediktamunkar brugga til dæmis prýðilegan bjór! Eins og þú heyrir er þetta ekki hugsað til fimm ára, tíu ára eða tuttugu ára, heldur til langs tíma.“ Hann segir allt í sambandi við munkana gert í fullri sátt við skátana. „Það eru viðræður í gangi um málið og ég vona að það endi eins og báðir aðilar leggja upp með, að þetta verði að veruleika.“



**FORMAÐUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS** „Við lítum til Benediktareglunnar. Þar iðka munkarnir trú sína í átta tíma, vinna í átta tíma og hvíla sig í átta tíma,“ segir Magnús.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Upptaktur Úlfljótsvatnshátíðarinnar, sem hefst klukkan 12 á laugardaginn og stendur til klukkan 17 á sunnudag, gæti verið vísbending um það sem koma skal. Þá syngur herra Pétur Bürcher kaþólska messu í kirkjunni. Síðan rekur hver viðburðurinn annan. Nefna má göngu- og rútuferðir um nágrennið, stutt erindi þar sem sérfræðingar fjalla um fuglalíf, urriða og fornminjar á Úlfljótsvatni, tónleika með lögum og ljóðum sunnlenskra skálda, minningar, sögur og myndasýningu frá ýmsum tímum af fólki á Úlfljótsvatni við leik og störf, að ógleymdri messu frú Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands á hádegi á sunnudeginum. Sem sagt, fjölþætt dagskrá og hún er í höndum Hollvina Grímsness. **gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðrún Ragnarsdóttir**
**Lally,**
**Dvalarheimilinu Grund, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 20. júní á Dvalarheimilinu Grund, Reykjavík.
Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 28. júlí kl. 15.00.

**Sigríður Bachmann Egilsdóttir**
**Ragna Bachmann Egilsdóttir** **Ólafur Ásberg Árnason**
**Einar Bachmann Egilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SVEINFRÍÐAR KRISTJÁNSDÓTTUR**
**áður til heimilis að**
**Þórunnarstræti 110, Akureyri.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild V-2 á Grund fyrir góða umönnun.

**Erna G. Árnadóttir** **Geir Jóhannsson**
**Kristrún Árnadóttir** **Lúðvík Lúðvíksson**
**Ólafur Árnason** **Unnur Hermannsdóttir**
**Gunnar Árnason** **Anna Lilja Hauksdóttir**
**og barnabörn.**



SUMAR TILBOÐ
4BLS KIPPA ÚT :)
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ENN BETRA VERÐ
16GB MINNISLYKILL
Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
1.990
4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990
AÐEINS 147gr
500GB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
9.990
1TB 14.900 I 1.5TB 24.900
7"SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1
14.900
ÓTRÚLEGT TILBOÐ!
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
NOTAÐAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST FRÁ
9.990
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
4. júlí 2013 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI




### 24"LED
### BENQ SKJÁR

- 24" FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**

HÆKKANLEGUR + HDMI 37.900




### 27"3DLED
### 120Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 120Hz 3D LED leikjaskjár
- 27" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL, DisplayPort 1.2, VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**99.900**

24" 144HZ 3DLED 69.900




### MINIMUS
### 2TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie minimus er án efa einn glæsilegasti USB 3.0 flakkari í heimi en hann kemur í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Enn meiri hraði á USB 2.0 í PC og Mac
- 10x meiri hraði með USB 3.0

**19.900**

3TB 29.900 | 4TB 49.900




GW2450HM

### 24"VALED
### BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Glæsilegur alvöru VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu tilboði í Tölvutek:)

- 24" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**36.900**

22" 26.900 | 27" 59.900




### 16MP
### STAFRÆN MYNDAVÉL

- Glæsileg 16MP BenQ myndavél
- 5x optical zoom, wide-angle linsa
- Skarpur og bjartur 2.7 LCD skjár
- Innbyggð hristivörn og ISO 100-6400
- Sjálfvirkar brosmyndir og HDR
- 720p True HD Video upptaka (30fps)
- Kemur með hleðslurafhlöðu og tösku

**14.900**

ÚRVAL MYNDAVÉLA!




### IP7250
### CANON WiFi PRENTARI

- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- Prentar báðu megin með Auto Duplex
- ISO hraði 15 bls á mín í svörtu / 10 í lit
- 100% jaðarprentun í allt að A4
- Prentar beint á CD/DVD diska
- AirPrint sem prentar frá Android ofl.
- USB2.0 tengi, fyrir bæði PC og Mac

**14.900**

ÞRÁÐLAUS PRENTUN :)




### 24"VALED
### BUSINESS LINE

- 24" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 5000:1 Native skerpa og True Black
- Anti-Glare tækni sem gleypir birtu
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Ambient Light sjálfvirk birtustilling
- DisplayPort 1.2, DVI-D HDCP, VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

**49.900**

3 ÁRA ÚTSKIPTI ÁBYRGÐ




### GTX760OC
### NÝJASTA KYNSLÓÐ GIGABYTE

- Eitt öflugasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 6.0GHz 256-bit minni
- PCI-E 3.0 3D Vision í nýjustu leiki
- 1152 CUDA cores og 96 T.U. fyrir leiki
- Hægt að tengja og spila leiki í 4 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDP
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát WINDFORCE 3X tækni

**49.900**

HRAÐASTA GTX760 Í HEIMI!




Verð frá: **1.490**

### 4GB MINNISKORT




P'9220 **19.900**

### 1TB PORSCHE USB3




Rock100 **4.990**

### HLJÓMGÆÐI



Verð Frá: **1.990**

### MINNISLYKLAR

GIGABYTE | LACIE | BenQ | Canon | Silicon Power



## DIDDÚ Á GLJÚFRASTEINI

**Stofutónleikar verða á Gljúfrasteini á sunnudaginn kl. 16. Þar mun Sigrún Hjálmtýsdóttir syngja við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Þau munu flytja verk sem samin hafa verið við ljóð Halldórs Laxness. Þau eru eftir Þórarin Guðmundsson, Jón Nordal, Jón Ásgeirsson, Jakob Hallgrímsson og Gunnar Reyni Sveinsson.**

ÚTSALA!
WEEKEND
MaxMara
MARINA RINALDI
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



# LOKS LAUSN VIÐ TIMBURMÖNNUM

**ICECARE KYNNIR** *Nýjung á Íslandi. DRINKOFF-töflur sem auðvelda líkamanum að vinna úr alkóhóli á auðveldari og hraðari máta.*

Margir kannast við vanlíðan daginn eftir að áfengis hefur verið neytt. Sumir komast vart fram úr rúmi sökum þynnku. Nú er komin lausn á því vandamáli. DRINKOFF® töflurnar innihalda náttúruleg efni sem auðvelda líkamanum að vinna úr alkóhóli á auðveldari og hraðari máta. Fumaric-sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Succinic-sýra hjálpar líkamanum að brenna alkóhóli hraðar og Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á acetaldehýð sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis.

DRINKOFF® hjálpar til við hraðara niðurbrot áfengis í líkamanum og auðveldar lifrinni við afeitrun og eykur einnig orku. C-vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

DRINKOFF® töflurnar frá Vitrum innihalda efni sem eru ekki lyfseðilsskyld en Lyfjastofnun hefur gefið leyfi fyrir sölu vörunnar.

Ráðlögð notkun: Takið tvær töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og tvær töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Aldrei skal taka fleiri en sex töflur að kvöldi.

Varúð: Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef önnur lyf eru tekin að staðaldri ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en töflurnar eru teknar. Í tilfellum þar sem of stórir skammtar eru teknir skal hafa strax samband við lækni.

DrinkOff fæst í öllum apótekum og í verslunum Hagkaups.



**BETRI LÍÐAN** Birna Gísladóttir hjá Icecare segist hafa heyrt frá ánægðu fólki sem prófað hefur Drinkoff. „Þetta svínvirkar."




**DRINKOFF**

*Innihaldsefni í Drinkoff eru:*
- *Succinic-sýra*
- *Fumaric-sýra*
- *L-Glútamín*
- *C-vítamín*
- *Kalínklóríð*
- *Fólínsýra*

*Efnin hraða niðurbroti áfengis í líkamanum og auðvelda lifrinni afeitrun.*

Meiri afsláttur,
40% af allri útsöluvöru!



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Síður toppur
á
3.900 kr.
Margir litir
Stærð: S- XXL
(með blúndu á 4.900 kr.)
one two
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

Heitir pottar frá Lay-Z-Spa
– loksins fáanlegir aftur
Tilvaldir við sumarbústaðinn eða í garðinn heima. Pottarnir koma með loki og öllu sem til þarf.




Borgartún 36
105 Reykjavík
(bakvið Cabin Hótel)
588 9747
www.vdo.is
VDO Offroad Line

# Fögnum sumri
með nýrri vörulínu

20% kynningarafsláttur af öllum nýjum vörum
Tilboðin gilda í verslunum okkar í Reykjavík & Akureyri
**Dokkupoki eða hárband fylgir þegar verslað er fyrir 5.000 kr eða meira.**




**Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri lindesign.is**


# FURÐUHATTAR LAFÐI GÖGU

*TÍSKA Lady Gaga er þekkt fyrir allt annað en að vera hefðbundin í klæðaburði. Það sama á við um val hennar á höfuðfötum. Hattar hennar eru æði fjölbreyttir og furðulegir flestir. Hér má sjá örlítið brot af þeim furðuhöttum sem lafðin hefur borið í gegnum tíðina.*



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427


# ÚTSALAN HEFST Í DAG 30-70% AFSLÁTTUR



Túnikur
Nú 5.000
st. 40-48 • 5 litir

Túnikur áður 9.990
Nú 6.990

Túnikur
Nú 5.000
st. 42-50 • 2 litir

Áður 19.990
Nú 5.000

Toppar áður 14.990
Nú 8.990

Kjólar áður 16.990
Nú 11.990
st. 38-48

Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur

FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**


TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ÞÝSK
GÆÐI
A GÓÐU
VERÐI
29” VERD FRÁ KR. 94.990
26” VERD FRÁ KR. 89.990
HYBRID FRÁ KR. 159.990
RACER FRÁ KR. 189.990
CYCLOCROSS FRÁ KR. 259.990
HYDE FRÁ KR. 129.990
WWW.RAFHJÓL.IS
RAFHJÓL
REIDHJÓLIN FRÁ CUBE HAFA REYNST MJÖG VEL MED BÚNADI FRÁ RAFHJÓL.IS
CUBE / ZOOT / CRAFT / BROOKS / COMPRESSORT / LOUIS GARNEAU / GIRO / BELL / NIKE
CUBE
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00



# ÚTILEGAN

FIMMTUDAGUR **4. JÚLÍ 2013**

**Kynningarblað**

## Matur í ferðalagið

**Gómsætur grillmatur setur punktinn yfir i-ið í útilegunni. Gott er að undirbúa matinn áður en lagt er í hann.**
**SÍÐA 2**

## Sumarumferðin

**Næstu vikur verða annasamur tími á þjóðvegum landsins. Því er vert að huga að örygginu.**
**SÍÐA 4**

## Ekki fyrir lofthrædda

**Sumir láta sér ekki nægja að sofa í tjaldi á jörðinni, heldur vilja ganga í lausu lofti.**
**SÍÐA 6**

# *Landsbjörg kallar eftir ferðaáætlunum fólks*



Það fyrsta sem hver og einn ferðalangur á að gera er að útbúa ferðaáætlun og skilja hana eftir hjá einhverjum í byggð. Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur til að ferðafólk skilji ferðaáætlun sína eftir hjá þeim því komi til óhapps liggja allar upplýsingar fyrir sem tryggir skjót og fumlaus viðbrögð.

Landsbjörg býður ferðalöngum einnig upp á að fylgjast með að þeir skili sér heilu og höldnu með sérstakri vöktun. Frá þessu má ganga frá á www.safetravel.is þar sem ferðafólk skráir niður persónulegar upplýsingar um nánasta aðstandanda, búnað, fjarskiptatæki, leiðaráætlun, brottfarartíma, skóstærð, lit á yfirhöfnum og fleira sem skiptir sköpum þegar eitthvað fer úrskeiðis á ferðalögum.

Heimild: www.safetravel.is

## GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

**Íslendingar eru** skondnir í augum útlendinga. Hér eru fimm hlutir sem gera þá einstaka í augum erlendra ferðamanna.



- Það kemur á óvart fyrir þjóð sem kann að skemmta sér að á Íslandi var bjór bannaður til ársins 1989 og að áfengi má aðeins kaupa í ríkisreknum vínverslunum.
- Íslendingar elska sósur og nota sósur með öllu, jafnvel þótt maturinn sé ferskur og góður. Þeir nota sérstaka sósu fyrir pitsur, pítur, franskar, snakk, hamborgara, pulsur og fisk og margar útfærslur af kjötsósum, hvort sem það er bernaise, sveppasósa, ostasósa eða kóksósa, að ógleymdum íssósum í ótal útfærslum.
- Íslendingar grilla árið um kring, sama þótt úti sé stórhríð og hörkufrost. Þeir fá sér líka ís um hávetur.
- Börn eru skilin eftir sofandi í barnavögnum úti á meðan mæður þeirra hitta vini á kaffihúsum. Þannig sofa börnin laus við skark á kaffihúsinu og útiloftið gerir þeim víst gott.
- Ísland er best í heimi. Miðað við höfðatölu. Það segja Íslendingar og eiga fegurstu konur heims, sterkustu mennina, besta handboltaliðið, frjóustu tónlistina, öruggasta landið, hreinasta vatnið og loftið og hamingjusamasta fólkið.

INGROW GO

20% afsláttur
31. maí - 7. júlí

- Fjarlægir inngróin hár sem myndast við rakstur eða vaxmeðferð
- Virkar á innan við sólahring
- Má nota á bikiní línu, undir hendur og á fætur
- Fjarlægir rakstursbólur




SKIN DOCTORS
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM

Lyf & heilsa
Við hlustum!



Grillaður ananas kemur á óvart.



Kjúkling er auðvelt að grilla og bragðgóður matur.



Kartöflusalat er alltaf gott og passar með öllum kjöt- og fiskréttum.

# Þægilegir grillréttir á tjaldsvæðinu

Best er að vera vel undirbúinn þegar lagt er af stað í ferðalagið. Ýmislegt er hægt að laga fyrirfram og elda góðan kvöldverð.

Hvað er betra en að vera úti í náttúrunni og borða ljúffengan og hollan mat. Ágætt er að hafa allt klárt fyrir ferðalagið, enda er margt hægt að gera með góðum fyrirvara. Þetta er auðvitað hægt að gera heima líka eða í sumarbústaðnum.

Kartöflusalat er hægt að laga fyrirfram, svo og ýmislegt annað meðlæti. Kjötið er hægt að marinera heima og skella síðan á grillið þegar komið er á staðinn.

### Kartöflusalat

Hér er uppskrift að góðu og matarmiklu kartöflusalati sem er gott með öllu, kjöti sem fiski. Það má líka gera kartöflusalat úr sætum kartöflum eða blanda þeim saman við hinar, allt eftir smekk.

Uppskriftin miðast við fjóra en það sem þarf er eftirfarandi:

600 g nýjar kartöflur
ferskt dill
2 kvistar fersk steinselja
ananasbitar
1 askja kirsuberjatómatar
1 poki radísur
majónes og sýrður rjómi
dijon-sinnep
hunang
salt og pipar

Skolið kartöflurnar vel og sjóðið í vatni með salti og dilli. Sjóðið kartöflurnar í stutta stund, þar til þær eru mjúkar, en takið þá úr vatninu og kælið. Skerið þær í bita og setjið í stóra skál. Setjið smátt skorið krydd saman við og síðan ananasbita, tómata og radísur. Blandið saman.

Hrærið saman majónesi og sýrðum rjóma og bragðbætið með sinnepi, hunangi og salti og pipar. Einnig gott að setja smávegis karrí. Blandið saman við kartöflurnar og kryddið og geymið í ísskáp eða kælitösku. Salatið er best ef það fær að brjóta sig í nokkra klukkutíma eða yfir nótt.

### Heimagert majónes

Einfalt er að gera sitt eigið majónes og hægt að bragðbæta það á ýmsan hátt.

Það sem þarf er:

3 eggjarauður
1 msk. sítrónusafi
1 msk. dijon-sinnep
2 pressaðir hvítlauksgeirar
1½ dl rapsolía
nýmalaður pipar

Byrjið á að setja öll innihaldsefnin í skál nema olíuna og piparinn. Þeytið með töfrasprota en setjið síðan olíuna saman við smátt og smátt. Ekki of mikið í einu og ekki of hratt. Bragðbætið með pipar. Þeytið þar til majónesið er orðið eðlilega þykkt. Þetta majónes má nota í kartöflusalatið eða búa til góða, kalda sósu með kjötinu.

### Grænmeti á grillið

Grænmeti verður sérlega ljúffengt á grillinu. Hægt er að raða því á grillspjót eða setja í álpappír. Sömuleiðis má setja það beint á grillið sé það ekki mjög smátt skorið. Hægt er að grilla allt grænmeti. Með því að blanda því saman í álpappír er hægt að undirbúa sig áður en haldið er af stað í ferðalagið. Þá er allt skorið niður, sett á pappírinn, slettu af ólífuolíu er dreift yfir og saltað.



Það sem hægt er að nota:

Kúrbítur
Paprika – allir litir
Sveppir
Tómatar
Blómkál
Spergilkál
Laukur
Maískólfur, skorinn í bita

### Kjöt á grillið

Kjúklingabringur eða kjúklingabita er einfalt að grilla. Gott er að leggja kjúklinginn í marineringu daginn áður. Það er hægt með því að setja hann í poka með tilbúinni grillsósu eða heimagerðri. Kjúklingabringur þarf að grilla í sex mínútur á hvorri hlið en kjúklingabita 10-12 mínútur á hvorri hlið.

### Eftirréttur á grillið

Það er einfalt að grilla flesta ávexti. Gott er að grilla ferskan ananas í sneiðum, dreifa örlitlum púðursykri yfir hann og láta sykurinn bráðna í steikingunni. Ananasinn er síðan borinn fram með nýjum jarðarberjum og þeyttum rjóma. Sykurpúðar á spjóti með ananas og jarðarberjum er spennandi eftirréttur fyrir börn. Tréspjót er lagt í bleyti í hálftíma áður en það fer á grillið svo það brenni ekki.

Einnig er afar gott að kljúfa banana í tvennt í hýðinu og grilla í stutta stund. Best er að hafa ís með honum en þar sem það er ekki auðvelt á tjaldsvæðinu er allt í góðu að vera með þeyttan rjóma. Hann getur fylgt í ferðalagið í rjómahylki með gasi.



## HEILLANDI EN HÆTTULEGT

**Varðeldur er** heillandi en getur verið hættulegur. Ef fólk ætlar sér að kveikja eld þarf að hafa nokkur atriði sérstaklega í huga.

- Athuga þarf hvort leyfilegt sé að kveikja eld á þeim stað sem það er fyrirhugað.
- Ef ætlunin er að nýta eldivið úr náttúrunni þarf einnig að athuga hver á landið og fá leyfi.
- Kveikið aldrei eld ef vindur er mikill.
- Kveikið aldrei eld ef jarðvegurinn er mjög þurr.
- Kveikið eld þar sem eldurinn getur breiðst út.
- Kveikið aldrei eld nálægt trjám eða kjarri.
- Leyfið börnum aldrei að kveikja eld nema fullorðinn sé nálægur.
- Slökkvið ávallt eld sem hefur verið kveiktur áður en staðurinn er yfirgefinn.



## AÐEINS MEIRA

**Fátt minnir** Bandaríkja- og Kanadamenn meira á útilegur og varðeld en hinn skemmtilegi réttur S'more. Rétturinn er einfaldur. Það sem þarf eru sykurpúðar, súkkulaði og kex.

**Sykurpúði er** þræddur upp á tein og hitaður yfir eldi. Þegar hann fer að brúnast er búin til samloka úr kexi með súkkulaði og sykurpúða á milli.

**Kexið þarf** að vera þunnt, í Bandaríkjunum er notað Graham-kex, en einnig má nota annars konar kex, til dæmis hafrakex. Best er að hafa súkkulaðið þunnt líka til að það bráðni.

**Orðið S'mores** er dregið af setningunni: „Some more," eða aðeins meira. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær rétturinn varð til en elsta heimildin um hann er að finna í umfjöllun um skátastelpur árið 1927.

# HVAR MÁ TJALDA?

**Tjalda má** venjulegu viðlegutjaldi til einnar nætur við alfaraleið í byggð á óræktuðu landi. Leita þarf þó leyfis landeigenda áður en tjaldað er nærri bústöðum manna og alltaf skal fá leyfi ef tjöldin eru fleiri en þrjú og eins ef tjalda á til fleiri nátta.

- Á ræktuðu landi má aðeins tjalda með leyfi landeigenda.
- Landeigandi getur takmarkað eða bannað að tjöld séu reist á landsvæði ef veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.
- Landeiganda er einnig heimilt að beina fólki á sérstaklega útbúið tjaldsvæði á landi sínu og taka gjöld fyrir veitta þjónustu.
- Tjalda má við alfaraleið í óbyggðum, hvort sem er á eignarlandi eða á þjóðlendum.
- Tjalda má utan alfaraleiðar, nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um viðkomandi landsvæði.
- Ferðalangar skulu ætíð virða bann við akstri utan vega og gæta hreinlætis og varúðar á tjaldstað.

*Heimild: visiticeland.com*






# Reglur ekki settar út í bláinn

Næstu vikur verða annasamur tími á þjóðvegum landsins. Landsmenn eru margir í sumarfríum og erlendir ferðamenn ferðast um landið þvert og endilangt. Mikilvægt er að huga að öryggismálum fyrir brottför svo sem flestir eigi góðar minningar eftir sumarið.

Þótt innlendir og erlendir ferðamenn séu farnir að ferðast meira um landið utan sumartímans er sumarið alltaf langannasamasti tíminn á þjóðvegum landsins. Stórar ferðahelgar virðast þó á undanhaldi og umferðin dreifist meira yfir sumarmánuðina þrjá. Einar Magnús Magnússon, kynningarstjóri Samgöngustofu, segir ríkt í Íslendingum að vilja skoða land sitt yfir sumarið og njóta þeirrar dýrðar sem það hefur upp á að bjóða. „Það er auðvelt að upplifa eftirminnilegar stundir í íslenskri náttúru. Það verður þó að gera það þannig að maður sé ekki að stofna sjálfum sér og öðrum í óþarfa áhættu. Leggjum okkur fram við að eiga góðar minningar eftir ferðalagið.“

Þegar lagt er af stað í ferðalag um landið þarf að huga að mörgu að sögn Einars. „Inni á vef Samgöngustofu má finna gátlista frá okkur undir liðnum Umferðaröryggi. Þar er meðal annars fjallað um öryggismál vegna eftirvagna en þeim hefur fjölgað mikið hér undanfarin ár. Bíleigendur þurfa í fyrsta lagi að hafa í huga hvort þeir hafi leyfi til að keyra þessa vagna og um leið hvort bíllinn sé þannig gerður að hann megi draga eitthvað stórt og þungt eins og hjólhýsi. Þær upplýsingar má finna í skráningarskírteini bílsins. Þessa hluti er mikilvægt að skoða enda eru þessar reglur ekki settar út í bláinn heldur til að tryggja öryggi á sem bestan hátt.“ Einnig þarf að hafa í huga að ljósa- og bremsubúnaður sé í lagi auk festinga og tenginga. „Svo má vitanlega ekki skilja fjölskyldumeðlimi eftir í hjólhúsinu þegar keyrt er um landið, sama hversu leiðinlegir þeir eru enda stórhættulegt og af þeim sökum stranglega bannað.“

## Hvíldin skiptir máli

Einar bendir á að mikilvægt sé að hafa í huga að samkvæmt umferðarlögum megi ekki aka hraðar en 80 kílómetra á klukkustund sé bíll með eftirvagn í eftirdragi. „Slíkt hraðatakmörkun getur auðvitað skapað óþægindi því að flestar bifreiðar mega fara á 90 kílómetra hraða. Því viljum við brýna fyrir þeim sem keyra með eftirvagna að haga akstri þannig að auðvelt sé að fara fram úr þeim. Einnig skiptir miklu að gefa leiðbeinandi merki með stefnuljósi. Það á ekki bara við þegar bíll má taka fram úr heldur borgar sig líka að gefa stefnuljós til vinstri ef hætta er fram undan.“



Að ýmsu þarf að huga áður en lagt er af stað út á þjóðvegi landsins í sumar að sögn Einars Magnúsar Magnússonar, kynningarstjóra hjá Samgöngustofu. MYND/VALLI

Aðstæður á þjóðvegum hafa batnað mikið undanfarin ár. Nýir vegir hafa verið lagðir auk þess sem eldri vegir hafa verið lagfærðir. „Að því leytinu eru aðstæður betri en áður fyrr. Hins vegar er þetta bara lítill hluti íslenska vegakerfisins sem um ræðir. Víða hefur hreinlega skort fjármagn til að viðhalda vegum og þá er það á ábyrgð ökumanns að keyra samkvæmt aðstæðum. Ekki er hægt að kenna öðrum um slæman veg heldur verður ökumaður að huga vel að aðstæðum hverju sinni.“

Að lokum bendir Einar á nokkur mikilvæg atriði fyrir sumarið. „Fyrst og fremst þurfa bílstjórar að vera vel úthvíldir. Að vera þreyttur í akstri getur að mörgu leyti verið sambærilegt því að vera undir áhrifum vímuefna og jafn hættulegt. Síðan þarf að huga að því að allur öryggisbúnaður sé í lagi, ekki síst sá sem tengist börnum. Að lokum má minna fólk á að pakka vel í bílinn og láta ekki þunga hluti vera lausa því þeir geta kastast til ef bíllinn lendir í árekstri og ekki má gleyma að setja gæludýrin í tilheyrandi búr eða belti sem fást í gæludýraverslunum.“




## *Hnetusmjör í gönguna*

Gott nesti er nauðsynlegt þegar halda á í lengri göngutúra um náttúru Íslands. Meðal þess sem gott er að hafa ofan á brauð er hnetusmjör. Það er orkuríkt, gott á bragðið og geymist vel. Gott er að vera með brauð og hnetusmjör með sér í bakpokanum og smyrja í nestisstoppinu.



Lítið mál er að búa til hnetusmjör heima. Á vefsíðunni www.cafesigrun.com er til að mynda að finna góða og holla uppskrift sem gaman er að prófa.



**500 g jarðhnetur, ósaltaðar, óristaðar og ekki í skel**
**3-4 msk. hnetuolía (eða ólívuolía), gæti þurft meira**
**2 msk. agavesíróp**
**Smá klípa salt (himalaya eða sjávarsalt)**

Hitið stóra pönnu. Þurrristið hneturnar í 10-15 mínútur eða þangað til þær eru farnar að taka lit (brúnast).

Látið hneturnar kólna.

Nuddið hýðið af hnetunum með lófanum. Það ætti að fara auðveldlega af.

Ef þið viljið gróft hnetusmjör, takið þá 2 lúkur af hnetum frá og setjið til hliðar.

Setjið hneturnar í matvinnsluvél. Maukið í 3 mínútur samfleytt. Ef vélinni gengur illa að vinna hneturnar skiptið magninu þá í tvennt.

Setjið olíuna og agavesírópið út í skálina í mjórri bunu á meðan vélin vinnur.

Bætið afganginum af jarðhnetunum út í ef þið viljið gróft hnetusmjör, og maukið í 30 sekúndur.

Bætið saltinu út í, en sleppið saltinu ef notaðar eru saltaðar hnetur, og maukið í 3-5 mínútur. Þið gætuð þurft að skafa hliðar skálarinnar öðru hvoru.

Hnetusmjörið ætti að vera orðið alveg maukað, aðeins glansandi og nánast alveg slétt. Það verður ekki fljótandi heldur meira eins og þykkt mauk.

Smakkið til með meira salti og agavesírópi ef þarf. Ef það er of þurrt, bætið þá aðeins af olíu út í. Ekki nota vatn því hneturnar mygla fljótt af því.






COLEMAN TRACK TJALD

**11.992 KR.**

FULLT VERÐ 14.990 KR.



COLEMAN COBRA TJALD

**19.992 KR.**

FULLT VERÐ 24.990 KR.



COLEMAN TRACK SVEFNPOKI

**5.592 KR.**

FULLT VERÐ 6.990 KR.



COLEMAN INSTANT
4 TOURER TJALD

**31.920 KR.**

FULLT VERÐ 39.900 KR.



COLEMAN LOFTDÝNA
EINFÖLD NP

**4.392 KR.**

FULLT VERÐ 5.490KR.



COLEMAN CRESCENT SVEFNPOKI
LITUR: Blár og grár

**9.592 KR.**

FULLT VERÐ 11.990 KR.



SAMFELLANLEGT BORÐ
Stærð: 80x60cm

**7.920 KR.**

FULLT VERÐ 9.900 KR.



CAMPING HITARI
270 PZ

**2.392 KR.**

FULLT VERÐ 2.990 KR.



COLEMAN STÓLL
Khaki m/örmum

**9.592 KR.**

FULLT VERÐ 11.990 KR.



COLEMAN VINDVEGGUR

**7.920 KR.**

FULLT VERÐ 9.900 KR.



CAMPING EXTREME
KÆLIBOX 28 ltr

**9.192 KR.**

FULLT VERÐ 11.490 KR.



COLEMAN HITABRÚSI
0.75 ltr.

**3.592 KR.**

FULLT VERÐ 4.490KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132042

# Himinháir beddar fyrir ofurhuga

Í hinu þýska Bæjaralandi má finna skemmtigarðinn Waldseilgarten Höllschlucht. Þar klifra gestir um í trjám, tipla á hengibrúm og vega sig á milli trjástofna á reipi. Á nóttunni má velja á milli þrenns konar svefnstaða en enginn þeirra er fyrir lofthrædda.

Útivistartýpur eru komnar í himnaríki í Höllschlucht-skógargarðinum í Pfronten í Bæjaralandi. Á sumrin er boðið upp á ævintýralega upplifun að degi og nóttu. Á daginn klifrar fólk í trjám og klettum og gestum eru kennd undirstöðuatriði í klifri og sigi. Þá eru námskeið í fjallgöngu, sigi, bogfimi og klettaklifri og á veturna má læra á skíði.

Að kvöldi dags er grillað áður en haldið er til hvílu í himnasængum. Þegar ljósin hafa verið slökkt vagga vindar og tré gestum garðsins í svefn. Tunglið og stjörnurnar vaka yfir fólkinu meðan það sefur auk þess sem sérstök belti gæta að öryggi þess. Þannig verður ein óvarleg bylta í svefni ekki að banabita.


1


2

### Hægt er að velja um þrjá mismunandi svefnstaði

**1** Trjábeddinn er smíðaður uppi í tré í um það bil sjö metra hæð frá jörðu. Pallurinn er festur rækilega milli tveggja til fjögurra trjástofna. Gestir geta hvenær sem er komist niður úr rúminu háa.

**2** Svifrúmin hanga niður úr voldugum trjágreinum. Um pallinn er sveipað efni sem myndar nokkurs konar tjald. Aðeins er hægt að komast niður úr rúminu með því að síga niður reipi.

**3** Þeir allra huguðustu, sem vilja láta gusta meira um sig, geta valið um enn furðulegri náttstað. Ofurhugar geta þannig sofið á beddum sem festir hafa verið við lóðrétta klettaveggi sem skaga þúsund metra upp í loftið. Hægt er að velja hversu hátt er farið. Sumir vilja sofa hátt uppi en aðrir láta sér nægja að hanga í „aðeins“ hundrað til þrjú hundruð metra hæð utan í stálinu.


3



# O-GRILL







| | |
|---|---|
| O-Grill 3000 | kr. 29.950 |
| O-Grill 1000 | kr. 25.950 |
| Borðstandur | kr. 9.995 |
| Taska | kr. 2.995 |
| Hitamælir | kr. 1.995 |

VÍKUR VERK

Fyrir ferðalagið
svalirnar
garðinn
pallinn
Allt árið

**VÍKURVERK • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS**



## HVAR ER BEST AÐ TJALDA?

Tjaldbúskapur í íslenskri náttúru er himnesk upplifun. Heillandi tjaldsvæði bíða ferðafólks í íslensku sumarlandi en veður og vindar ráða stundum för. Þá er gott að geta fundið hentugt tjaldsvæði eftir landshlutum á www.tjalda.is en síðan sú er greinagóður upplýsingavefur um öll tjaldsvæði á Íslandi. Hægt er að finna haldgóðar upplýsingar um aðstöðu, verð, opnunartíma og stjörnugjöf hvers tjaldsvæðis fyrir sig og skoða ljósmyndir til að glöggva sig betur á áfangastaðnum. Þá er ekki eftir neinu að bíða en að tjalda til einnar nætur og upplifa hamingju í takti við móður jörð.

## SUNGIÐ OG SPILAÐ

**Fátt er** skemmtilegra í útilegu en að sitja vel klæddur í kringum varðeld og syngja og tralla Stál og hnífur, Undir bláhimni og fleiri góða útileguslagara.

**Sumir kunna** öll þessi lög utanað en aðrir muna ekki meira en viðlagið sem getur verið pirrandi. Því er gott að undirbúa ferðalagið með því að prenta út texta og gítargrip.



**Vefsíðan www. gitargrip.is** kemur þar sterkt inn. Þar má leita eftir lögum og höfundum að textum og gripum. Þeir sem vilja enn meiri þjónustu geta borgað hóflegt mánaðargjald og fengið í staðinn að búa til söngbækur og ýmsa aðra þjónustu.

## FJÖR OG AFÞREYING

**Í útilegunni** finnst sumum best að flatmaga, borða góðan mat og fara í göngutúra. Fyrir aðra, ekki síst orkumikil börn, er þetta alls ekki nóg.

Þá er upplagt að hafa í farteskinu afþreyingu af einhverjum toga, sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í, ef því er að skipta.

Kubb: Þessi sænski víkingaleikur hefur fest sig í sessi á síðustu árum. Allir geta verið með.

Frisbí: Ekki gaman í miklum vindi en annars frábær.

Aðrir leikir sem allir geta haft gaman af: Krokket, boccia, badminton, reiptog, vatnsblöðrur, og auðvitað hinn sígildi fótbolti.



Á heimasíðu skátanna, www.skatar.is, má finna hugmyndir að leikjum sem krefjast mismikils undirbúnings.

## NÝTTU SNJALLSÍMANN Í ÚTILEGUNNI

**Nú til** dags eiga sífellt fleiri snjallsíma. Til eru yfir 300 þúsund snjallsímaforrit af öllum gerðum. Þessi forrit eru til margra hluta nytsamleg, til dæmis til að undirbúa útileguna.

**Hægt er** að hala niður forriti norsku veðurstofunnar yr.no og skoða langtíma veðurspá alls staðar á landinu.

flöt niðurfelling á verði á heimilistækjum!
Gildir 4.-8. júlí
-20%
400w Blandari – Stál
4.989
3.991
Setja í körfu
Tilvalinn fyrir boost, súpur og sósur
2 Hraðastillingar og púls hraði
-20%
Whirlpool 187cm Kæliskápur
109.989
87.991
Setja í körfu
Með frysti. 225L Kælir
Orkuflokkur A+. Hljóð: 39dB
MAX RAFTÆKI
OPIÐ
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
Beint á móti IKEA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# Nýbakað alla daga í Bónus

Ferskar
**BÓNUS SAMLOKUR**
MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA




**198** KR. stk

ES FROSNAR
**Kjúklingabringur**




**1579** KR. 900g




**198** KR. 165gr

**DORIRTOS SNAKK** 165 GRÖMM




**198** KR. 2 ltr






**TÍU TONN Í BOÐI**
Á ÞESSU VERÐI

**300 KRÓNA**
VERÐLÆKKUN

norðanfiskur

**695** KR. kg

**VERÐ ÁÐUR 995 KR.KG**

**FROSNIR ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR



**198** KR. KG

**RAUÐAR MELÓNUR FRÁ SPÁNI**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk. 80 gramma 798 KR
4 stk. 120 gramma 998 KR
100% ÍSLENSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
300 KRÓNA VERÐLÆKKUN
1698 KR. 10 x 120gr
KJARNAFÆÐI FROSNIR 120gr NAUTAHAMBORGARAR
VERÐ ÁÐUR 1998 KR.PK
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT FJALLALAMB
2298 KR. kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.FL
1598 KR. kg
KJARNAFÆÐI GRILL LAMBA-SIRLOINSNEIÐAR
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159 KR. 4 stk.
XL- HAMBORGARABRAUÐ
3498 KR. KG
NAUTAVEISLU ÞÝSKT NAUTA-RIBEY
1898 KR. 450 gr
FROSIÐ ÞÝSKT- NAUTA T-BONE
1398 KR. 350 gr
FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA
EINNOTA GRILL
298 KR STK
HEIMA EINNOTA GRILL
GRILL BAKKAR
198 KR 4 stk
HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.
Pólskar PYLSUR
298 KR. PK
PÓLSKAR PYLSUR 360 grömm
BÓNUS VÍNARPYLSUR
398 KR. 10 stk
BÓNUS PYLSUR 485 grömm
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
159 KR. 280gr
5 stk. PYLSUBRAUÐ
APPELSÍN
Mountain Dew
ORKA
Mix
109 KR. 500 ml
Egils PILSNER
79 KR. 500 ml
Coca-Cola
zero
79 KR. 33cl
OS SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG
300 KR. VERÐLÆKKUN
SAMLOKU OSTUR
TILBOÐ
1298 KR. kg
Prins BITAR
ÆÐI BITAR
Hraun BITAR
579 KR. 3 x 200gr
BÓNUS KORNBRAUÐIÐ 1 kg.
BÓNUS Kornbrauð
259 KR. 1 KG
26 SNEIÐAR SAMLOKAN AÐEINS 20 KR.
Bónus ferskar grísa GRILL KÓTILETTUR
BÓNUS Grillkjöt
1198 KR. KG
Coca-Cola
198 KR. 1.5 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# „The show must go on!“

Það verður að segjast eins og er að það var mjög fyndið að sjá myndband af erkitöffaranum Nick Cave detta niður af sviðinu á tónlistarhátíðinni All Tomorrow´s Parties sem var haldin í Keflavík um síðustu helgi.

Hann var reyndar ekki mjög töff, nákvæmlega þegar atvikið átti sér stað og auðvitað er það algjörlega úr karakter fyrir slíka rokkstjörnu að lenda í svona löguðu. Hinn 55 ára Cave má samt eiga það að hann hélt ótrauður áfram og lauk við tónleikana með stakri prýði þrátt fyrir að hafa farið upp á slysadeild að þeim loknum til að láta kíkja á sig. Parna sannaðist hið fornkveðna: „The show must go on“, sem vísar til þess að engin uppákoma má verða til þess að hætt verði við sýninguna eða tónleikana í miðjum klíðum. Fjöldi fólks er búinn að borga mikinn pening til að sjá atriðið og það einfaldlega verður að halda áfram án þess að nokkuð hafi í skorist.



**NICK CAVE** Cave á tónleikunum í Keflavík.
MYND/ARNAR BERGMANN SIGURBJÖRNSSON

Cave veit líka sem er að slysin geta átt sér stað, líkt og hann söng í laginu Accidents Will Happen, af B-hlið smáskífunnar Dig, Lazarus, Dig!!!: „Accidents will happen - That‘s what accidents are for - Accidents will happen - And an accident is just an accident“.

Þeir sem urðu vitni að þessu slysi geta vafalítið „montað sig“ af því um ókomin ár að hafa séð sjálfan Nick Cave detta af sviðinu í Keflavík. Vonandi getur stjarnan sjálf brosað að þessu þegar hún horfir til baka...eða bara á Youtube-myndbandið.

## Í spilaranum







**Ummi** - Stundum er minna meira
**Byrta** - Byrta
**Kanye West** - Yeezus





**FENDT DIAMANT VIP 700 LUXUS** hjólhýsi árg. 2007, með fortjaldi og sólpalli, staðsett að Hellishólum í Fljótshlíð

- **HJÓLHÝSIÐ** er hlaðið aukabúnaði: 2 sjónvörp, 2 DVD, sér sturta 120X120, 2 vatnshitarar 2X14L, arinn leður og fl. –Hellulögn ca 30m2 er undir húsinu.

- **FORTJALDIÐ** er 3X7,5m og fylgir því nett polyrattan sófasett, 2 sófaborð, 2 gasofnar, 4 skápar undir allt sem þarf að nota og fl.

- **SÓLPALLURINN** er ca 100fm2 og fylgir útivaskur með vatnshitara þannig að það er bæði heitt og kalt vatn. Vatnshitarinn skilar 60L af 70 stiga heitu vatni per mín. sem nægir í heitan pott. Einnig fylgir geymsla fyrir verkfæri, geymsla fyrir útihúsgögn og fl.

Drauma aðstaða fyrir fólk sem vill njóta þess besta, þarna er einn vinsælasti og flottasti golfvöllur landsins, veitingahús með allri þjónustu og stutt í fallegustu perlur landsins.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 895-0967**







**MEÐ NÝJA PLÖTU** Rappkóngurinn Jay-Z hefur gefið út sína tólftu hljóðversplötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# (R)appari snýr aftur

**Rapparinn vinsæli Jay-Z gefur út sína tólftu hljóðversplötu, Magna Carta Holy Grail í dag á appi fyrir notendur Samsung-snjallsíma. Aðrir þurfa að bíða lengur.**

Magna Carta Holy Grail, tólfta hljóðversplata rappkóngsins Jay-Z, verður fáanleg í gegnum Samsung-app frá og með deginum í dag en aðrir geta tryggt sér eintak á sunnudaginn.

Platan hefur verið töluvert í umræðunni að undanförnu. Fyrst vegna hinnar óvenjulegu Samsung-útgáfu og hvort platan verði gjaldgeng á Billboard-vinsældalistann. Einnig vegna þess að hún hefur að geyma textabrot úr tveimur frægum lögum með Nirvana og R.E.M., Smells Like Teen Spirit og Losing My Relegion.

Körfuboltaaðdáandinn Jay-Z notaði auglýsingahlé í fimmta úrslitaleik Miami og San Antonio í NBA-deildinni til að greina frá nafni plötunnar og útgáfudegi. Síðar í mánuðinum birti hann svo alla textana á Samsung-appinu.

Fjögur ár eru liðin frá því Jay-Z gaf út The Blueprint 3, sem hlaut bæði góða dóma og slæma hjá gagnrýnendum. Síðan þá hefur rapparinn haft ýmislegt fyrir stafni. Hann gaf út hina vel heppnuðu Watch the Throne með vini sínum Kanye West árið 2011 og ári síðar eignaðist hann sitt fyrsta barn með söngkonunni Beyoncé og samdi um það lagið Glory. Sömuleiðis hafði hann umsjón með tónlistinni í The Great Gatsby og var einn af framleiðendum kvikmyndarinnar, sem kom á hvíta tjaldið núna í vor.

Magna Carta Holy Grail kemur út á vegum fyrirtækja Jay-Z, Roc-A Fella Records og Roc Nation. Frank Ocean, Rick Ross og Beyoncé eru gestasöngvarar í þremur lögum á plötunni og Kanye West, Pharrell Williams og Timbaland eru á meðal upptökustjóra. Að auki kemur sannkallað stjörnuregn saman í laginu BBC, eða Timbaland, Pharrell, Justin Timberlake, Nas, Beyonée og Swizz Beatz.

Miðað við allt púðrið sem hefur farið í að auglýsa Magna Carta Holy Grail og alla þá aðstoðarmenn sem koma að henni má eiga von á flottri rappplötu frá Jay-Z. Hann á vafalítið einhver tromp uppi í erminni, enda reynslumikill með eindæmum eftir sautján ár í fremstu röð.

freyr@frettabladid.is

## Eigurnar metnar á sextíu milljarða

Jay-Z hefur selt yfir fimmtíu milljónir hljómplatna og hlotið sautján Grammy-verðlaun síðan hann steig fram á sjónarsviðið árið 1996. Hann er einnig einn ríkasti hiphop-listamaður Bandaríkjanna. Á síðasta ári mat tímaritið Forbes eigur hans á tæpar 500 milljónir dala, eða rúma sextíu milljarða króna.

## 27.6.2013 → 3.7.2013





### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Robin Thicke / T.I. / Pharrell** | **Blurred Lines** |
| ▶ | 2 | Daft Punk / Pharrell | Get Lucky |
| ▶ | 3 | Emmelie de Forest | *Only Teardrops* |
| ▲ | 4 | Margaret Berger | I Feed You My Love |
| ▼ | 5 | Capital Cities | *Safe and Sound* |
| ▲ | 6 | Olly Murs | Dear Darling |
| ▲ | 7 | Kaleo | *Vor í Vaglaskógi* |
| ▲ | 8 | Bruno Mars | *Treasure* |
| ▼ | 9 | Botnleðja | Panikkast |
| ▼ | 10 | Maroon5 | Love Somebody |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Sigur Rós** | **Kveikur** |
| * | 2 | Samaris | *Samaris* |
| ▼ | 3 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▲ | 4 | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▼ | 5 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 6 | Ýmsir | Einnar nætur gaman með Sigga Hlö |
| ▼ | 7 | Ljótu hálfvitarnir | Ljótu hálfvitarnir (2013) |
| ▼ | 8 | Ýmsir | Pottþétt 59 |
| ▲ | 9 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▲ | 10 | Botnleðja | *Þegar öllu er á botninum hvolft* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

# 20% AFSLÁTTUR AF BARNAFATNAÐI

## DAGANA 4. - 7. JÚLÍ




**INTERSPORT LINDUM** / SÍMI 585 7260 / LINDIR@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18. **INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4890 / AKUREYRI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. **INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / SELFOSS@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

# Hin fullkomna mynd

Toni Collette segir nýjustu mynd sína fullkomna.



Leikkonan Toni Collette fer með hlutverk í kvikmyndinni The Way, Way Back. Þar leikur hún aftur á móti Steve Carell, en þau léku síðast saman í gamanmyndinni Little Miss Sunshine.

The Way, Way Back segir frá ungum dreng, Duncan, sem fer í frí með móður sinni, kærasta hennar og dóttur hans. Duncan vingast við Owen, framkvæmdastjóra vatnagarðsins Water Wizz. Collette lýsir myndinni sem fullkominni. „Líkt og Little Miss Sunshine er þessi mynd með stórt hjarta og mjög fyndin. Fyrir mér er það hin fullkomna kvikmynd,“ sagði leikkonan.

**FULLKOMIN MYND** Toni Collette fer með hlutverk í myndinni The Way, Way Back.

# Spennumynd með Alexander Skarsgård

Ný kvikmynd leikarans fjallar um sérsveitamann sem laumar sér í raðir herskárra stjórnleysingja.

Leikkonan Brit Marling og Íslandsvinurinn Alexander Skarsgård leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni The East, sem er nýjasta afurð leikstjórans og handritshöfundarins Zals Batmanglij og leikkonunnar og handritshöfundarins Brit Marling. Einnig fer leikkonan Ellen Page með hlutverk í myndinni.

Myndin fjallar um hvað gerist þegar sérsveitarfulltrúi laumar sér í raðir herskárra anarkista sem skipuleggja hermdarverk á stórfyrirtæki sem hafa gerst sek um glæpsamlegt athæfi.

Brit Marling leikur Söru Moss, fyrrverandi FBI-fulltrúa, sem starfar hjá fyrirtæki sem starfrækir leynilega öryggissveit. Hún fer undir fölsku flaggi í félagsskap herskárra anarkista sem kalla sig The East og nær að sannfæra meðlimi um heilindi sín gagnvart málstaðnum. Hún tekur þátt í næsta verkefni hópsins en fellur fyrir leiðtoga hópsins, hinum sjarmerandi Benji, sem leikinn er af Alexander Skarsgård. Smám saman sannfærist hún um málstað anarkistanna og fer að sjá lífið í öðru ljósi. - hó



**ALEXANDER SKARSGÅRD** Leikur sjarmerandi anarkista í myndinni The East.


JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI

Bæjarlind 6, 201 Kópavogi



Til leigu eða sölu gott 268 fm. verslunar-/þjónusturými með góðri aðkomu sem skiptist að mestu í opið rými með góðri lofthæð, kaffistofu og snyrtingu. Áberandi staðsetning. **Laust strax!**

Allar nánari upplýsingar veitir
Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali
s. 534 1024 / 897 7086 eða hmk@jofur.is

534 1020
www.jofur.is

Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




**ENDALOKIN** Seth Rogen, Emma Watson og félagar takast á við endalok heimsins í gamanmyndinni This Is the End.

# Endalok heimsins nálgast óðfluga

Gamanmyndin This Is the End var frumsýnd í gær. Kvikmyndin er eftir handriti Seths Rogen, sem leikstýrir jafnframt myndinni og fer með aðalhlutverkið.

Gamanmyndin This Is the End skartar mörgum af stærstu gamanstjörnum dagsins í dag í helstu hlutverkum. Myndin hefst þegar leikarinn Jay Baruchel, úr kvikmyndunum Tropic Thunder og Knocked Up, kemur til Los Angeles að heimsækja vin sinn, leikarann Seth Rogen. Félagarnir fara saman í innflutningspartí til James Franco og hitta þar fyrir fjöldann allan af leikurum, söngvurum og öðru þekktu fólki. Baruchel þekkir þó fáa í veislunni og talar Rogen inn á að rölta með sér út í búð í þeim erindagjörðum að kaupa sígarettur. Þar verða þeir vitni að því þegar nokkrir viðskiptavinir verslunarinnar eru numdir á brott af bláum geislum sem koma af himni ofan. Þetta skýtur þeim skelk í bringu og forða félagarnir sér aftur heim til Franco. Stuttu síðar hefst mikið eldregn og verður öngþveiti á götum úti. Á meðan heimurinn ferst neyðist hópurinn sem inni er að takast á við þverrandi matarbirgðir og hvert annað.

Handrit og leikstjórn er í höndum Seths Rogen og Evans Goldberg, en þeir skrifuðu einnig handritið að Pinapple Express. Með helstu hlutverk fara James Franco, Jonah Hill, Seth Rogen, Jay Baruchel, Danny McBride, Craig Robinson, Michael Cera og Emma Watson. Einnig má sjá Rihönnu, Channing Tatum, Paul Rudd og The Backstreet Boys bregða fyrir í myndinni.

Að sögn Rogens og Goldbergs hafði þá alltaf dreymt um að framleiða mynd þar sem fólk léki sjálft sig. „Upphaflega hugmyndin var sú að Seth og Busta Rhymes væru að taka upp tónlistarmyndband og maurafólk úr iðrum jarðar réðist á þá,“ sagði Goldberg.

This Is the End hefur fengið góða dóma og fær meðal annars 83 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes og 8 í einkunn á Imdb.com. - sm

➜ Í stiklu myndarinnar sést Rihanna gefa Michael Cera dágóðan kinnhest. Rihanna sló Cera fastar í hvert sinn sem atriðið var tekið upp því henni leiddist viðreynsla leikarans.



## Franco til í allt

Í viðtali ljóstraði Seth Rogen því upp að á meðan á tökum stóð tóku margir leikaranna hann á eintal af því að þeim þótti handritið fara yfir öll velsæmismörk. Leikararnir sögðust ekki geta gert það sem óskað væri af þeim. Sá eini sem var til í allt var James Franco.

## Kvikmyndarýni

★★★☆☆

**Pain & Gain**

„Kærkomin hvíld frá vélmennunum, en mætti vera styttri og þéttari.“

★★☆☆☆

**Man of Steel**

„Gríðarleg vonbrigði. DC þarf að hysja upp um sig.“



# Alvöru vestri og gömul klassík

Johnny Depp fer með hlutverk indíána í kvikmyndinni Lone Ranger sem frumsýnd var í gær. Bíó Paradís sýnir gömlu klassíkina Hard Ticket to Hawaii í kvöld.

Kvikmyndin Lone Ranger var frumsýnd í gær en myndin skartar stórleikaranum Johnny Depp í aðalhlutverki. Depp leikur indíánann Tonto sem berst gegn spillingu og græðgi í villta vestrinu ásamt löggregluþjóninum fyrrverandi, John Reid eða „Lone Ranger“. Það er leikarinn Armie Hammer sem fer með hlutverk Lone Ranger en einhverjir gætu kannast við kauða úr Facebook-myndinni The Social Network, þar sem hann lék tvíburana Cameron og Tyler Winklevoss. Það er leikstjórinn Gore Verbinski sem leikstýrir myndinni en hann leikstýrði einnig þríleiknum Pirates of the Caribbean og er þetta því ekki í fyrsta skipti sem þeir Verbinski og Depp starfa saman. Disney-samsteypan og Jerry Bruckheimer Films framleiða myndina.

Bíó Paradís sýnir í kvöld kvikmyndina Hard Ticket to Hawaii frá árinu 1987, en í sumar mun kvikmyndahúsið sýna tvær klassískar kvikmyndir í viku hverri. Hard Ticket to Hawaii segir frá útsendurunum Donnu og Taryn sem stöðva afhendingu á demöntum fyrir slysni, en demantarnir voru ætlaðir eiturlyfjabaróninum Seth Romero. Seth er ákveðinn í að ná í demantana og í kjölfarið brýst út hröð atburðarás, sem flækist enn frekar þegar baneitruð risaslanga sleppur laus.



**INDJÁNI OG KÚREKI** Lone Ranger var frumsýnd í bíóhúsum í gær.

# Neutral®

## ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI

NORDISK MILJØMÆRKNING

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



### STÓR ÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



### HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



### NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í tísku þessa dagana.

*Létt er að flokka litríka sokka*

*Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.*





### NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



### HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolítið af Neutral Color í hólfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS**

# Alvöru útimarkaðsstemning í miðborginni

Jakob Frímann Magnússon hvetur fólk til þess að njóta menningarlífsins í miðborginni um helgar í sumar.

„Það er gleði í mannskapnum og allt að gerast en það verður bæði mikil úti og inni stemning næstkomandi laugardag í miðbænum. Það er langur laugardagur og nú ætlum við að vera með markaðsstemningu og uppákomur af ýmsum toga sem munu teygja sig upp eftir Laugaveginum. Það er mikill sirkusandi í Reykjavík um þessar mundir en Sirkus Íslands stendur fyrir metnaðarfullu verkefni í Kvosinni sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara,“ segir Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Rekstraraðilar á Laugaveginum og verslunargötunum í kring hafa ráðið ráðum sínum og munu halda sannkallaðan markaðsdag í borginni laugardaginn 6. júlí. Þar munu kaupmenn og veitingamenn verða sýnilegri utan dyra með tilboð og markaðsstemningu. Dagskráin býður upp á margs konar uppákomur. Það verða leiktæki fyrir börnin, götuleikhús og sirkusatriði í sumargötunum. Einnig verða tónlistaratriði í Hjartagarðinum, en hljómsveitin White Signal spilar kl. 14 og frá kl. 16 munu plötusnúðar þeyta skífum. „Það er svo ánægjulegt að sjá þróun menningarlífsins í borginni síðustu misseri. Það hafa verið að myndast kjarnar, eins konar þorp eins og til dæmis Vitahverfið. Þar hafa leiðtogar rekstraraðila á borð við GK, Kex Hostel, Kormák og Skjöld, Kron Kron, Krol og fleiri verið öflugir í kjarnastarfi og skipulagningu viðburða,“ segir Jakob Frímann Magnússon. - mmm



**MANNLÍF** Það verða ýmsar uppákomur á Laugaveginum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STOFNANDI BYRJUNARREITS** Gísli Kristjánsson er stofnandi sprotaskrifstofunnar Byrjunarreitur.

# Byrjunarreitur bætir frumkvöðlastarf

Spennandi starfsumhverfi verður að veruleika í Kópavogi fyrir ung fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í fyrirtækjarekstri.

„Aðstaða fyrir minni sprotafyrirtæki og aðra sem vinna sjálfstætt er ansi lítil á Íslandi eftir að starfsemi Hugmyndahús háskólanna hætti og því hefur þörfin einfaldlega verið til staðar fyrir svona aðstöðu,“ segir Gísli Kristjánsson, stofnandi sprotaskrifstofunnar Byrjunarreitur.

Víða um Evrópu er að finna fyrirtæki sem bjóða upp á skrifstofuhúsnæði þar sem saman koma sjálfstætt starfandi forritarar, grafískir hönnuðir og aðrir frumkvöðlar. Hugmyndin er sú að gefa fólki möguleika á að vinna í skapandi umhverfi með öðrum sem jafnvel eru í sömu aðstæðum og glíma við svipuð vandamál í fyrirtækjarekstri.

Gísli segir að starfsemi Byrjunarreits sé gerð að erlendri fyrirmynd í líkingu við Techhub í London, þar sem slíkt rekstrarform hafi gefið gríðarlega góða raun. Þá hafi jafnvel skapast samstarfsverkefni á milli starfsstöðvana. Það þykir mjög verðmætt að vera í daglegum samskiptum við fólk á sömu sporum. Byrjunarreitur hefur það markmið að leiðarljósi að skapa örvandi starfsumhverfi og veita stuðning við ung fyrirtæki á byrjunarstigi. Gísli segir fyrstu leigjendurna byrjaða að tínast inn, en hægt sé að velja á milli þess að hafa fasta eða lausa viðveru. Föst viðvera gefur aðgang að fundarherbergjum og skipulagsrýmum þar sem hægt er að setja hugmyndir upp sjónrænt og að sjálfsögðu póstfang. „Við áætlum einnig að vera með hagnýt örnámskeið og fyrirlestra innan fyrirtækjareksturs fyrir aðila sem þurfa jafnvel aðstoð með t.d. fjárhagsáætlun eða annað sem snýr að rekstrinum,“ segir Gísli að lokum.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni byrjunarreitur.is.

marinmanda@frettabladid.is

> **Aðstaða fyrir minni sprotafyrirtæki og aðra sem vinna sjálfstætt er ansi lítil á Íslandi eftir að starfsemi Hugmyndahús Háskólanna hætti.**

# Stutt hreyfing góð gegn sykursýki

Gott er að taka reglulegar „göngupásur“ í vinnunni

Að standa upp og taka sér smá „göngupásu“ á hálftíma fresti getur minnkað líkurnar á sykursýki hjá kyrrsetufólki og reglulega ganga í tæplega tvær mínútur í vinnunni er áhrifaríkari forvörn gegn sjúkdómnum en rösklegur 30 mínútna göngutúr áður en mætt er til vinnu. Þetta er niðurstaða bandaríska næringarfræðinga sem var birt í American Journal of Clinical Nutrition og er studd af nýlegri rannsókn sem framkvæmd var af fræðimönnum í Háskólanum í Otago í Nýja Sjálandi.

Samkvæmt samtökum sykursjúka í Bretlandi munu allt að fjórar milljónir manna þjást af sykursýki í heiminum árið 2025.

Tvö afbrigði eru til af sykursýki, týpur eitt og tvö.

Meðferð við sykursýki, týpu eitt, er regluleg insúlíngjöf, annaðhvort með sprautum, insúlínpennum eða insúlíndælum. Týpa tvö hrjáir aðallega eldra fólk en nú greinist sífellt yngra fólk með sykursýki, týpu tvö, vegna hækkandi tíðni offitu í heiminum. Meðferð við sykursýki af týpu tvö er í byrjun oftast breytt mataræði og góð líkamleg hreyfing en þegar sjúkdómurinn er langt genginn getur lyfjagjöf verið nauðsynleg.



**SYKURSÝKI** Talið er að allt að fjórar milljónir manna um heim allan muni þjást af sykursýki árið 2025. MYND ÚR SAFNI

# Tarantino-fæðing

Þegar ég gekk með stelpuna mína þá reyndi ég hvað ég gat til að búa mig undir fæðinguna. Ég svamlaði um í meðgöngusundi og reyndi að opna lótusblómið mitt í jóga. Ég rölti um göturnar raulandi jógamöntrur til þess að róa stressaða píku sem ætlaði aldeilis að anda sig í gegnum þetta allt saman. Það var samt eitt, ég forðaðist hvað ég gat að horfa á fæðingar. Ég hafði þolinmæði fyrir einni fæðingarsögu á viku, en þá var kvótinn líka búinn. Mér var eiginlega alveg sama um allt sem hét „fæðingarsaga“, ég vildi bara vita að barnið væri heilbrigt og kannski lengd og þyngd þess.

Ég hef verið svona frá því að ég man eftir mér. Mér hafa aldrei þótt fæðingar heillandi né áhugaverðar þó ég samgleðjist mjög yfir meðgöngu og fæddu barni. Þetta hitt, þessi fæðing, hún mátti bara alveg vera leyndarmál konunnar sem þurfti að rembast. Svona einkamál eins og að fara á klósettið. Ég hélt ég myndi deyja þegar mamma bauð mér að vera viðstödd fæðingu litla bróður míns, svona eins og henni væri eitthvað illa við mig. Þegar ég svo varð ólétt þá sneru spurningar marga vinkvenna minna að þessum ótta mínum: hvernig ætlaði ég að tækla þetta mál? Nú, ég gerði það sem hver skynsöm manneskja gerir, ég drekkti mér í öllum þeim fróðleik sem var í boði, fyrir utan að horfa á sjálfan atburðinn. Það hlyti að vera eins og að standa ofan á hárri byggingu og horfa niður, maður þarf ekkert að auka á óttann (nú fá sálfræðingar í fælni hroll yfir þessari „forðun“ minni).

Áfram sveif meðgangan og ég var staðráðin í að þessu skyldi nú ýtt í heiminn enda líkaminn skapaður til þess. Þegar ég svo komst að því að litli Búddinn minn vari sitjandi og fæðing tæplega inni í myndinni þá fannst mér heimurinn hrynja. Mér fannst eins og ég væri að bregðast þessu litla kríli og stórt skarð myndaðist í móðurímyndina. Næstu vikur sneru að því að snúa þessari elsku en allt kom fyrir ekki og ég fékk dagsetningu í keisara. Litla daman var hífð upp úr móðurkviði, ég ryksuguð að innan og saumuð saman. Píkan slapp með skrekkinn; hvorki saumur, bjúgur né rifa. En hún varð svolítið blúsuð. Hún varð útundan og fékk ekki inngöngu í fæðingarsagnaklúbb reyndari mæðra. Þetta var eins og að horfa á spennumynd og missa af eltingarleiknum þegar góði karlinn nær þeim slæma. Það nennir enginn að hlusta á sögu þar sem góði karlinn rekst óvart á þann slæma og öll dýrin í skóginum verða vinir. Það verður að vera smá Tarantino í þessu með blóði og tilheyrandi.

Svo fékk ég annað tækifæri til að skrifa mína eigin sögu, með tilheyrandi hasar, og vitiði hvað? Píkan er bara ekkert hressari, hún hoppar ekki hæð sína af kæti. Mér þykir mesta afrekið enn vera það að ala upp barn og vera foreldri, en leið barnsins í heiminn er, að mínu mati, aukaatriði.



**LEIÐIN AUKAATRIÐI** Leið barnsins í heiminn er að mati Siggu Daggar aukaatriði. Foreldrahlutverkið er mesta afrekið. NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**

Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# DEBENHAMS

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# 50% AFSLÁTTUR

AF TÖSKUM, SKÓM OG SKARTI Á ÚTSÖLU

**Opið** til kl. 21:00 í kvöld

**50%** afsláttur af útsöluvörum frá Debenhams hönnuðum í barnadeild

JASPER CONRAN J JEANS
ROCHA . JOHN ROCHA
butterfly by MATTHEW WILLIAMSON
STAR BY julienmacdonald
BAKER BY TED BAKER

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**UMMI** Tónlistarmaðurinn Ummi hefur gefið út sína aðra sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Millilending fyrir næstu plötur

## Önnur plata tónlistarmannsins Umma nefnist Stundum er minna meira.

Tónlistamaðurinn Ummi Guðjónsson hefur sent frá sér sína aðra sólóplötu, Stundum er minna meira.

Hún kemur út á vínyl og geisladiski og inniheldur tólf frumsamin lög. Platan var tekin upp í Litla-Skarði í Borgarfirði vorið 2011 og í Hafnarfirði, Kaupmannahöfn og London í fyrra.

„Ég valdi lög til upptöku fyrir þessa plötu með það fyrir augum að loka því sem ég byrjaði á með fyrstu sólóplötu minni og á sama tíma fara í átt að næstu plötum sem ég er með í vinnslu um þessar mundir. Þannig er þessi plata að mörgu leyti millilending eða tengiflug við það sem koma skal,“ segir Ummi.

Hann er fæddur og uppalinn á Djúpavogi en hefur verið búsettur erlendis síðastliðin sextán ár. Hann gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2010 og var á árum áður annar helmingur og lagasmiður hljómsveitarinnar Sólstrandargæjarnir ásamt Jónasi Sigurðssyni.

Ummi er menntaður í teiknimyndagerð og er með BA-gráðu í computer animation frá Bournemouth-háskóla í Englandi. Hann hefur starfað við tæknibrellugerð í London síðastliðin tíu ár og unnið við nokkrar af stærstu kvikmyndum samtímans á borð við Avatar og Harry Potter. - fb

➜ Platan verður aðgengileg á netinu og má finna nánari upplýsingar á vefsíðunni Ummig.com.

# Tveir heimar mætast á töfrandi hátt

TÓNLIST ★★★★☆

**Samaris**
Samaris
**12 TÓNAR**



**SAMARIS** Fyrsta plata sveitarinnar hljómar vel sem ein heild.

Hljómsveitinni Samaris hefur gengið allt í haginn síðan hún vann Músíktilraunir árið 2011.

Hún hefur gefið út EP-plöturnar Hljómar þú og Stofnar falla, fengið góða útvarpsspilun, spilað á Sónar-hátíðinni (bæði í Reykjavík og í Barselóna) og nýlega gerði hún útgáfusamning við breska fyrirtækið One Little Indian.

Þessi nýja plata er einmitt fyrsta útgáfa Samaris hjá fyrirtækinu í samstarfi við 12 Tóna og hefur að geyma EP-plöturnar tvær, auk fjögurra endurhljóðblandana, en samningurinn við One Little Indian hljómar upp á að minnsta kosti tvær breiðskífur til viðbótar með nýju efni.

Öll þessi velgengni tríósins kemur ekki á óvart þegar hlustað er á þennan nýja grip. Klarinettleikur Áslaugar Rúnar Magnúsdóttur og raftaktar Þórðar Kára Steinþórssonar blandast fullkomlega saman við seiðandi rödd Jófríðar þannig að úr verður gullfalleg tónlist. Í raun mætast tveir heimar á plötunni. Annars vegar söngstíll Áslaugar Rúnar og góðir textarnir sem byggja á gömlum íslenskum grunni og hins vegar nútímalegir raftaktarnir.

Endurhljóðblönduðu lögin eru áhugaverð, sérstaklega þó Viltu vitrast í meðferð Futuregrapher og Stofnar falla sem Subminimal hristir upp í með hröðum trommutakti.

Þrátt fyrir að platan sé þrískipt hljómar hún vel sem ein heild og ætti enginn tónlistaráhugamaður að vera svikinn af þessu eðal, rammíslenska rafpoppi.

**Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Töfrandi rammíslenskt rafpopp frá hinni stórefnilegu Samaris.



**SAMARIS** Samaris hefur gengið allt í haginn síðan hún vann Músíktilraunir árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**RUSSELL CROWE** Segist ekki bera ábyrgð á dónalegri mynd sem birtist á Twitter-reikningi hans á dögunum. NORDICPHOTO/GETTY

# Biðst afsökunar á mynd

Leikarinn Russell Crowe baðst afsökunar á mynd sem birtist á Twitter-síðu hans fyrir skömmu af kynfærum konu. Russell segist ekki bera ábyrgð á birtingu myndarinnar, sem virtist vera úr myndasafni og sýndi kynfæri konu skarta greiðslu sem líktist helst hárgreiðslu strangtrúaðra gyðinga, heldur vill meina að brotist hafi verið inn á reikninginn hans.

Eftir að hafa eytt myndinni tísti hann: „Hey, ég veit ekki hvað þetta var. Ég var bara að spjalla við Dani þegar síminn varð allt í einu brjálaður.“

Þess má geta að „Dani“ er eiginkona Russells. Leikarinn hefur verið að reyna að laga samband þeirra eftir að orðrómur um framhjáhald gekk fjöllum hærra.



**ÆTLAR ALDREI AFTUR** Jennifer Aniston segist aldrei ætla að fá sér McDonald's. NORDICPHOTO/GETTY

# Fékk í magann af McDonald's

Leikkonan Jennifer Aniston segist aldrei ætla að gæða sér á McDonald‘s hamborgara aftur eftir að hafa fengið slæma magakveisu síðast. „Ég mun aldrei gleyma því þegar við Justin vorum á ferðalagi og við urðum svo svöng. Eini staðurinn í nágrenninu var McDonald‘s. Mig minnir að ég hafi pantað mér Big Mac og „Vá“ líkaminn minn brást ekki vel við! Það var eins og að setja dísil á bensínbíl. Ég er alltaf að reyna að borða lífrænan og heilsusamlegan mat, svo þetta olli meiriháttar magakveisu og lét mér líða skelfilega,“ sagði leikkonan við New York Magazine.



**EDWARD FURLONG** Játaði fyrir dómi að hafa beitt fyrrverandi kærustu sína ofbeldi. MYND/GETTY

# Skilorðsbundinn dómur fyrir líkamsáras

Leikarinn Edward Furlong, sem sló í gegn sem John Connor í kvikmyndinni Terminator 2, hefur leitað uppi vandræðin síðastliðin ár.

Furlong hefur lengi átt við eiturlyfjavandamál að stríða og margoft komist í kast við lögin vegna heimilisofbeldis og annarra brota.

Hann var ákærður fyrir árás á fyrrverandi kærustu sína í maí síðastliðnum og var málið tekið fyrir í bandarískum dómstól í vikunni.

Samkvæmt slúðursíðunni TMZ.com játaði Furlong að hafa beitt hana ofbeldi og fékk í kjölfarið sex aðrar ákærur felldar niður, þar á meðal ákærur fyrir eignaspjöll og að rjúfa skilorð.

Hann var í kjölfarið dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi og þarf að fara í 90 daga áfengis- og fíkniefnameðferð. Hann þarf jafnframt að gangast undir ellefu mánaða sálfræðimeðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis. Einnig var dæmt á hann nálgunarbann.



**ROBERT PATTINSON** Mun hafa komist yfir sambandsslitin við Kristen Stewart og er að hitta barnabarn Elvis Presley. MYND/AFP

# Twilight-stjarna komin með nýja

Twilight-stjarnan Robert Pattinson virðist vera komin með nýja dömu upp á arminn, en til hans sást með leikkonunni Riley Keough um síðustu helgi. Keough, sem er dóttir Lisu Mariu Presley og barnabarn Elvis Presley, lék í myndinni The Runaways sem kom út árið 2010 ásamt fyrrverandi kærustu Pattinsons, Kristen Stewart. Keough og Stewart varð víst vel til vina á meðan þær léku saman í myndinni og þykja auk þess alveg sláandi líkar.

Sambandsslit Pattinsons og Stewart tóku að sögn kunnugra mikið á, en þau þóttu á tímabili vera eitt heitasta parið í bransanum.

Pattinson mun hafa gripið til þess ráðs til þess að komast í gegnum sorgina að semja lög um sambandsslitin en þau munu því miður ekki fá að heyrast á öldum ljósvakans heldur fara beint ofan í skúffu.

# Samstarfið við Friðrik Dór gekk vel

**Gunnar Hjálmarsson gefur út barnaplötuna Alheimurinn! Fyrsta lagið af plötunni fer í spilun í dag.**

„Samstarfið gekk mjög vel. Hann þurfti náttúrulega að leggja land undir fót og kom til Keflavíkur í stúdíóið, það er alltaf létt yfir mönnum þegar þeir eru komnir út á land,“ segir tónlistarmaðurinn Gunnar Hjálmarsson um samstarf sitt og söngvarans Friðriks Dórs Jónssonar. Sá síðarnefndi syngur lagið Glaðasti hundur í heimi af barnaplötunni Alheimurinn! Platan er önnur barnaplata Gunnars, eða Dr. Gunna eins og hann er betur þekktur, en sú fyrri, Abbabbabb, kom út árið 1997.

Á plötunni eru fjórtán lög sem Dr. Gunni samdi í samstarfi við tónlistarkonuna Ragnheiði Eiríksdóttur. Sex laganna eru sungin af gestasöngvurum en þegar Dr. Gunni er spurður nánar út í þá vill hann lítið láta uppi. „Það er enn þá leyndarmál. Ég get sagt þér að eitt lag er sungið af þremur stórstirnum sem aldrei hafa sungið saman áður, annað er sungið af manni sem er mjög vinsæll og enn annað er sungið af söngkonu í mjög vinsælli hljómsveit.“

Glaðasti hundur í heimi verður frumfluttur í útvarpi í dag en einnig má nálgast lagið á Spotify, Tónlist.is og Youtube. -sm



**GOTT SAMSTARF** Friðrik Dór syngur lagið Glaðasti hundur í heimi sem er á nýjustu barnaplötu Gunnars Hjálmarssonar, Alheimurinn! FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ A 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 8 (FORSÝNING) | 14 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS IS THE END LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.10 - 8 - 10.50 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.30 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 | 7 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ A 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 6 - 9 | 14 |
| THE PURGE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 9 | 7 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 8 (FORSÝNING) | 14 |
| THIS IS THE END | KL. 5.40 - 10 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.30 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 A 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | 5 - 8 - 10.20 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | 5 - 10 | 12 |
| THE PURGE | 8 | 16 |
| THE ICEMAN | 8 - 10.20 | 16 |
| EPIC 2D | 5 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR PIRATES OF THE CARIBBEAN MYNDIRNAR







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 6 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| THE LONE RANGER VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 9 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 11 | 16 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 6 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 8 - 11 | 12 |
| THIS THE END | KL. 8 | 16 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:20 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:30 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 | L |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |


# Borg í formalíni

**BAKPANKAR**
Dóra DNA

Tónleikahald mun ekki leggjast af þótt tveir hentugir tónleikastaðir í miðbænum loki. Það mun halda áfram að blómstra á öðrum stöðum. Hótelin sem koma í staðinn munu heldur ekki eyðileggja Reykjavík. Umræðan er öfgafull og galin.



**FYRIR** skemmstu skrifaði maður sem ég virði mikið, Sverrir Björnsson, grein í Fréttablaðið undir nafninu Sætir sigrar – beisk töp. Þar segir hann að í hvert skipti sem hinni gömlu borgarmynd Reykjavíkur sé breytt tapi borgarbúar. Um ráðhúsið segir hann meðal annars: „Gamla húsið í Tjarnarhorninu var fjarlægt og Ráðhús Reykjavíkur sett þar niður – stór ósigur.“

**ÉG** get ekki tekið undir þetta. Reykvíkingar töpuðu ekki þegar ráðhúsið var byggt. Það var kynslóð Sverris sem tapaði. Tapaði stríðinu um að halda Reykjavík eins og hún vildi hafa hana. Það er nauðsynlegt fyrir allar kynslóðir að tapa þessu stríði, það er forsenda þess að Reykjavík dagi ekki uppi sem panelklædd skúffukaka. Mér og fólkinu í kringum mig þykir ráðhúsið nútímalegt, reisulegt og sæmandi því hlutverki sem það gegnir.

**UM** hvað nákvæmlega snýst baráttan um Nasa? Snýst hún um húsið sjálft eða starfsemina sem er þar inni? Það er algjörlega borðleggjandi að þessi starfsemi mun finna sér nýjan vettvang. Rætur jaðar- og popptónlistar í Reykjavík rista töluvert dýpra en hvaða húsgrunnur sem er. Og nú er búið að ræsa út Sigmund Davíð Gunnlaugsson – í einhverju tækifærissinnaðasta útspili síðari ára.

**ÉG** gladdist þegar ég heyrði að það ætti að gera breytingar á Austurvallarreitnum. Þetta ágæta torg okkar þarf aðeins meiri upphefð. Eins og staðan er í dag þá er þarna ólögulegur og illa hirtur túnflötur – og útigangsmenn að garga og fljúgast á, fyrir tilstuðlan meðvirkni borgarbúa en ekki alþýðlegheita. Skilin þar á milli eru oft furðu óskýr.

**BREYTINGAR** eru alltaf umdeildar. En óumdeilanlega felast í þeim tækifæri. Nú er tækifæri til að stækka miðbæinn, stækka borgarupplifunina og færa líflega og hressa starfsemi á nýjar og spennandi slóðir, til dæmis út á Granda. Miðbæir í öllum borgum eru slappar hótelveislur og túristagildrur. Það eru nærliggjandi götur og hverfi sem gefa borgunum lit. Kyngjum þessum bita, játum okkur sigruð í stríðinu um að halda borginni fljótandi í formalíni og leyfum Reykjavík þess í stað að koma okkur á óvart.

**HÖFUNDUR** býr á Suðurgötu.



**CHANEL** Skemmtileg munstur og breið mittisbelti voru áberandi á sýningunni.



**CHANEL** Nýstárleg áferð með skemmtilegu munstri einkennir þennan fallega kjól.



**CHANEL** Fallegur síðkjóll.

# Haustlína Chanel

Haustlína Karls Lagerfeld fyrir Chanel-tískuhúsið var sýnd á tískuvikunni í París á dögunum. Lagerfeld sýndi með fatalínunni enn og sannaði að hann er ekki dauður úr öllum æðum, en sýningin þótti sérstaklega glæsileg. Fatalínan er mjög kvenleg í frekar lágtóna litum. Grátt, silfur og svart, ásamt mildum jarðarlitum í grænu og laxableiku, voru allsráðandi en efnin voru allt frá tvídefnum yfir í silki með málmáferð.



**CHANEL** Dramatískur kvöldkjóll.
MYNDIR/GETTY



**CHANEL** Léttur og fallegur silfurlitur kjóll sem myndi sóma sér vel í hvað veislu sem er.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS


ALLT Í ÚTILEGUNA
Á BETRA VERÐI
True háir ullarsokkar 2.499
VIKING
Challenging the Laws of Nature since 1920
GÚMMÍSTÍGVÉL
Vind-sængur verð frá 1.999
Kælibox, 2 í pk. 4.999
Útilegustóll 2.499
Gúmmí-skór verð frá 2.699
Waterland
Barna- og fullorðinsstærðir
Gúmmískór 2.699
Waterland
Útileguketill 1.499
Kæli-element 2x400gr 299
Kælibox 25 lítra 3.999
Vatnskútur 8 lítra 899
Veiðivörur í úrvali!
Fótpumpa 999
Kælitaska 1.999
Tjald 3.999
Tjaldsett Tjald, 2 svefnpokar 2 tjalddýnur í tösku 9.999
Svefnpokar verð frá 2.999
Tjaldlugt 1.299
Kælibox 2 í pk. 5.999
Tjald 6.999
Tjalddýna 1.999
Svefnpoki 4.999
GARÐHÚSGÖGN Á ENN BETRA VERÐI
20% auka afsláttur á kassa
Jamaica
BORÐ 8.559 V.Á. 10.699
Tioman
BORÐ 9.599 V.Á. 11.999
STÓLL 5.199 V.Á. 6.499
Cabana
BORÐ 11.999 V.Á. 14.999
STÓLL 5.999 V.Á. 7.499
Honduras sett
SETT 11.999 V.Á. 14.999
STÓLL 3.599 V.Á. 4.499
Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni,
Smáralind og Skeifunni. Minna úrval í öðrum verslunum.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Vilja hagnast um 900 milljónir



**FÓTBOLTI** Hollenska félagið Heerenveen hefur farið fram á háa fjárhæð fyrir framherjann Alfreð Finnbogason, eða í kringum milljarð. Takist félaginu að fá þann pening fyrir Alfreð mun félagið hagnast vel.

Alfreð var keyptur til Heerenveen í ágúst í fyrra og þá greiddi hollenska félagið rúmar 120 milljónir fyrir framherjann. Tæpu ári síðar vill félagið fá milljarð fyrir leikmanninn og þar af leiðandi græða um 900 milljónir króna fyrir Alfreð eftir eitt tímabil.

Alfreð átti frábært tímabil hjá Heerenveen en hann skoraði 24 mörk í 31 leik fyrir félagið síðasta vetur. Það er því ekki skrýtið að verðmiðinn á honum hafi hækkað, en spurning hvort forráðamenn Heerenveen séu að fara fram á aðeins of mikið? **- hbg**

## Samdi við eitt besta félag Svíþjóðar

**FÓTBOLTI** Hinn 24 ára gamli Skagamaður Arnór Smárason skrifaði í gær undir þriggja ára samning við eitt besta félag Svíþjóðar, Helsingborg.

Arnór kemur til félagsins frá danska félaginu Esbjerg þar sem hann hefur verið síðan árið 2010 og staðið sig vel.

Þar á undan var Arnór á mála hjá hollenska félaginu Heerenveen. Helsingborg er í öðru sæti sænsku úrvalsdeildarinnar og er líklegt í baráttunni um sænska meistaratitilinn.

„Mér líður vel og er mjög ánægður með að vera kominn hingað. Ég get varla lýst því hvað ég hlakka mikið til þess að byrja og æfa og spila með félaginu,“ sagði Arnór við heimasíðu síns nýja félags í gær.

Arnór verður ekki löglegur fyrr en þann 15. júlí og getur því ekki spilað stórleikinn gegn toppliði IFK Göteborg á mánudag.

Forráðamenn Helsingborg eru ánægðir með nýja liðsstyrkinn.

„Arnór er með mikla reynslu miðað við ungan mann. Hann var skólaður til hjá Heerenveen og hefur spilað fjölda landsleikja og líka A-landsleiki,“ sagði íþróttastjórinn Jesper Jansson. **- hbg**




**ARNÓR SMÁRASON** Kominn á nýjar slóðir. NORDICPHOTOS/GETTY

---

**ÍA 1-2 Þór**
**Norðurálsv.**
Áhorf.: x.xxx
**Örvar Sær Gíslason (6)**

**Mörkin:** 0-1 Chukwudi Chijindu (61.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson, víti (90+3), 1-2 Hlynur Atli Magnússon (90.+5).

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 6, Einar Logi Einarsson 4, Kári Ársælsson 4, Andri Geir Alexandersson 5, Joakim Wrele 5 - Arnar Már Guðjónsson 6, Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Jón Vilhelm Ákason 6 - Dean Edward Martin 4 (65., Garðar Bergmann Gunnlaugsson 5), Andri Adolphsson 4, Eggert Kári Karlsson 5

**ÞÓR (4-4-2):** Srdjan Rajkovic 6 - Guiseppe P Funicello 6, Andri Hjörvar Albertsson 6, Hlynur Atli Magnússon 7, Ingi Freyr Hilmarsson 7 - ***Mark Tubæk 8**, Ármann Pétur Ævarsson 6, Orri Freyr Hjaltalín 6, Jóhann Helgi Hannesson 7 (84., Sigurður Marinó Kristjánsson -) - Sveinn Elías Jónsson 5, (17., Edin Beslija 5) Chukwudi Chijindu 7.

**Skot (á mark):** 7-5 (6-4) **Horn**: 3-2

**Varin skot:** Páll Gísli 2 - Rajkovic 5.

**Víkingur Ó. 0-0 Fylkir**
**Ólafsvíkurv.**
Áhorf: 535
**Magnús Þórisson (7)**

**VÍKINGUR Ó (4-5-1): *Einar Hjörleifsson 8** - Alfreð Már Hjaltalín 5, Damir Muminovic 6, Emir Dokora 6, Tomas Luba 5, - Guðmundur Magnússon 7 (Brynjar Kristmundsson -), Farid Zato 7, Björn Pálsson 6, Eldar Masic 5, Steinar Már Ragnarsson 5 (Fannar Hilmarsson -), - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 5 (Eyþór Birgisson 6)

**FYLKIR (4-4-2):** Bjarni Þórður Halldórsson 5, - Andri Þór Jónsson 5, Kristján Hauksson 5, Sverrir Garðarsson 4, Tómas Þorsteinsson 6, - Andrés Már Jóhannesson 5 (Krisján Páll Jónsson-), Davíð Þór Ásbjörnsson 5 (Oddur Ingi Guðmundsson 4), Finnur Ólafsson 6 (Egill Trausti Ómarsson -), Ásgeir Örn Arnþórsson 4, - Tryggvi Guðmundsson 5, Viðar Örn Kjartansson 6,

**Skot (á mark):** 7-11 (4-8) **Horn**: 5-2

**Varin skot:** Einar 8 - Bjarni Þórður 4.

**FH 2-1 Fram**
**Kaplakrikav.**
Áhorf: 1.412
**Garðar Örn Hinriksson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Sjálfsmark Halldórs Arnarssonar (23.), 1-1 Almarr Ormarsson (69.), 2-1 Atli Guðnason (81.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 7, Pétur Viðarsson 6, Freyr Bjarnason 6, Samuel Tillen 7 – Dominic Furness 5 (65. Albert Brynjar Ingason 5), Björn Daníel Sverrisson 7, Emil Pálsson 4 – ***Atli Guðnason 7**, Ólafur Páll Snorrason 6 (77. Ingimundur Níels Óskarsson), Kristján Gauti Emilsson 6 (77. Einar Karl Ingvarsson).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 – Alan Lowing 6, Halldór Arnarsson 4 (60. Jón Gunnar Eysteinsson 5), Ólafur Örn Bjarnason 6, Jordan Halsman 7 – Viktor Bjarki Arnarsson 6, Samuel Hewson 6, Steven Lennon 5 – Almarr Ormarsson 7, Haukur Baldvinsson 4, Hólmbert Aron Friðjónsson 6 (77. Kristinn Ingi Halldórsson).

**Skot (á mark):** 11-7 (5-4) **Horn**: 6-5

**Varin skot:** Róbert 3 - Ögmundur 3.

### PEPSI DEILDIN 2013

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 9 | 8 | 1 | 0 | 23-9 | 25 |
| FH | 10 | 7 | 2 | 1 | 20-9 | 23 |
| Stjarnan | 9 | 6 | 2 | 1 | 13-7 | 20 |
| Breiðablik | 9 | 5 | 2 | 2 | 15-9 | 17 |
| Valur | 9 | 4 | 4 | 1 | 18-10 | 16 |
| ÍBV | 9 | 4 | 3 | 2 | 11-7 | 15 |
| Þór | 10 | 4 | 1 | 5 | 16-23 | 13 |
| Fram | 10 | 3 | 3 | 4 | 12-12 | 12 |
| Keflavík | 9 | 2 | 1 | 6 | 11-19 | 7 |
| Víkingur Ó. | 10 | 1 | 2 | 7 | 6-17 | 5 |
| Fylkir | 10 | 0 | 3 | 7 | 9-19 | 3 |
| ÍA | 10 | 1 | 0 | 9 | 10-23 | 3 |

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

---

# Á metið hjá þremur félögum

Gunnleifur Gunnleifsson jafnaði á sunnudagskvöldið félagsmet Breiðabliks yfir að halda marki sínu lengst hreinu í efstu deild. Hann á þar með þetta met hjá þremur félögum; HK, KR og Breiðabliki.

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson var ekki lengi að komast í metabækurnar hjá Breiðabliki því frá og með sunnudagskvöldinu er hann sá markvörður félagsins sem hefur haldið markinu lengst hreinu í efstu deild í nútímafótbolta, eða síðan deildin innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977.

Gunnleifur þarf reyndar að deila efsta sætinu með Guðmundi Ásgeirssyni sem varði mark félagsins á árunum 1980 til 1983. Breiðabliksliðið var búið að halda hreinu í þremur leikjum í röð og alls í 295 mínútur þegar kom að leiknum á móti Fram.

Það stefndi allt í að Gunnleifur næði ekki metinu. Hann þurfti hvað eftir annað að taka á honum stóra sínum í fyrri hálfleiknum og þegar hann var loks sigraður skráði starfsmaður Fram markið á vitlausa mínútu, 35. mínútu í stað 36. mínútu. Það hefði þýtt að Gunnleifur væri aðeins einni mínútu frá því að jafna mark Guðmundar Ásgeirssonar frá 1980. Dómarar leiksins fóru hins vegar yfir skýrsluna, færðu mark Jordan Halsman yfir á 36. mínútu og Gunnleifur eignaðist metið.

Gunnleifur eignaðist fyrsta félagsmetið sitt sumarið 1998. Hann var þá varamarkvörður Kristjáns Finnbogasonar en fékk óvænt tækifærið á miðju tímabili. Gunnleifur nýtti það heldur betur því hann hélt hreinu í fyrstu sjö leikjum sínum í efstu deild og var ekki sigraður fyrr en eftir 636 mínútur. Gunnleifur tryggði sér þar með metið hjá KR og á það enn. Kristján Finnbogason komst næst því þegar hann hélt KR-markinu hreinu í 592 mínútur frá 1999-2000.

Annað félagsmetið eignaðist Gunnleifur þegar hann varði mark HK sumarið 2007. Hann á þá aftur fína byrjun og fékk ekki á sig fyrsta markið fyrr en eftir 184 mínútur. Gunnleifur hafði hjálpað HK-liðinu að fara úr C-deild og upp í efstu deild og varði mark HK-liðsins bæði árin í úrvalsdeildinni.

Gunnleifur er á fyrsta ári með Breiðabliki en hann varði mark FH á árunum 2010-2012. Hann hélt þar lengst hreinu í 304 mínútur sumarið 2012 en náði ekki að ógna félagsmeti Daða Lárussonar sem hélt FH-markinu hreinu í 582 mínútur sumarið 2009.

ooj@frettabladid.is



**SAFNAR METUM** Gunnleifur Gunnleifsson hélt marki Blika hreinu í 331 mínútu og hefur einnig haldið markinu í meira en 300 mínútur hjá KR og FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FÉLAGSMETIN HANS GUNNLEIFS GUNNLEIFSSONAR

**KR - sumarið 1998**
636 mínútur

**Frá:**
Fyrsta leik hans í efstu deild.
***Hélt hreinu í 7 leikjum***
Valur - KR 0-3 (20. júlí)
KR - Fram 2-0 (30. júlí)
Grindavík - KR 0-4 (9. ágúst)
KR - Leiftur 1-0 (15. ágúst)
ÍR - KR 0-1 (23. ágúst)
Þróttur - KR 0-3 (1. september)
KR - ÍA 2-0 (12. september)

**Til:**
Keflvíkingurinn Róbert Sigurðsson skoraði hjá honum á 6. mínútu 1-0 sigri Keflavíkur á KR 20. september.

**HK - sumarið 2007**
184 mínútur

**Frá:**
Byrjun tímabilsins
***Hélt hreinu í 2 leikjum***
Víkingur R. - HK 0-0 (13. maí)
HK-ÍA 1-0 (21. maí)

**Til:**
FH-ingurinn Matthías Guðmundsson skoraði hjá honum á 4. mínútu í 4-0 sigri FH á HK 24. maí.

**Breiðablik sumarið 2013**
331 mínúta

**Frá:**
KR-ingurinn Atli Sigurjónsson skoraði hjá honum á 65. mínútu í 1-1 jafntefli KR og Breiðabliks 27. maí.
***Hélt hreinu í 3 leikjum***
Breiðablik - Víkingur Ó. 2-0 (10. júní)
Fylkir - Breiðablik 0-1 (16. júní)
Breiðablik - Valur 1-0 (24. júní)

**Til:**
Framarinn Jordan Halsman skoraði hjá honum á 36. mínútu í 1-1 jafntefli Fram og Breiðabliks 30. júní.

# Gætið orðið einstakt Evrópukvöld

Íslensk félagslið hafa aldrei unnið þrjá Evrópusigra á sama degi. Breiðablik, KR og ÍBV eiga öll heimaleik.

**FÓTBOLTI** Þrjú íslensk félagslið verða í eldlínunni í Evrópudeild UEFA í kvöld og öll eiga þau heimaleik. KR, Breiðablik og ÍBV mæta öll liðum þar sem sigur er nauðsynlegur ætli liðin sér að komast áfram í aðra umferð.

Takist liðunum að vinna þessa þrjá leiki í kvöld gera þau 4. júlí að einstökum degi í sögu íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum. Tveir sigrar myndu einnig þýða að tæplega 23 ára bið væri á enda eftir tveimur heimasigrum í Evrópukeppni á sama degi, eða síðan KA og Fram fögnuðu bæði sigrum 19. september 1990.

Breiðablik mætir FC Santa Coloma frá Andorra, sem endaði í öðru sæti í sinni deild á síðasta tímabili. Santa Coloma er sjöunda árið í röð í Evrópukeppni en hefur ekki unnið Evrópuleik síðan 2007 og er búið að tapa öllum sex útileikjum sínum á þessum tíma með markatölunni 5-19.




KR mætir Glentoran FC frá Norður-Írlandi, sem endaði í 4. sæti í sinni deild á síðasta tímabili en komst í Evrópudeildina þegar liðið tryggði sér bikarmeistaratitilinn. Bæði liðin unnu því bikarinn á síðasta tímabili.

ÍBV mætir HB Tórshavn frá Færeyjum, sem varð í 3. sæti í færeysku úrvalsdeildinni á síðasta leiktíð. HB er eins og er með sjö stiga forskot í deildinni heima fyrir. Með liðinu leika meðal annars Símun Samuelsen (Keflavík), Fróði Benjaminsen (Fram) og Christian Mouritsen (Valur), sem allir hafa spilað í íslensku úrvalsdeildinni. Eyjamenn hafa unnið heimaleiki sína í Evrópukeppninni undanfarin tvö ár en féllu í bæði skiptin naumlega úr keppni.

Leikir KR (KR-völlur) og Breiðabliks (Kópavogsvöllur) hefjast klukkan 19.15 en leikur ÍBV (Hásteinsvöllur) verður ekki flautaður á fyrr en 19.30. **- óój**


pepsi deildin
HART BARIST Í PEPSI-DEILDINNI
HÖRKULEIKIR FRAMUNDAN Á STÖÐ 2 SPORT
Línur eru nokkuð farnar að skýrast í Pepsi-deildinni og hart barist á öllum vígstöðvum. Þó er nóg eftir, fjöldi stiga í pottinum og margar hörkuviðureignir framundan. Mörk, tæklingar og óvænt úrslit – allt í leiftrandi háskerpu!
2 OZ
Sjónvarp framtíðarinnar
FRÁBÆR FORMÚLA!
Framundan er mikið fjör í Formúlunni. Í júlí verður keppt í Þýskalandi og Ungverjalandi og verður spenna allt til loka síðasta hrings.
Formula 1
BORGUNAR-BIKARINN
Framundan eru spennandi leikir í 8-liða og undanúrslitum Borgunarbikarsins. Hverjir skyldu komast áfram í undanúrslitin? Hverjir fara alla leið? Fylgstu með á Stöð 2 Sport.
BAYERN BARCELONA
Þó að um vináttuleik sé að ræða, þá verður ekkert gefið eftir þegar Barcelona og Evrópumeistarar Bayern München mætast í München. Skylduáhorf fyrir áhugafólk um flottan fótbolta.
PEPSI-DEILD KVENNA
Það verða flottir leikir á næstunni í Pepsi-deild kvenna. Við sýnum leiki úr toppbaráttunni þar sem ekkert verður gefið eftir enda mikið í húfi.
PEPSI-MÖRKIN
Sérfræðingarnir fara yfir alla leikina í Pepsi-deildinni, skoða vafaatriðin, dást að tilþrifunum og segja það sem þeim finnst, oft umbúðalaust.
SUMARMÓTIN
Flottir krakkar sýna snilldartilþrif í stórskemmtilegum þáttum um fótboltaiðkun æskunnar.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
2 SPORT HD

# Komin út úr skugganum

Sveinbjörg Zophoníasdóttir er nýjasta stjarnan í íslenskum frjálsum íþróttum en þessi 21 árs gamla sjöþrautarkona fylgdi eftir Norðurlandameistaratitli hjá 22 ára og yngri í byrjun júní með því að ná þriðja sæti í Evrópubikarkeppninni í fjölþrautum um síðustu helgi.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** 5.479 stig í sjöþraut og 1,78 metra stökk í hástökki. Hún Sveinbjörg Zophoníasdóttir sá ekki eftir því að hafa fórnað Humarhátíðinni á Höfn fyrir Evrópubikarkeppnina í fjölþrautum sem fram fór á Madeira um síðustu helgi. Sveinbjörg setti persónuleg met í bæði sjöþraut og hástökki á mótinu og setti um leið punktinn við glæsilegan júnímánuð. Þessi 21 árs gamla Hornafjarðarmær er svo sannarlega komin út úr skugganum og nú verður fróðlegt að sjá hvernig hún fylgir þessu eftir.

„Ég er mjög ánægð. Oft líða tvö ár á milli þess að maður bætir sig í þrautinni. Það er miklu meira en að segja það að fara í gegnum sjö greinar. Þú þarft að halda haus og ná stöðugleika. Það tekur sinn tíma að læra inn á það,“ segir Sveinbjörg.

### Fín tímasetning

Sveinbjörg hefur ekki verið mjög áberandi í fjölmiðlum til þessa á sínum ferli en kippti sér ekki mikið upp við það. „Ég hef ekki verið að velta því mikið fyrir mér hvort að ég sé í fjölmiðlum eða ekki. Ég reyni bara að einbeita mér að því sem ég er að gera og svo veit ég að ég uppsker eins og ég sái. Ég hef fengið að vera unglingur og fengið að leika mér. Ef ég gerði mistök þá lærði ég af þeim. Auðvitað var maður sár þegar hlutirnir gengu ekki upp en þá þurfti maður ekki líka að vinna úr utanaðkomandi pressu. Mér finnst þetta fín tímasetning á því að komast út úr skugganum, vera orðin 21 árs gömul. Mér finnst ég vera orðin andlega sterkari og ráða kannski betur við það,“ segir Sveinbjörg.

### Hástökkið gefur mörg stig

Sveinbjörg stökk 1,78 metra í hástökkinu um síðustu helgi og fékk fyrir það 953 stig sem var það langhæsta hjá henni í þrautinni.

„Ég hafði ekki bætt mig í hástökki síðan ég var 17 ára gömul en er orðin 21 árs í dag. Ég var búin að bíða lengi eftir þessum árangri en vissi að ég ætti þetta inni. Það var bara spurning hvenær þetta myndi klikka saman. Þessi grein gefur rosalega mörg stig í þrautinni þannig að það er mikilvægt að hafa hana góða. Ég mun ekkert slaka á í hástökkinu. Ég hef gaman af stökkgreinunum og hef það kannski líka í mér,“ segir Sveinbjörg sem er einnig mjög öflugur langstökkvari. Hún fékk 822 stig fyrr langstökkið um síðustu helgi en hefur náð því að stökkva yfir sex metra.



**KLÁR FYRIR SVIÐSLJÓSIÐ** Sveinbjörg Zophoníasdóttir stóð sig frábærlega á Madeira, um síðustu helgi en aðeins ein íslensk sjöþrautarkona hefur náð í fleiri stig í sjöþraut en þessi 21 árs gamli Hornfirðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Móðir hennar, Guðrún Ingólfsdóttir, var mjög öflugur kastari og á enn tvö Íslandsmet. „Hún á enn þá Íslandsmetið í kringlukasti og í kúluvarpi innanhúss. Hún var í köstunum en ég er í öllum greinunum. Hún var aðeins öðruvísi frjálsíþróttakona en ég. Ég hef samt pottþétt fengið eitthvað af hennar genum því ég er svo sem ágæt í köstum líka. Hún var með góðan sprengikraft og góð í mörgum öðrum greinum. Hún lagði bara áherslu á köstin. Það er annars mikil frjálsíþróttamenning í báðum ættunum mínum,“ segir Sveinbjörg en stuðningurinn frá mömmu kemur sér vel.

### Í símasambandi við mömmu

„Við mamma ræðum mikið saman um íþróttirnar og hún er minn andlegi sterki félagi í þessu. Ég er í fullu símasambandi við hana á hverju einasta móti sem ég fer á og þegar allt gengur ekki alveg upp þá er gott að geta leitað til hennar. Það er líka ótrúlega gaman að heyra í henni þegar það gengur vel,“ segir Sveinbjörg. En á hún möguleika í Íslandsmet mömmu sinnar?

„Í fyrra var ég að kasta lengra en þegar mamma var sjálf tvítug. Þetta stefnir alveg í það að ég nái henni. Ég er náttúrulega bara 21 árs og á tíu ár eftir í þessu,“ segir Sveinbjörg.

Guðrún móðir hennar kastaði kringlunni 53,86 metra þann 7. maí 1982 og kúlunni 15,64 metra innnanhúss 31. mars sama ár. Sveinbjörg kastaði kúlunni 12,38 metra um síðustu helgi.

„Ég er stökkvari í mér og hef mest gaman af því. Það er líka viss sjarmi yfir hlaupa- og kastgreinunum og þetta er best í bland. Ég ætla að reyna að einbeita mér að kastgreinunum núna. Þar þarf ég að komast aðeins meira í gírinn. Ég hef verið svolítið að staðna í þeim greinum en annars er þetta mest allt á uppleið hjá mér þannig að ég get ekki kvartað,“ segir Sveinbjörg jákvæð enda sátt með stöðu mála í dag.

> **Við ræðum mikið saman um íþróttirnar og hún er minn andlegi sterki félagi í þessu.**
>
> *Sveinbjörg Zophoníasdóttir um móður sína Guðrúnu Ingólfsdóttur*

### Heppin að vera frá Hornafirði

Sveinbjörg er flutt í bæinn og komin á fullt í Háskólanum. „Ég er á öðru ári í Háskólanum í uppeldis- og menntunarfræði og heimspeki. Það er nóg að gera í því líka. Ég tók samt þá ákvörðun þetta sumarið að einbeita mér bara að íþróttinni. Ég hef verið rosalega heppin því ég er frá Hornafirði og hef fengið styrktaraðila þaðan sem hafa staðið rosalega vel við bakið á mér. Ég tók þá ákvörðun að taka þetta af alvöru sem hefur síðan augljóslega skilað sér,“ segir Sveinbjörg sem valdi það að ganga til liðs við FH.

„Ég hugsaði þetta aðallega út frá því að mér finnst þjálfarateymið gott hjá FH. Þegar maður er í sjöþraut þá þarf maður að velja þetta út frá því að maður sé með sem bestu þjálfara í sem flestum greinum. Það er fullt af flottu fólki í ÍR og fullt af flottu fólki í Breiðabliki. Það er gaman að fara í FH, halda þessu aðeins spennandi og sópa ekki öllum saman í sama liðið,“ segir Sveinbjörg í léttum tón.

„Næstu skref hjá mér er bara að komast á stórmót. Ætli markmiðið sé ekki að reyna að halda mér inni í Ólympíuhópnum fyrir Ríó 2016,“ segir Sveinbjörg og bætir við:

„Þetta er allt að smella saman núna. Auðvitað er ég búin að vera að bíða lengi eftir þessu. Kannski má segja að ég sé búin að bíða eftir því síðan ég var sautján ára að ná svona góðum árangri, komast svolítið í sviðsljósið og vera sýnileg,“ segir Sveinbjörg að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Preece farinn

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn David Preece leikur ekki fleiri leiki með Keflavík í Pepsi-deildinni í sumar. Leikmaðurinn tók þátt í öllum níu leikjum Keflavíkur á tímabilinu en það var alltaf ljóst að Preece léki bara tímabundið suður með sjó.



**ÓMAR JÓHANNSSON**

Ómar Jóhannsson, aðalmarkvörður Keflavíkur, hefur ekki enn náð sér af meiðslum og það gæti því komið í hlut Bergsteins Magnússonar að standa á milli stanganna í næsta leik liðsins þann 14. júlí gegn Breiðablik. Bergsteinn er aðeins 19 ára gamall og væri því að hefja sinn feril í meistaraflokki. Kristján Guðmundsson tók við Keflavík á dögunum eftir að Zoran Daníel Ljubicic var rekinn. - sáp

# Það er enginn stærri en félagið

Þróttarar horfa fram á veginn með nýjum þjálfara. Stjórnin hefur fengið jákvæð viðbrögð frá Þrótturum

**FÓTBOLTI** Páll Einarsson var á dögunum rekinn sem þjálfari 1. deildarliðs Þróttar. Liðið situr í fallsæti eftir átta umferðir.

Í kjölfar brottvikningarinnar sagði meistaraflokksráðið af sér og liðsstjórnin hætti. Meistaraflokksráðið kvartaði yfir því að hafa ekki verið með í ráðum. Einn leikmaður félagsins er einnig hættur og annar ku vera að íhuga að hætta.

„Það er engin tilviljun að ekki var haft samráð við meistaraflokksráð um þessar breytingar. Það er engin hefð fyrir því að ráðið komi að ráðningum eða brottrekstri. Þetta eru því sömu vinnubrögð og hafa alltaf verið iðkuð innan Þróttar,“ segir Jón Kaldal, formaður knattspyrnudeildar Þróttar.

„Að sjálfsögðu viljum við hafa góða leikmenn í Þrótti en við viljum líka bara hafa menn í Þrótti sem vilja spila fyrir félagið af fullum hug.“

Jón segir ekkert óeðlilegt við það að þegar skipt sé um þjálfara verði ákveðnar breytingar.

„Það kemur maður í manns stað. Stjórnin hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fjölmörgum Þrótturum vegna þessara breytinga. Á sama tíma ber þetta fólk tilfinningar til Páls og finnst erfitt að sjá að baki honum. Fjölmargir Þróttarar gerðu sér grein fyrir því að það var kominn tími til að bregðast við mjög þungu gengi liðsins og litlum batamerkjum í síðustu leikjum,“ segir Jón og hafnar því að það sé einhver upplausn hjá félaginu.

„Margir Þróttarar taka þann pól í hæðina að Þróttur eigi skilið að njóta stuðningsins. Ekki þjálfari og ekki stjórn. Félagið er númer eitt, tvö og þrjú. Það er enginn stærri en félagið.“ - hbg



**PÁLL EINARSSON** Var rekinn sem þjálfari Þróttar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nú geta allir krakkar leikið sér með Cintamani í sumar!
CINTAMANI KRAKKAR
Útileikjabók Cintamani er komin í verslanir okkar!
CINTAMANI
frítt eintak
VIÐ KYNNUM SPENNANDI SUMARDAGSKRÁ OG RÍÐUM Á VAÐIÐ MEÐ SIPPUKEPPNI Í VERSLUN OKKAR Í BANKASTRÆTI Í DAG
4. JÚLÍ KL. 13:00 - Sippukeppni í Bankastræti 7
11. JÚLÍ KL. 13:00 - Strandblak í Nauthólsvík
18. JÚLÍ KL. 15:00 - Gengið á Esjuna með Cintamani
26. JÚLÍ KL.13:00 - Skólahreysti við Austurhraun 3
8. ÁGÚST KL.16:00 - Boltakeppni í Kringlunni
15. ÁGÚST KL.16:00 - Brenniboltakeppni á Klambratúni
Cintamani bíllinn verður á ferðinni í allt sumar og gefur hressum krökkum Cintamani bolta og fleiri glaðninga
KIA
SKÓLAHREYSTI
Fylgist nánar með dagskránni á facebook síðu okkar og á heimasíðu Cintamani
WWW.CINTAMANI.IS

# Minkurinn magnaður skaðvaldur

Birgir Hauksson hefur fengist við minkaveiðar í áratugi. Hann er með afbragðs minkahund sem hann notar við veiðarnar. Tyson er sjö ára, Terrier-blanda og hefur líf ótal minka á samviskunni.

Hann hefur líf mörg hundruð minka á samviskunni. Það hefur aldrei verið haldið utan um það,“ segir Birgir Hauksson veiðimaður með meiru.

Birgir er að tala um hundinn sinn hann Tyson, einhvern besta minkaveiðihund sem sögur fara af. Hann verður sjö ára á árinu og er Terríer-blanda, mest Fox Terrier. „Hann er afkomandi hunda sem voru haldnir á vegum veiðistjóraembættisins meðan það var til. Við erum tveir félagarnir, ég og Jón Pétursson, sem erum nú með sex svona hunda sem við höldum í minkahúsi veiðistjóra, sem við höfum á leigu. Við lánum þá út þegar svo ber undir.“

Birgir býr í Reykjavík en heldur mikið til í Skorradal við veiðar og víða um Borgarfjörð. Birgir er alhliða veiðimaður. Hefur farið talsvert út til að stunda skotveiðar; veitt birni, villigelti og dádýr. „Ég gerði þetta meðan krónan var skapleg,“ segir Birgir. Og hann hefur fengist við minka- og refaveiðar í áratugi. Byrjaði reyndar að fást við þetta sem gutti. Hann segir minkinn miklu meiri skaðvald en flestir geri sér grein fyrir. Bæði í fugli og fiski. Í bæli sem hann vann nýverið voru til dæmis níu níveiddir stokkandarungar ásamt heilum haug af laxaseiðum og reyndar flundru líka. Birgir segir að það væri glæsilegt ef minkurinn gæti haldið sig við flundruna en það er ekki svo gott.

### Hægt að halda þessu í skefjum

„Löng reynsla segir mér það að mink er auðveldlega hægt að halda niðri ef það er unnið skipulega að því og öll sveitarfélög gerðu það sem þau eiga að gera í þessum málum.“ En, þar er misbrestur á. Meðan Skorrdælingar hafa staðið sig með miklum sóma þá hefur Borgarbyggð sett kvóta á minkaveiðimenn. Fyrirkomulag sem Birgir fær engan botn í. Hann nefnir sem dæmi að bakkalengd Grímsár og Tunguár í Lundarreykjadalshreppi hinum forna; sé vel á annað hundrað kílómetrar. Þar má veiða sextán minka og eins gott að sleppa þessu eins og standa í slíku. „Þeim datt þetta í hug eftir hrunið. En, þetta er náttúrulega bara vitleysa,“ segir Birgir. Minkurinn fer um allt. Flæðir yfir. Einkum karldýr að vori og yfir sumarið. Þá fara þau um allt hálendið og eru þá til dæmis í eggjum og ungum og bara öllu sem þau komast í. Svo þegar vetrar færir hann sig nær sjó.

> **Einn svona læðuminkur, ef hann fer í veiðitúr, tekur tíu laxaseiði á augabragði. Það er bráðnauðsynlegt að þetta kvikindi sé veitt.**
>
> *Birgir Hauksson veiðimaður*

### Skaðræðisskepna og úti um allt

„Minknum verður aldrei útrýmt hér. Það er á hreinu. En, ef það væri áhugi hjá sveitarfélögum og/eða ráðamönnum að halda þessu niðri, þá væri það ekkert mál. Þetta myndi kosta einhverja peninga fyrstu árin. Það þyrfti að ráða menn sem kunna til verka og nenntu þessu. Það tæki um fjögur til fimm ár að ná þessu niður í næstum ekki neitt. Svo yrðu þetta bara einhver eftirlitsstörf þaðan í frá. Og þyrfti ekki að kosta mikið,“ segir Birgir.

Hann ítrekar að minkurinn sé algjör skaðvaldur en menn séu margir hverjir algerlega blindir gagnvart því. Þó ekki stangveiðimenn sem bregður mörgum hverjum við þegar þeir sjá kvikindin synda yfir bestu veiðistaðina að morgni til.

„Þeir sem eru í veiðifélögum sem stunda klak með ærnum tilkostnaði eru ekki kátir þegar minkurinn veður í þetta þegar þessu er sleppt í ána á sumrin. Einn svona læðuminkur, ef hann fer í veiðitúr, tekur tíu laxaseiði á augabragði. Það er bráðnauðsynlegt að þetta kvikindi sé veitt og þá alls staðar. Síðustu tvö árin hef ég verið að veiða hér í Skorradalnum. Í fyrra náði ég í um 120 minka og þar áður 135 minka. Núna, þetta árið, eru ekki komnir nema fimmtíu minkar.“

### Tyson – afbragð annarra hunda

Minkaveiðimenn beita ýmsum aðferðum við að ná í minkinn. Gildrur eru mikið notaðar á vorin þegar ætið er minna. Svo eru þeir skotnir með haglabyssum og skammbyssum í návígi. Og oft drepa hundarnir þá einfaldlega. „Þeir eru magnaðir þessir hundar en misjafnir, þótt þeir eigi kyn til. Eru jafnvel úr sama gotinu og geta þeir verið misgóðir. Þessi ræfill, hann Tyson, var hræddur við vatn fyrstu ár ævi sinnar. Sem er ekki gott fyrir minkahund. En, hann vann sér það til lífs að hann er öruggasti minkahundur sem ég hef vitað. Frábærlega gott á honum nefið. Hann finnur lykt af þeim í gegnum heilu árbakkana, og er rólegur og yfirvegaður við þetta. Sumir hundar fara á taugum, tryllast og hlaupa þá í hringi og horfa upp í loftið. Þetta er atvinnuhundur. Algjör minkaforingi.“



**DREPIÐ MARGAN MINKINN** Tyson með mink í kjaftinum. Tyson er einhver besti minkahundur sem sögur fara af.

### Minkur getur farið illa með hund

Þessi tegund – minkahundarnir hans Birgis – verður um tíu ára gömul. Birgir segir enga ættbók til um hundana. Sumir minkahundar geta reynst grimmir og stórhættulegir. En, Tyson er bara grimmur við minkinn. „Þessi er svo góður að dætur mínar kássast með hann, klappa honum og svona. Það er einn kosturinn sem ég sé við hann. Geðgóður og rólegur. Svo hefur hann engan áhuga á fuglum. Galli getur verið við minkahunda að þeir eiga til að hlaupa á eftir fuglum eins og vitleysingar.“

Birgir segir að viðureign hunds við mink geti verið mismunandi. Ef um hvolpa eða læður er að ræða tekur það hundana ekki langan tíma að drepa þá. En hinir stærri, fressminkarnir, geti reynst erfiðari. Þeir geti hæglega rifið trýnið af hundunum. „Það eru alveg dæmi um að hundar hafi farið illa út úr bardaga við mink, þeir ná að rífa úr þeim auga eða eitthvað,“ segir Birgir.

jakob@365.is



**ALHLIÐA VEIÐIMAÐUR** Birgir Hauksson með ref sem hann náði.






**SELÁ** Náttúrufegurðin efst í Selá í Álftafirði er einstök. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Hrun við Selá

Nærri engin leyfi eru seld í Selá í Álftafirði í sumar.

„Þetta hefur ekki verið svona síðan þessi á fór í sölu,“ segir Haukur Elísson, landeigandi við Selá í Álftafirði, þar sem veiðileyfasala er nánast engin.

Nánast er hægt að telja á fingrum annarrar handa þá daga sem eru seldir Selá í sumar. Haukur segir einn veiðimann hafa ætlað að reyna fyrir sér opnunardaginn 1. júlí. Hann hafi ekki haft aðrar spurnir af veiðimanninum en að bíll hans hafi bilað og hann haldið í Breiðdalsá.

Haukur segir að í fyrra hafi aðeins veiðst 45 laxar í Selá, auk nokkurra sjóbirtinga. Árið 2011 veiddust um eitt hundrað laxar í Selá og 150 laxar þar á undan.

Í fyrra var vel selt í Selá en vatnsleysi háði veiðimönnum. „Áin er búin að vera í góðu lagi það sem af er,“ svarar Haukur um vatnsstöðuna nú. Hann hafi sjálfur ekki skoðað hvort fiskur sé kominn í ána. Yfirleitt sé lítið um að vera fyrstu dagana.

Aðspurður kveður Haukur óvíst að verðlagið fæli veiðimenn frá. Dagsleyfi í Selá kostar frá 12.700 til 29.900 krónur. „Þetta er ódýrt miðað við flest annað sem stendur til boða og inni í þessu fylgir hús. En vafalaust myndi seljast betur ef verðið væri lægra. Og sjálfsagt selst eittvað ef það fer að veiðast.“

- gar


Sony Center
www.sonycenter.is
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
SALE
Sýnishorn og síðustu eintök á allt að 80% afslætti!
25% afsláttur af öllum heyrnartólum frá Sony
5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM
SONY make.believe
59.990.- SPARAÐU 30.000.-
GLÆSILEGT HEIMABÍÓKERFI BLU-RAY
BDVEF420
• 400W / 2 hátalarar og bassi
• Full HD Blu Ray spilari innbyggður
• Innbyggður netvafri
Tilboð 59.990.- Verð áður 89.990.-
99.990.- SPARAÐU 20.000.-
ÖRÞUNNT OG FLOTT
32" LED MOTIONFLOW KDL32R423
• HD Ready 1366 x 768 punktar
• 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
• Multimedia HD link fyrir snjallsíma
Tilboð 99.990.- Verð áður 119.990.-
139.990.- SPARAÐU 40.000.-
FRÁBÆRT VERÐ
42" LED MOTIONFLOW KDL42EX443
• Full HD 1920 x1080 punktar
• 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
• Frábær myndgæði í glæsilegu tæki
Tilboð 139.990.- Verð áður 179.990.-
Takmarkað magn! 79.990.- SPARAÐU 30.000.-
FLOTT VAIO Á FRÁBÆRU VERÐI
VAIO SVE1511B1EB 15,5"
• Intel Pentium örgjörvi
• 15,5" Flat LED skjár
• 4GB innra minni, 500GB diskur
Tilboð 79.990.- Verð áður 109.990.-
Taska og 16GB kort í kaupbæti að verðmæti 19.900.-
ATVINNUMANNAGÆÐI Í VASASTÆRÐ
NEX-5RKB
• 16.1 pixla APS Exmor HD flaga
• Full HD video með Auto Focus
• 18-55mm linsa, taska og 16GB kort
Tilboð 119.000.- Aukahlutir að verðmæti 19.990.-
39.990.- SPARAÐU 15.000.-
KRISTALTÆR FULL HD UPPTÖKUVÉL
NEX-5R
• Exmor R 1/5.8" CMOS baklýst flaga
• Upptaka 1920x1080 punktar
• Carl Zeiss linsa
Tilboð 39.990.- Verð áður 54.990.-
55-210mm linsa í kaupbæti á SLT-A57, A65 og A77 að verðmæti 59.900.-
MÖGNUÐ MEISTARAVERK
SLT-A57 MEÐ 18-55MM LINSU OG AUKALINSU
Tilboð 119.990.- Aukahlutir að verðmæti 59.990.-
SLT-A65 MEÐ 18-55MM LINSU OG AUKALINSU
Tilboð 159.990.- Aukahlutir að verðmæti 59.990.-
SLT-A77 MEÐ 18-55MM LINSU OG AUKALINSU
Tilboð 199.990.- Aukahlutir að verðmæti 59.990.-
SLT-A77 MEÐ 15-50MM LINSU OG AUKALINSU
Tilboð 259.990.- Aukahlutir að verðmæti 59.990.-
SLT-A99 MEÐ HÁGÆÐA FLASSI OG BATTERYGRIP
Tilboð 499.990.- Aukahlutir að verðmæti 185.990.-
29.990.- SPARAÐU 10.000.-
KRAFTMIKIL IPOD/IPHONE DOKKA
RDPX30IP
• Frábær hljómgæði 2 x 10W
• Tónjafnari; Rock, Pop, Vocal, Flat
• Fjarstýring fylgir
Tilboð 29.990.- Verð áður 39.990.-
29.990.- SPARAÐU 5.000.-
FLOTT IPOD/IPHONE/CD DOKKA
CMTV10IPW
• Frábær hljómgæði
• Útvarp með 30 stöðva minni
• Geislaspilari og USB tengi
Tilboð 29.990.- Verð áður 34.990.-
39.990.- SPARAÐU 15.000.-
HÁGÆÐA IPOD/IPHONE/CD DOKKA
CMTV50IPR
• Frábær hljómgæði 2 x 20W
• Útvarp með 30 stöðva minni
• Geislaspilari og USB tengi
Tilboð 39.990.- Verð áður 54.990.-
4.990.- SPARAÐU 3.000.-
DÚNDRANDI HÁGÆÐA BASSI
CMTV50IPR
• Frábær hljómgæði 30mm hátalarar
• Hægt að leggja saman
• 1.2m langur kapall
Tilboð 4.990.- Verð áður 7.990.-
Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700
Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645
12 mánaða vaxtalaus lán*
*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.00
**Grillað með Jóa Fel**



Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir þar sem Jói Fel sýnir okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í sumarskap eins og honum einum er lagið. Að þessu sinni býður Jói upp á grillaðan svínahnakka og súmó-parmesanborgara með öllu tilheyrandi.



**Breaking Bad**

**STÖÐ 2 KL. 21.10** Pátturinn fjallar um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.

TV.COM 9,0 IMDb 9,4



**Criminal Minds**

**RÚV KL. 22.20** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

TV.COM 8,8 IMDb 6,3



**Everybody Loves Raymond**

**SKJÁR 1 KL. 19.30** Í þessum sívinsælu gamanþátttum er fylgst með lífi Ray Barone og furðulegu fjölskyldunnar hans.

TV.COM 8,6 IMDb 7,0

### X-ið kl 17.30 til 20.00
**Frosti**

Útvarpsmaðurinn Frosti Logason fylgir þér heim eftir daginn.




SVEFNSÓFAR



SUPREME Deluxe

BREYTIST Í RÚM Á AUGABRAGÐI
EXTRA ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA
SVEFNBREIDD 140X200 CM
RÚMFATAGEYMSLA



TILBOÐ KR. 149.900

UPEND





KR. 179.900

BREYTIST Í RÚM Á AUGABRAGÐI - ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA - SVEFNBREIDD 140X190 CM

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(16:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(24:175)*
**10.20 Human Target** *(3:13)*
**11.05 Masterchef** *(5:13)*
**11.50 Man vs. Wild** *(10:15)*
**12.35 Nágrannar**
**14.00 I Could Never Be Your Woman**
**15.35 Ofurmennið**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)*
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(10:23)* Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti.
**19.35 Modern Family** Fjórða þáttaröðin af þessum sívinsælu gamanþáttum.
**20.00 Grillað með Jóa Fel** *(6:6)* Jói Fel sýnir okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í sumarskap eins og honum einum er lagið.
**20.25 Revolution** *(15:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**21.10 Breaking Bad** *(3:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**21.55 Vice** *(7:10)*
**22.25 Grimm** *(13:22)*
**23.10 Harry's Law** *(6:22)*
**23.55 Rizzoli & Isles**
**00.40 The Killing** *(4:12)*
**01.25 Mad Men** *(12:13)*
**02.10 Burn Notice** *(14:18)*
**02.55 I Could Never Be Your Woman**
**04.30 Man vs. Wild** *(10:15)*
**05.15 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(6:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(23:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(10:22)*
**20.10 The O.C.** *(4:27)*
**21.00 Game Tíví**
**21.25 Pretty Little Liars** *(9:25)*
**22.10 Pretty Little Liars** *(10:25)*
**22.55 Brickleberry** *(10:10)*
**23.15 The O.C.** *(4:27)*
**00.00 Game Tíví**
**00.25 Pretty Little Liars** *(9:25)*
**01.10 Pretty Little Liars** *(10:25)*
**01.50 Brickleberry** *(10:10)*
**02.15 Myndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Auðlindakistan
**21.30** Siggi Stormur

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin 2013**
**08.15 Pepsi mörkin 2013**
**16.55 FH - Fram**
**18.45 Pepsi mörkin 2013**
**20.00 Sumarmótin 2013**
**20.45 Udinese - Liverpool**
**22.25 Duel of Giants** Útsending frá stjörnuleik Lionel Messi og félaga hans.
**00.05 NBA** Þáttur frá NBA um Bill Russell.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Duel of Giants** Útsending frá stjörnuleik Lionel Messi og félaga hans
**17.45 Norwich - Man. City**
**19.30 Premier League World 2012/13**
**20.00 Real Madrid - Man. City - 18.09.12**
**20.30 Man. City - Aston Villa**
**22.10 Real Madrid - Man. City - 18.09.12**
**22.40 Leikmaðurinn: Gunnlaugur Guðmundsson** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin
**23.15 Man. City - Chelsea**

## krakkar

**07.00** Lalli Vinirnir **07.05** Lalli Vinirnir **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.55** Lína langsokkur **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Doddi litli og Eyrnastór **10.50** Histeria! **11.10** Latibær (**1:18**) **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.25** Strumparnir **14.05** Lína langsokkur **14.30** Áfram Diego, áfram! **14.55** Doddi litli og Eyrnastór **15.05** Histeria! **15.25** Latibær (**1:18**) **15.50** Lalli **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Litlu Tommi og Jenni **16.30** Svampur Sveinsson **16.50** Dóra könnuður **17.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.40** Strumparnir **18.25** Lína langsokkur **18.50** Áfram Diego, áfram! **19.15** Histeria! **19.35** Latibær (**1:18**)

## GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður** *(5:8)*
**21.25 Curb Your Enthusiasm** *(1:10)*
**22.00 The Drew Carey Show** *(18:22)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar**
**23.20 Fóstbræður** *(5:8)*
**23.50 Curb Your Enthusiasm** *(1:10)*
**00.25 The Drew Carey Show** *(18:22)*
**00.50 Myndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.40 Make It Happen**
**14.10 Skógardýrið Húgó**
**15.25 Four Last Songs**
**17.15 Make It Happen**
**18.45 Skógardýrið Húgó**
**20.05 Four Last Songs**
**22.00 The Change-up**
**23.50 The Lincoln Lawyer**
**01.45 Saving God**
**03.25 The Change-up**

## RÚV

**16.25 Ástareldur**
**17.15 Úmísúmí** *(14:20)*
**17.38 Hrúturinn Hreinn** *(4:20)*
**17.45 Dýraspítalinn** *(8:10)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Marteinn** *(1:8)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Áhöfnin á Húna** *(2:9)* Húni II siglir í kringum landið í júlí og Áhöfnin rokkar í hverri höfn.
**20.00 Volcano sirkushátíð** Við sjóndeildarhringinn rís sirkúsþorp. Í tíu daga breytist Vatnsmýrin í stefnumót sirkúslistahópa.
**20.20 Tony Robinson í Ástralíu** *(3:6) (Tony Robinson Down Under)*
**21.15 Neyðarvaktin** *(24:24) (Chicago Fire)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(14:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II) (e)*
**00.00 Þrenna** (5:8)*(Trekant)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.00 360°**
**18.30 Skólahreysti**
**19.30 Strákarnir okkar**
**18.00 360°**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(45:48)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(3:25)*
**08.00 Cheers** *(11:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**14.25 The Voice** *(1:13)*
**16.45 Once Upon A Time** *(1:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Psych** *(8:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(46:48)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(4:25)*
**19.55 Cheers** *(12:22)*
**20.20 How to Be a Gentleman** *(8:9)*
**20.45 The Office** *(13:24)*
**21.10 Royal Pains** *(9:16)*
**22.00 Flashpoint** *(3:18)*
**22.50 Dexter** *(11:12)*
**23.40 Common Law** *(8:12)*
**00.25 Excused**
**00.50 The Firm** *(17:22)*
**01.40 Royal Pains** *(9:16)*
**02.25 Flashpoint** *(3:18)*
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.50** AT&T National **2013** *(4:4)* **11.50** Golfing World **12.40** AT&T National *(2013) (4:4)* **17.40** PGA Tour - Highlights *(25:45)* **18.35** Inside the PGA Tour *(26:47)* **19.00** The Greenbrier Classic *(2013) (1:4)* **22.00** The Open Championship Official Film *(1993)* **22.55** The Open Championship Official Film *(1992)* **23.50** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

heimkaup.is

# HEIMAGOS!

Blandaðu uppáhaldsdrykkinn þinn heima hjá þér




KYNNINGARVERÐ
**1.645**

**Sodastream bragðefni, prufupakki**
Prufupakki með 12 mismunandi bragðtegundum.



20% afsl.

KYNNINGARVERÐ
**18.320**

**Sodastream Genesis svart/hvítt**
Breyttu vatni í gos eða sódavatn á örfáum sekúndum með þessu frábæra tæki.



KYNNINGARVERÐ
**22.050**

**Sodastream Fizz**
Sódavatnstæki með skjá sem sýnir gasmagn og eftirstöðvar hylkis. Kemur í fjórum spennandi litum.

## Brot af vöruúrvali okkar

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| tle Giraffe | 4.490 Erik Bagger skál | 4.990 Sigma Sport hraðamælir | 1.500 Bimbi stafrófsspjald | 4.990 Weber grillsett | Við sendum FRÍTT til þín í kvöld! | 3.590 Lottie English Cou |
| dlitskrem (50 ml) | Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi | 2.295 Moses Hightower – Búum til börn | 3.680 Lime Piz Buin Wet Skin sprey | 1.950 Sagaform Pop kaffikrús | 4.990 Under Armour Victory hlýrabolur | 970 Aspen glös 3 sam |

## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

PIPAR\TBWA • SÍA • 131987

heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land

HEIMKAUP

## SUMARFRÍIÐ



**„Ég tók góðan letimánuð í apríl eftir að ég kom heim frá Bandaríkjunum eftir 6 mánaða dvöl sem verður eiginlega að teljast sem „vorfrí“ bara og ég er ansi hræddur um að það hafi verið það næsta sem ég kemst fríi á næstunni.“**

Ásgeir Orri Ásgeirsson, lagasmiður og upptökustjóri hjá Stop Wait Go

# Ný Hamborgarabúlla opnuð í London

Róbert Aron Magnússon er annar eigenda Tommy's Burger Joint sem verður opnuð í London í lok mánaðarins.

„Stemningin er svolítið öðruvísi hér en hún er heima enda er kúnnahópurinn annar. Hingað kemur fólk til að fara út að borða á kvöldin og kemur kannski með flotta rauðvínsflösku með sér,“ segir Róbert Aron Magnússon. Hann opnar nýja „Búllu“ í London í lok mánaðarins ásamt Valgarð Sörensen. Staðurinn kallast sem fyrr Tommy‘s Burger Joint og verður til húsa við Thayer Street í Marylebone-hverfinu.

Hamborgarabúllan opnaði fyrst í London um mitt sumar í fyrra en lokaði aftur í apríl því ekki fékkst gerður langtímasamningur við leigusala. „Þetta var svokallaður „pop-up“-staður og leigusamningurinn rann út í apríl. Leigusalinn var þó svo ánægður með okkur að hann bauð okkur nýtt húsnæði til langtímaleigu,“ útskýrir Róbert, eða Robbi Chronic eins og hann er gjarnan nefndur.

Búlluborgararnir hafa fallið í kramið hjá Bretum og gaf blaðið Evening Standard staðnum fimm stjörnur, sem er fátítt að sögn Robba. „Viðtökurnar á fyrri staðnum voru alveg frábærar, það var meira og minna fullt hjá okkur alla daga og öll kvöld. Við fengum mikið af pöntunum út úr húsi og afgreiddum eitt sinn pöntun upp á nítíu borgara.“

Eigandi Hamborgarabúllunnar, Tómas Tómasson, verður viðstaddur þegar útibúið í London opnar en að sögn Robba mun hann ekki taka til hendinni í eldhúsinu. „Hann verður að sjálfsögðu viðstaddur. Hann verður þó ekki í eldhúsinu heldur ætlar að skemmta gestunum.“ - sm



**OPNAR NÝJA BÚLLU** Róbert Aron Magnússon og Valgarð Sörensen opna nýja Hamborgarabúllu í London í lok mánaðarins.









# Fékk hugmyndina í fæðingarorlofinu

Stefanía Ósk Arnardóttir hefur opnað vefsíðuna Instaprent.is. Á síðunni er hægt að láta prenta sínar eigin Instagram-myndir á púða, segla eða límmiða.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var í fæðingarorlofi og kunni mér ekki hóf í myndatökum af frumburðinum. Þá stútfylltist síminn minn af myndum sem ég ætlaði alltaf að láta prenta út en ég náði aldrei að koma í verk,“ segir Stefanía Ósk Arnardóttir, sem stofnað hefur fyrirtækið Instaprent. Fyrirtækið býður upp á þann möguleika að prenta út myndir af samfélagsforritinu Instagram á púða, segla eða límmiða.

➜ Hægt er að prenta uppáhalds Instagram-myndirnar á ýmsar vörur.

„Mig var farið að skorta veggpláss á veggina heima og fór því að velta fyrir mér öðrum leiðum til þess að koma myndunum mínum fyrir. Mér fannst leiðinlegt að margar frábærar myndir sem mér þótti vænt um væru aðeins til í símanum eða á netinu,“ segir Stefanía. Hún segir pöntunarferlið vera einfalt. „Þú velur þér vöru inn á Instaprent.is, skráir þig á Instagram og hannar vöruna með þínum eigin myndum. Nokkrum dögum síðar færðu púðana, seglana eða límmiðana svo senda í pósti.“

Stefanía segir viðtökurnar komið sér mjög skemmtilega á óvart. „Instaprent hefur fengið mikla athygli og góðan stuðning. Það virðist vera spenningur fyrir þessari hugmynd enda eiga margir fallegar og skemmtilegar myndir á Instagram.“ Spurð að því hvort heimilið sé því ekki orðið drekkhlaðið af myndum svarar Stefanía því játandi. „Ég þarf samt bráðum að fara að gæta þess að kaffæra ekki heimilið.“ kristjana@frettabladid.is



**FANN EKKERT PLÁSS FYRIR MYNDIRNAR** Stefanía Ósk Arnardóttir fékk hugmyndina að Instaprent.is þegar hún var í fæðingarorlofi. Þá var hana farið að skorta pláss fyrir allar myndirnar af frumburðinum, Degi Dreka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kvikmyndin XL sýnd í Tékklandi

María Birta Bjarnadóttir er stödd í Tékklandi ásamt aðstandendum íslensku kvikmyndarinnar XL. Myndin tekur þátt í alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary.

„Við erum mjög glöð með viðtökurnar. Það var fullur salur á frumsýningunni, 1.200 manns, sem var frábært,“ segir leikkonan María Birta Bjarnadóttir sem er stödd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í Tékklandi. Kvikmynd Marteins Þórssonar, XL, var valin í aðalkeppni hátíðarinnar en María Birta fer með aðalhlutverk í myndinni ásamt Ólafi Darra Ólafssyni. Kvikmyndin var sýnd á þriðjudagskvöld og segir María Birta að undirbúningurinn hafi ekki verið mikill. „Við þurftum að kíkja í smá fyrirpartí þar sem ég fór í viðtal og nokkrar myndatökur. Svo vorum við sótt, þar sem búið var að ákveða hver færi í hvaða bíl. Þaðan keyrðum við svo á rauða dregilinn.“ María Birta klæddist svörtum kjól á rauða dreglinum en skipti yfir í sumarlegan kjól frá Alexander McQueen fyrir viðtölin og myndatökurnar. Karlovy Vary-kvikmyndahátíðin er ein sú elsta í heimi og er ein af fjórtán kvikmyndahátíðum sem teljast til hátíða í A-flokki. Árið 2007 hlaut íslenska kvikmyndin Mýrin aðalverðlaun hátíðarinnar. - ka

➜ Leikstjórinn og framleiðandinn Oliver Stone hlýtur heiðursverðlaun hátíðarinnar í ár.



**FRÍTT FÖRUNEYTI** María Birta Bjarnadóttir, Marteinn Þórsson leikstjóri og Ólafur Darri Ólafsson stilltu sér upp fyrir ljósmyndara hátíðarinnar á þriðjudaginn. MYND/AFP

# ÚTSÖLUMARKAÐUR HÁTÆKNI

Sjónvörp, heimabíó, hljómflutningstæki, farsímar, ísskápar, eldavélar, tölvur, tölvuaukahlutir, brauðristar, kaffivélar, aukahlutir fyrir farsíma, talstöðvar, útvarpsvekjaraklukkur, fartölvutöskur, tölvuleikir, leikjatölvur og margt fleira.

**ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR!**




Nýbýlavegi 6 – Opnunartími mánudaga–föstudaga 12–19, laugardaga 12–17

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132035

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýr fjölmiðill í flóruna

**Björk Eiðsdóttir**, fyrrverandi ritstýra Séð og heyrt, og Elín Arnardóttir, fyrrverandi ritstýra Vikunnar, eru komnar með skrifstofuaðstöðu í Turninum. Heimildir herma að þær stöllur séu að setja á laggirnar nýtt tímarit sem mun vera í anda Séð og heyrt. Líklegt þykir að fleiri fjölmiðlakonur eigi eftir að bætast við ritstjórn blaðsins og hefur nafn Kolbrúnar Pálínu Helgadóttur verið nefnt í því samhengi, en hún er fyrrverandi ritstjóri Nýs Lífs og ritstýrði einnig Lífinu á Fréttablaðinu þar til fyrir skömmu.
**- hó**



### 20 ára aldursmunur á meðlimum Ylju

Hljómsveitin Ylja og Snorri Helgason verða með tónleika í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði næsta sunnudagskvöld. Meðlimir hljómsveitarinnar Ylju, sem vakið hefur mikla athygli undanfarið, eru þau Bjartey Sveinsdóttir, **Guðný Gígja Skjaldardóttir, Smári Tarfur Jósepsson,** Valgarð Hrafnsson og Maggi Magg, sem er nýjasta viðbótin við hljómsveitina. Vert að nefna að tuttugu ára aldursmunur er á elsta og yngsta hljómsveitarmeðlim Ylju, þar sem Valgarð er fæddur árið 1996 en Smári árið 1976.
**- ósk**



## Mest lesið VÍSIR

1. Ég dáist að ríkisstjórninni
2. Ryan Gosling kom til Íslands í morgun
3. Blekktu Kauphöllina til að forðast „alvarlegar spurningar“
4. Fjórir ákærðir fyrir lán til Birkis Kristinssonar
5. Flugvél bólivíska forsetans snúið af leið vegna Snowdens





ÚTSALA!

40% afsláttur af öllum vörum







